

Frumvarp til efnalaga.

(Lagt fyrir Alþingi á 141. löggjafarþingi 2012–2013.)

I. KAFLI

Markmið, gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er annars vegar að tryggja að meðferð á efnum og efnablöndum valdi hvorki tjóni á heilsu manna og dýra né á umhverfi og hins vegar að tryggja frjálst flæði á efnum og efnablöndum á markaði. Þá er það markmið laga þessara að koma í veg fyrir ólöglega markaðssetningu.

2. gr.

Gildissvið.

Lög þessi gilda um framleiðslu, markaðssetningu, útflutning, umflutning, efnaskráningu, leyfisveitingar, merkingar, notkun, takmörkun og bann við notkun, svo og um aðra meðferð efna og efnablandna, sem og hluti sem innihalda efni hér á landi, í lofthelgi og í mengunar-lögsögunni. Lög þessi gilda enn fremur um örverur, aðrar lífverur eða hluta þeirra ef þær eru ætlaðar til sértækra nota samkvæmt lögum þessum. Þá taka lög þessi til þeirra efna sem falla undir lög þessi og eru notuð í lækningatækjum, sbr. lög um lækningatæki.

Lög þessi taka ekki til lyfja, sbr. lyfjalög, matvæla, sbr. lög um matvæli, tóbaks, sbr. lög um tóbaksvarnir, vímuefna, sbr. lög um ávana- og fikniefni, né til geislavirkra efna, sbr. lög um geislavarnir.

3. gr.

Skilgreiningar.

Í lögum þessum er merking eftirtalinna orða og hugtaka sem hér segir:

- Ahættumat*: Mat á eiturhrifum, annarri skaðsemi og virkni efna samkvæmt viðurkenndum aðferðum.
- Birgir*: Framleiðandi, innflytjandi, eftirnotandi eða dreifandi með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu sem setur efni á markað, hvort sem það er hreint, í efnablöndu eða í hlutum.
- Dreifandi*: Einstaklingur eða lögaðili með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu, þ.m.t. smásali, sem einungis geymir og setur á markað efni, hreint eða í efnablöndu.
- Efnablanda*: Blanda eða lausn tveggja eða fleiri efna í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi.
- Efnastofnun Evrópu*: Efnastofnun Evrópu í Helsinki sem sett var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og tak-

- markanir á efnun (REACH), stofnun Efnastofnunar Evrópu, breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB.
6. *Efni*: Frumefni og sambönd þeirra, bæði náttúruleg og manngerð, þ.m.t. aukefni sem eru nauðsynleg til að viðhalda stöðugleika efnisins, og óhreinindi sem verða til í vinnslu, en þó ekki leysiefni sem skilja má frá án þess að það hafi áhrif á stöðugleika efnisins eða breyti samsetningu þess.
 7. *Eftirlit*: Athugun á vöru, þjónustu, ferli eða starfsemi til að ákvarða samræmi við tilteknar kröfur.
 8. *Eftirnotandi*: Einstaklingur eða lögaðili með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu, annar en framleiðandi eða innflytjandi, sem notar efni, hreint eða í efnablöndu, í iðnaði eða við faglega starfsemi. Dreifandi eða neytandi er ekki eftirnotandi í þessum skilningi. Sá sem flytur aftur inn efni sem flutt var út af Evrópska efnahagssvæðinu en var áður skráð hjá Efnastofnun Evrópu telst vera eftirnotandi.
 9. *Eiturefni*: Efni eða efnablanda sem í litlu magni veldur dauða, bráðum eða langvarandi skaða á heilsu við innöndun, inntöku eða í snertingu við húð og flokkast sem slík í reglugerð, sbr. 10. gr.
 10. *Eiturhrif*: Skaðleg verkun efna á menn, dýr eða annað í lífríkinu.
 11. *Erfðaefni*: Gen, genahópur eða litningar.
 12. *Flúoraðar gróðurhúsalofttegundir*: Vetnisflúorkolefni (HFC), perflúorkolefni (PFC) og brennisteinshexaflúoríð (SF_6).
 13. *Framleiðandi*: Einstaklingur eða lögaðili með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu sem framleiðir efni innan svæðisins.
 14. *Framleiðsla*: Vinnsla og tilbúningur efna og efnablöndu, þar á meðal vigtun, blöndun, áfylling, þynning og þökkun í söluhæf ílát og umbúðir, þ.m.t. umpökkun og umhelling.
 15. *Hlutur*: Gripur sem fær í framleiðsluferlinu sérstaka lögum, áferð eða útlit, sem ræður meira um hlutverk hans en efnafræðileg samsetning hans.
 16. *Hættulegt efni*: Efni eða efnablanda sem getur valdið dauða, bráðum eða langvarandi skaða á heilsu við innöndun, inntöku eða í snertingu við húð, er eldnærandi, eld- eða sprengifimt eða getur valdið tjóni á umhverfi og flokkast sem slíkt í reglugerð, sbr. 10 gr. Eiturefni teljast til hættulegra efna í skilningi laga þessara.
 17. *Innflutningur*: Flutningur efnis, efnablöndu eða efna í hlutum inn á Evrópska efnahagssvæðið frá ríkjum utan svæðisins.
 18. *Innflytjandi*: Einstaklingur eða lögaðili með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu sem er ábyrgur fyrir innflutningi inn á svæðið.
 19. *Markaðsleyfi*: Leyfi sem veitt er vöru eða hreinu efni á grundvelli áhættumats.
 20. *Markaðssetning*: Það að sjá þriðja aðila fyrir vöru sem fellur undir lög þessi eða bjóða hana fram, hvort heldur er gegn greiðslu eða án endurgjalds. Innflutningur er markaðssetning.
 21. *Meðferð*: Hvers konar meðhöndlun svo sem notkun, framleiðsla, flutningur, geymsla og förgun.
 22. *Mengun*: Þegar örverur, efni og efnasambönd og eðlisfræðilegir þættir valda óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til ólyktar, hávaða, titrings, geislunar og varmaflæðis og ýmissa óæskilegra eðlisfræðilegra þátta.

23. *Mengunarlögsaga*: Hafsvæðið sem nær yfir innsævi að meðtalinni strönd að efstu flóðmörkum á stórstraumsflóði, landhelgi og efnahagslögsögu, landgrunn Íslands og efstu jarðlög, sbr. lög um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.
24. *Náttúruverndarsvæði*:
- Búsvæði lífvera, vistgerðir og vistkerfi sem eru friðlýst samkvæmt lögum um náttúruvernd.
 - Friðlýst svæði samkvæmt lögum um náttúruvernd, þ.e. þjóðgarðar, friðlönd, fólkvangar og náttúruvætti.
 - Afmörkuð svæði á landi og sjó sem njóta verndar samkvæmt sérstökum lögum vegna náttúru eða landslags.
 - Náttúrumínjar á náttúruverndaráætlun sem hefur verið samþykkt á Alþingi samkvæmt lögum um náttúruvernd.
 - Landsvæði í verndarflokki verndar- og orkunýtingaráætlunar samkvæmt lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun.
25. *Notendaleyfi*: Leyfi sem veitir nafngreindum einstaklingi heimild til að kaupa og nota í atvinnuskyni tiltekin varnarefni í landbúnaði og garðyrkju, svo og til eyðingar meindýra.
26. *Ósoneyðandi efni*: Efni sem eyða ósonlaginu.
27. *Plöntuvarnarefni*: Efni eða efnablanda sem inniheldur eitt eða fleiri virk efni eða örverur, aðrar lífverur eða hluta þeirra, sem notað er til þess að hefta vöxt, varna sýkingum eða skemmdum í gróðri að völdum hvers kyns lífvera eða til þess að stýra vexti planta, svo sem plöntulyf, illgresiseyðar og stýriefni.
28. *Rekstraraðili*: Einstaklingur eða lögaðili sem ber ábyrgð á stjórn tæknilegrar virkni þess búnaðar sem lög þessi taka til.
29. *Sérheiti*: Heiti á efna- eða efnablöndu sem er leyfð til sértækra nota og tilgreindur framleiðandi hefur fengið skráða.
30. *Sértæk not*: Notkun efna, efnablöndu eða örvera sem krefst sérstakrar kunnáttu eða markast af tilgreindu notkunarviði eða notkunarviðum, svo sem notkun varnarefna.
31. *Skiptiregla*: Þegar efnum er skipt út fyrir efni eða aðferðir sem hafa í för með sér minni hættu fyrir heilsu eða umhverfi.
32. *Snyrtivara*: Efni eða efnablanda sem er ætluð til notkunar á mannlíkamann eða dýr, svo sem á húð, hár, neglur, varir, kynfæri, tennur eða slímhúð í munni og er einkum ætlað að hreinsa, breyta útliti, veita ilm, bæta líkamspref eða vernda og halda líkamshlutum í góðu ástandi.
33. *Stökkbreyting*: Varanleg arfgeng breyting á erfðaeefni.
34. *Sæfiefni*: Efni, efnablanda eða lífvera sem er ætlað að eyða skaðlegum lífverum, bægja þeim frá, gera þær skaðlausar, koma í veg fyrir áhrif þeirra eða halda þeim með öðrum hætti í skefjum með efna- eða líffræðilegum aðferðum. Sæfiefnum er skipt í fjóra aðalflokka, þ.e. sóttþreinsandi efni, rotvarnarefni, útrýmingarefni og önnur sæfiefni.
35. *Umflutningur*: Flutningur efna eða efnablöndu innan lands undir tolleftrilíti frá aðkomufari um borð í útflutningsfar, enda sé upphaflegur ákvörðunarstaður vörunnar annar en Ísland.
36. *Umhverfi*: Samheiti fyrir menn, dýr, plöntur og annað í lífríkinu, jarðveg, jarðmyndanir, vatn, loft, veðurfar og landslag, samfélag, heilbrigði, menningu og menningarmínjar, atvinnu og efnisleg verðmæti.

37. *Útflutningur*: Flutningur efnis, efnablöndu eða efna í hlutum til ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins.
38. *Varnarefni*: Samheiti fyrir sæfiefni og plöntuvarnarefni.
39. *Virkt efni*: Efni eða örvera, svo sem veira eða sveppur, sem hefur almenna eða sérhæfða verkun á lífverur, svo sem á gróður, dýr eða örverur.
40. *Þjónustuaðili*: Einstaklingur eða lögaðili sem þjónustar þann búnað sem lög þessi taka til.
41. *Öryggisblöð*: Upplýsingablöð um eiginleika efna eða efnablandna ásamt upplýsingum um meðhöndlun og meðferð þeirra.
42. *Öryggismat*: Mat á hættueiginleikum efnis í framleiðslu og við þá notkun sem efnið er ætlað til, að teknu tilliti til eðlilegrar varúðar við framleiðslu og notkun.
43. *Öryggisskýrsla*: Skýrsla þar sem niðurstöður öryggismats eru teknar saman.

II. KAFLI

Verkaskipting stjórnvalda.

4. gr.

Yfirstjórn og ábyrgð.

Ráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum.

5. gr.

Hlutverk Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun hefur umsjón með framkvæmd laga þessara, er ráðherra til ráðgjafar og fer með eftirlit eftir því sem kveðið er á um í lögum þessum. Í þessu skyni skal Umhverfisstofnun m.a.:

1. upplýsa almenning um hættu tengda notkun á efnum og efnablöndum þegar þörf er á til verndar heilsu eða umhverfi,
2. hafa eftirlit með efnum og efnablöndum þannig að framkvæmd þess sé með samræmdum hætti á landinu öllu,
3. taka við, varðveita og viðhalda upplýsingum um framleiðendur, innflytjendur, dreifendur og eftirnotendur, þau efni og efnablöndur sem þeir markaðssetja, útgefin markaðsleyfi og notendaleyfi,
4. hafa fræðslu- og samræmingarhlutverk við eftirlit með ákvæðum reglugerða sem settar eru samkvæmt lögum þessum, vinna að samræmingu krafna sem gerðar eru til eftirlitsins og gefa út leiðbeiningar og viðmiðunarreglur um framkvæmd þess,
5. útbúa eftirlitsáætlun fyrir eftirlit með efnum og efnablöndum sem gildir fyrir landið allt og gæta sérstaklega að hagkvæmni í eftirliti og fyrirbyggja tvíverknað og skörun eftir því sem frekast er unnt,
6. hafa eftirlit með framleiðslu og markaðssetningu efna, efnablandna og hluta sem falla undir lög þessi,
7. útbúa áætlun um notkun varnarefna,
8. hafa eftirlit með banni og takmörkunum á efnum, efnablöndum og efnum í hlutum, og með vörum sem þurfa markaðsleyfi, í samræmi við eftirlitsáætlun,
9. starfrækja rafrænt þjónustuborð til að veita framleiðendum, innflytjendum, birgjum, eftirnotendum og öðrum upplýsingar og ráðgjöf um skyldur sínar samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim,

10. hafa samstarf við tollyfirvöld um framkvæmd eftirlits við innflutning og markaðssetningu samkvæmt lögum þessum,
11. gefa út markaðsleyfi á varnarefnum og staðfesta markaðsleyfi efnis sem Efnastofnun Evrópu veitir,
12. veita notendaleyfi til meindýraeyðingar og til notkunar í landbúnaði og garðyrkju og birta upplýsingar um leyfishafa á vefsetri stofnunarinnar,
13. taka við tilkynningum um markaðssetningu eiturefna og tiltekinna varnarefna og hafa eftirlit með sölu þeirra og birta upplýsingar um tilkynningar á vefsetri stofnunarinnar,
14. taka á móti innflutningseyðublöðum frá tollstjóra sem fyllt eru út við tollafgreiðslu á tilteknum efnum og efnablöndum,
15. hafa eftirlit með flokkun, merkingum og umbúðum efna, efnablandna og hluta sem innihalda efni, sem markaðssett eru hér á landi, og falla undir lög þessi,
16. fylgjast með tilkynningum sem berast í gegnum RAPEX-tilkynningakerfi framkvæmdastjórnar ESB um hættulegar vörur á markaði sem heyra undir lög þessi, og bregðast við ef ólögleg vara finnst á markaði,
17. upplýsa heilbrigðisnefndir sveitarfélaga, Vinnueftirlit ríkisins, tollstjóra, Neytendastofu, slökkvilið og önnur stjórnvöld um þá þætti sem falla undir lög þessi og hlutaðeigandi stjórnvöld hafa þörf á til að sinna hlutverki sínu samkvæmt lögnum.

6. gr.

Hlutverk heilbrigðisnefnda sveitarfélaga.

Hlutverk heilbrigðisnefnda sveitarfélaga er að:

1. upplýsa almenning um hættu tengda notkun á efnum og efnablöndum þegar þörf er á til verndar heilsu eða umhverfi,
2. hafa eftirlit með meðferð, notkun og merkingum efna í starfsleyfis skyldri starfsemi sem heyrir undir þau starfsleyfi sem nefndin gefur út á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir,
3. taka að sér verkefni samkvæmt eftirlitsáætlun, sbr. 51. gr., í umboði Umhverfisstofnunar samkvæmt samningi þar um. Umhverfisstofnun ber kostnað af störfum heilbrigðisfulltrúa í þessu tilviki. Umhverfisstofnun er heimilt að fela heilbrigðisnefnd umsjón með aðgerðum á kostnað stofnunarinnar,
4. upplýsa Umhverfisstofnun um þá þætti sem falla undir lög þessi og nefndin verður vör við í sambandi við eftirlit sitt samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Upplýsingum skal skilað á þeim tíma og á þann hátt sem Umhverfisstofnun ákveður.

7. gr.

Hlutverk Vinnueftirlits ríkisins.

Hlutverk Vinnueftirlits ríkisins er að:

1. gefa út eiturefnaleyfi til notkunar á eiturefnum við framkvæmd vinnu í samræmi við lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum,
2. hafa eftirlit með notkun og meðferð eiturefna og hættulegra efna á vinnustöðum í samræmi við lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum,
3. hafa eftirlit með búnaði við beitingu varnarefna, sbr. 36. gr.,
4. upplýsa Umhverfisstofnun um framkvæmd og niðurstöður eftirlits samkvæmt ákvæðum laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

8. gr.

Hlutverk tollstjóra.

Hlutverk tollstjóra er að:

1. veita Umhverfisstofnun upplýsingar um innflutning efna, efnablandna og vara sem falla undir lög þessi sé þess óskað,
2. stöðva innflutning á tilteknum eiturefnum og tilteknum varnarefnum sem Umhverfisstofnun hefur ekki veitt innflutningsleyfi fyrir eða hafa ekki markaðsleyfi, sbr. 26. og 34. gr.

9. gr.

Hlutverk Neytendastofu.

Hlutverk Neytendastofu er að:

1. hafa eftirlit með auglýsingum og öðrum svipuðum viðskiptaaðferðum, sbr. 2. og 4. mgr. 32. gr.,
2. taka við ábendingum frá Umhverfisstofnun um brot gegn 1. og 3. mgr. 32. gr.,
3. upplýsa Umhverfisstofnun um þá þætti sem teljast brot gegn ákvæðum laga þessara og Neytendastofa verður vör við í sambandi við almennt markaðseftirlit.

III. KAFLI

Reglugerðir.

10. gr.

Reglugerðarheimild.

Ráðherra skal, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar, setja í reglugerðir nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þ.m.t. um:

1. Skráningu, mat, leyfisveitingar og takmarkanir að því er varðar efni og efnablöndur, þ.m.t.:
 - a. frekari ákvæði um fyrirkomulag skráningar, tilkynningar, mat á efnum, skyldu til gerðar og endurmats öryggisskýrslu og öryggismats, og prófanir sem skal framkvæma í tengslum við skráningu, sbr. 21. gr.,
 - b. ákvæði sem eru nauðsynleg vegna aðildar Íslands að Efnastofnun Evrópu, þ.m.t. um skráningu, markaðsleyfi og gjaldtöku, sbr. 22. gr.,
 - c. takmarkanir skv. 1. mgr. 25. gr. í samræmi við kröfur á Evrópska efnahagssvæðinu,
 - d. hvaða efni flokkist sem sérlega varasöm og skuli háð markaðsleyfi, um leyfisumsókn, inntak leyfis, veitingu þess og staðfestingu Umhverfisstofnunar, sbr. 26. gr.,
 - e. skyldu til gerðar og endurmats öryggisblaða og um undanþágur þar frá, um inntak þeirra og um skyldur birgja og eftirnotenda að öðru leyti, sbr. 29. gr.
2. Flokkun og merkingu, sbr. 30., 31. og 37. gr., þ.m.t. um:
 - a. flokkun eiturefna í undirflokka, þ.e. flokkun efna og efnablandna með flokkunina „bráð eiturhrif“ í tiltekna undirflokka,
 - b. flokkun hættulegra efna, þ.e. flokkun efna og efnablanda sem flokkast sem hættuleg,
 - c. hættuflokkun efna og efnablandna og mat til grundvallar hættuflokkun, sbr. 30. gr.,
 - d. hvaða nauðsynlegra gagna framleiðandi, innflytjandi og eftirnotandi skulu afla í samræmi við prófunaraðferðir, sbr. 30. gr.,
 - e. merkingar, m.a. hvað varðar hættuflokkun, um tungumál merkinga, stærð og gerð umbúða og upplýsingar á merkimiða, sbr. 31. gr.,

- f. merkingar, auglýsingar og umbúðir varnarefna, sbr. 37. gr.,
 - g. tilkynningar, sbr. 30. gr.
3. Varnarefni, þ.m.t. um:
- a. innihald og gerð áætlunar um notkun varnarefna, sbr. 33. gr.,
 - b. skilyrði fyrir skráningu efnanna, notkun og bann við notkun þeirra, auk ákvæða um umsókn, veitingu, endurskoðun og afturköllun markaðsleyfis, sbr. 34. gr.,
 - c. gagnkvæma viðurkenningu á markaðsleyfi, skráningu og markaðsleyfi hættuminni varnarefna og ákvæði um ramma fyrir varnarefni, sbr. 34. gr.,
 - d. veitingu leyfis til samhliða innflutnings, sbr. 35. gr., m.a. um viðmið og kröfur til umsókna um samhliða innflutning,
 - e. efni sem er heimilt að nota í varnarefnum, hvort sem um er að ræða virk efni, hjálparefni, samverkandi efni eða eiturdeyfa,
 - f. efni sem er bannað að nota í varnarefni,
 - g. eftirlit og öryggiskröfur vegna búnaðar sem er notaður við beitingu varnarefna, sbr. 36. gr.,
 - h. bann og takmörkun á notkun varnarefna á einstökum landsvæðum, sbr. 38. gr.
4. Skyldur framleiðanda, innflytjanda eða dreifanda efna um að verða sér úti um upplýsingar um efna- og eðlisfræðilega eiginleika efnis ásamt upplýsingum um virkni þess, sbr. 13. gr.
5. Efnalista og prófunaraðferðir, þar sem heimilt er að vísa til erlendar frumútgáfu efnalista og staðla sem teknir hafa verið upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og eru birtir á ensku í EES-viðbæti.
6. Tilvísun í staðla og kröfu til að fara eftir þeim.
7. Snyrtivörur, sbr. 39. gr., þ.m.t. um:
- a. kröfur til ábyrgðaraðila og dreifenda,
 - b. upplýsingaskrá um snyrtivöru sem er sett á markað,
 - c. að tiltekin efni megi ekki nota í snyrtivörur eða verði aðeins leyfð með skilyrðum.
 - d. umbúðir, merkingar og viðvaranir á umbúðum,
 - e. fullyrðingar um eiginleika og virkni,
 - f. gerð tilkynningar um fyrstu markaðssetningu á Evrópska efnahagssvæðinu,
 - g. framkvæmd öryggismats,
 - h. gerð öryggisskýrslu,
 - i. innihald upplýsingaskrár,
 - j. bann við tilraunum á dýrum,
 - k. prófunaraðferðir.
8. Ósoneyðandi efni, sbr. 24. gr., m.a. um:
- a. skilyrði um tímabundna undanþágur frá banni við framleiðslu, markaðssetningu, útflutning og notkun ósoneyðandi efna, sem og búnaðar og hluta sem innihalda ósoneyðandi efni,
 - b. hvaða skilyrðum tímabundin undanþága skv. a-lið skuli háð, svo sem varðandi búnað, merkingar og viðhald hans, neyðarnotkun efna, óhjákvæmilega notkun efna, sóttvarnir, meðhöndlun efna, endurnýtingu efna, viðskipti með og notkun endurunninna efna og förgun efna,
 - c. skilyrði um að markaðssetning og notkun ósoneyðandi efna skuli háð því að önnur efni geti ekki komið í staðinn af tæknilegum eða efnahagslegum ástæðum.

9. Undanþágur frá banni við framleiðslu og markaðssetningu og skilyrði undanþágu, svo og um búnað, merkingar, neyðarnotkun, innflutning á endurunnum efnum og förgun.
10. Flúoraðar gróðurhúsalofttegundir, sbr. ákvæði IX. kafla, þ.m.t. ákvæði um:
 - a. framkvæmd lekaleitar, áskilnað um lekaleitarkerfi og skráningu flúoraðra gróðurhúsalofttegunda,
 - b. framkvæmd vottunar,
 - c. skilyrði fyrir viðurkenningu vottunar sem veitt er í öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins,
 - d. framkvæmd og mat menntunar,
 - e. húsnæði, öryggi og lágmarkstækjabúnað starfsemi sem tengist notkun og meðferð efnanna,
 - f. merkingar vöru og búnaðar,
 - g. notkun og bann við notkun flúoraðra gróðurhúsalofttegunda.
11. Bann og takmarkanir á efnum í efnablöndum eða hlutum sem geta haft skaðleg áhrif á heilsu manna og umhverfi (raftæki, farartæki, rafhlöður og rafgeymar, umbúðir).
12. Ákvæði um kaup og viðtöku eiturefna og varnarefna, sbr. 44. og 45. gr.
13. Skilyrði og útgáfu notendaleyfa vegna varnarefna, sbr. 46. gr.
14. Markaðssetningu eiturefna og tiltekinna varnarefna, nám og námsefni, sbr. 23. gr.
15. Starfsréttindi meindýraeyða og garðaúðara, sbr. 46. gr., þ.m.t. um námsefni um meðferð varnarefna, sem skal m.a. fjalla um helstu lög og reglugerðir, sæfiefni, vinnuvernd, meindýr, meindýravarnir og dýravernd, próf og kröfur til þeirra sem halda námskeið og prófa.
16. Varðveislu eiturefna, sbr. 15. gr.
17. Eftirlit, sbr. XI. kafla.
18. Skilyrði fyrir tollafgreiðslu eiturefna og varnarefna, heimild til að stöðva innflutning á tilteknum eiturefnum og tilteknum varnarefnum, sbr. 8. gr., og lista yfir tollskrárnúmer sem almennt eru háð innflutningstakmörkunum.
19. Upplýsingar sem Umhverfisstofnun ber að veita tollyfirvöldum og tollyfirvöldum ber að veita Umhverfisstofnun, sbr. 52. gr.
20. Íblöndun eiturefna og hættulegra efni, og efnablandna sem flokkast sem slíkar í matvæli og aðrar neysluvörur, fóðurvörur eða sáðvöru, sbr. 16. gr.
21. Skyldu til að afla upplýsinga skv. 13. gr.
22. Skiptiregluna, sbr. 14. gr.
23. Magn og efnasamsetningu tiltekinna efna og efnablandna við innflutning og þar til gerð eyðublöð, sbr. 19. gr.
24. Fjárhæð og beitingu stjórnvaldssekta, sbr. 60. gr.

Þegar reglugerð, sem er fyrirhugað að setja, varðar skyldur og hlutverk sveitarfélaga eða atvinnulífs skal ráðherra áður en reglugerð er sett hafa samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga og Samtök atvinnulífsins eftir því sem við á. Þá skal hafa samráð við aðra hagsmunaaðila eftir því sem við á hverju sinni.

IV. KAFLI

Almennar skyldur.

11. gr.

Aðgæsluskylða.

Ávallt skal gæta varúðar við meðferð efna og efnablandna þannig að ekki valdi tjóni á heilsu eða umhverfi.

Við framleiðslu, innflutning og aðra meðferð á efnnum sem falla undir lög þessi skal, með hliðsjón af magni og hættu efnanna, sýna fyrirhyggju, aðgát og varkárni þannig að fyrirbyggja megi skaða á heilsu og umhverfi.

12. gr.

Ábyrgð á úrbótum.

Um ábyrgð á umhverfistjóni af völdum efna og efnablandna fer samkvæmt lögum um umhverfisábyrgð.

13. gr.

Skylða til að afla upplýsinga.

Framleiðandi, innflytjandi, eftirnotandi eða dreifandi efnis, efnablöndu eða hlutar sem inniheldur efni, sem og rekstraraðili sem er ábyrgur fyrir því að markaðssetja eða láta þau út til notkunar, skal verða sér úti um upplýsingar sem nægja til þess að hann geti uppfyllt þær skyldur sem á honum hvíla samkvæmt þessum lögum og tryggja örugga notkun. Allir birgjar skulu veita viðtakanda án endurgjalds lágmarksupplýsingar sem tilgreindar eru í reglugerð.

Framleiðendur, innflytjendur, eftirnotendur eða dreifendur efnis skulu varðveita gögn í a.m.k. tíu ár frá því að þeir framleiddu, fluttu inn, afhentu eða notuðu efnið eða efnablönduna síðast.

Birgi er skylt að varðveita og hafa til reiðu gögn sem tengjast flokkun og merkingu í a.m.k. tíu ár frá því að hann afhenti efnið eða efnablönduna síðast.

Framleiðandi, innflytjandi eða eftirnotandi snyrtivöru eða aðili í umboði framleiðanda eða innflytjanda skal varðveita upplýsingaskrá í a.m.k. tíu ár frá því að síðasta afhending vöru átti sér stað.

Ráðherra skal setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar, sbr. 10. gr.

14. gr.

Skiptireglan.

Sé þess kostur skal skipta út efnnum eða efnablöndum sem eru talin geta haft í för með sér óæskileg áhrif á heilsu manna eða skaðað umhverfið. Umhverfisstofnun getur í starfsleyfi sem hún veitir samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, innan hæfilegs frests, krafist þess að þeir sem nota slík efni eða efnablöndur skipti þeim út fyrir efni, efnablöndur eða aðferð sem felur í sér minni áhættu fyrir heilsu eða umhverfi. Ráðherra getur með reglugerð sett almenn skilyrði um að þeir sem nota tiltekin efni eða efnablöndur skipti þeim út innan hæfilegs frests fyrir efni, efnablöndur eða aðferð sem felur sér minni áhættu fyrir heilsu eða umhverfi.

15. gr.

Varðveisla.

Hættuleg efni og varnarefni skal varðveita í umbúðum framleiðenda. Jafnframt skulu þau geymd á tryggan hátt og þannig að þau séu aðskilin frá matvælum, dýrafóðri, lyfjum og snyrtivörum og þannig að óviðkomandi nái ekki til þeirra.

Eiturefni og tiltekin varnarefni skulu geymd í læstum hirslum eða rými. Eftir atvikum skal aðgreina efni og efnablöndur í rýmum vegna mögulegrar hættu við blöndun þeirra.

Um varðveislu eiturefna og varnarefna á vinnustöðum gilda enn fremur ákvæði laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

16. gr.

Bann við íblöndun.

Óheimilt er að setja hættuleg efni í eða blanda þeim saman við matvæli og aðrar neysluvörur, fóðurvörur eða sáðvöru nema það sé sérstaklega heimilað í reglugerð samkvæmt lögum þessum, lögum um matvæli eða öðrum lögum. Ráðherra getur einnig í sérstökum tilvikum heimilað í reglugerð að hættuleg efni séu sett í eða blandað saman við matvæli og aðrar neysluvörur, fóðurvörur eða sáðvöru, enda sé með sannanlegum hætti sýnt fram á að slíkt hafi ekki í för með sér skaða fyrir heilsu manna eða umhverfi. Skal í reglugerðinni setja ákvæði um leyfilegan hámarksstyrk hættulegra efna og við hvaða aðstæður megi nota þau.

17. gr.

Flutningur.

Um flutning hættulegra efna með skipum, loftförum, svo og í pósti, fer samkvæmt lögum þeim og reglugerðum er við eiga.

18. gr.

Förgun hættulegra efna og notuð ilát.

Hættulegum efnum, svo sem varnarefnum, og umbúðum sem hafa innihaldið slík efni skal farga í samræmi við lög um meðhöndlun úrgangs eða hreinsa þannig að mönnum, dýrum og umhverfi stafi ekki hætta af.

19. gr.

Tollafgreiðsla.

Við tollafgreiðslu tiltekinna efna og efnablandna skal gera grein fyrir magni þeirra á þar til gerðum eyðublöðum. Ráðherra skal setja í reglugerð, sbr. 10. gr., nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.

V. KAFLI

Framleiðsla og markaðssetning.

20. gr.

Almenn ákvæði.

Framleiðendur, innflytjendur, eftirnotendur og dreifendur efna, efnablandna og hluta sem innihalda efni skulu hafa tiltækar upplýsingar sem sýna að efni, efnablöndur og hlutir sem innihalda efni uppfylli ákvæði þessara laga.

Framleiðendur og innflytjendur eiturefna, hættulegra efna og efnablandna sem flokkast sem slík eða sem varnarefni skulu hafa tiltækar upplýsingar um heiti efna eða efnablöndunnar, efnainnihald og magn sem framleitt er, flutt inn eða selt. Einnig skulu vera tiltækar upplýsingar um hlutfallslega samsetningu vörunnar.

Framangreindar upplýsingar skulu afhentar Umhverfisstofnun sé þess óskað.

21. gr.

Skráningarskylda.

Framleiðandi eða innflytjandi efnis, hvort heldur það er hreint, í efnablöndu eða í hlutum, sem framleiðir eða flytur inn efni til markaðssetningar á Evrópska efnahagssvæðinu í meira magni en einu tonni á ári skal skrá efnið hjá Efnastofnun Evrópu. Skráningarskylda efnis í hlut á þó eingöngu við um efni sem ætlast er til að losni úr hlutum við notkun. Framleiðanda og innflytjanda er skylt að hlíta þeim takmörkunum sem skráningunni kunna að fylgja.

22. gr.

Framleiðsla, markaðssetning og notkun.

Heimilt er að setja á markað efni, hvort heldur það er hreint, í efnablöndu eða í hlutum, sem skráð hefur verið hjá Efnastofnun Evrópu með þeim notkunartakmörkunum sem af þeirri skráningu kann að leiða eða markaðsleyfi efnisins kveður á um.

Óheimilt er að framleiða, flytja inn, markaðssetja eða nota efni, hvort heldur það er hreint, í efnablöndu eða í hlutum, sem ekki hefur verið skráð eða eftir atvikum leyft samkvæmt ákvæðum þessara laga. Enn fremur er óheimilt að framleiða, flytja inn, markaðssetja eða nota efni, hvort heldur það er hreint, í efnablöndu eða í hlutum, á þann hátt að í bága fari við þær takmarkanir sem eru settar á grundvelli laga þessara og reglugerða sem eru settar með stoð í þeim, sbr. 10. gr.

Óheimilt að tollafgreiða varnarefni nema markaðsleyfi efnisins liggja fyrir, sbr. 26. gr.

Tollstjóra er heimilt að hafna tollafgreiðslu efna og efnablandna sem uppfylla ekki skilröð laga þessara, að fengnum tilmælum frá Umhverfisstofnun, sbr. 2. mgr.

Í reglugerð sem ráðherra setur, sbr. 10. gr., skal vera listi yfir leyfisskyld efni, efnablöndur og hluti í efnum samkvæmt tollflokkum. Umhverfisstofnun gefur út leyfisnúmer fyrir tollafgreiðslu efna, efnablöndu og hluta í efnum samræmist hún lögum þessum. Heimilt er að binda leyfisveitingu við tímabil eða einstakar sendingar.

23. gr.

Markaðssetning eiturefna og tiltekinna varnarefna.

Þeir sem markaðssetja eiturefni og varnarefni skulu tilkynna markaðssetninguna til Umhverfisstofnunar. Eiturefnum og tilteknum varnarefnum skal komið þannig fyrir á útsölustöðum að þau séu ekki aðgengileg viðskiptavinum heldur skulu þau afhent sérstaklega. Þeir sem markaðssetja eiturefni og varnarefni halda skrá yfir sölu eiturefna og varnarefna og skal móttakandi sýna skilríki og kvitta fyrir móttöku samkvæmt nánari fyrirmælum frá Umhverfisstofnun. Í tilkynningu skal tilgreina ábyrgðaraðila og tegund efna sem eru markaðssett. Þeir sem markaðssetja varnarefni skulu afhenda Umhverfisstofnun gögn um magn og tegund eiturefna og varnarefna sem sett eru á markað á því formi sem Umhverfisstofnun tilgreinir. Innflytjandi, framleiðandi eða annar aðili sem ber ábyrgð á markaðssetningu eiturefnis á Íslandi skal upplýsa Eitrunarmiðstöð Landspítala um efnasamsetningu og eiturhrif efnisins.

Nafngreindur ábyrgðaraðili á vegum þess sem um getur í 1. mgr. skal hafi lokið námi eða námskeiði þar sem fjallað er um meðferð á eiturefnum og varnarefnum, svo og um lög og reglur sem á því sviði gilda. Viðkomandi skal hafa staðist próf sem sýnir fram á þekkingu hans. Láti viðkomandi ábyrgðaraðili af störfum hjá hlutaðeigandi verslun eða birgi skal tilkynna til Umhverfisstofnunar um nýjan ábyrgðaraðila sem uppfyllir ákvæði 1. og 2. málsl.

Sá sem markaðssettur eiturefni og varnarefni ber ábyrgð á því að einungis þeim sem mega kaupa, nota og veita viðtöku eiturefnum og tilteknum varnarefnum sé afhent umrædd efni, þar á meðal þeim sem hafa gild notendaleyfi frá Umhverfisstofnun eða eiturefnaleyfi frá Vinnueftirliti ríkisins. Þá bera þeir ábyrgð á að veita almennum kaupendum upplýsingar um örugga meðhöndlun slíkra efna, sbr. X. kafla.

Umhverfisstofnun birtir á vefsetri sínu skrá yfir þá aðila sem hafa tilkynnt um markaðssetningu, sbr. 1. mgr.

Ráðherra skal í reglugerð, sbr. 10. gr., setja nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.

24. gr.

Ósoneyðandi efni.

Framleiðsla, markaðssetning, útflutningur og notkun ósoneyðandi efna er bönnuð. Markaðssetning, útflutningur og notkun búnaðar og hluta sem innihalda ósoneyðandi efni er bönnuð.

Til að koma í veg fyrir og draga úr losun ósoneyðandi efna skal ráðherra í reglugerð, sbr. 10. gr., setja skilyrði um tímabundnar undanþágur frá banni og kveðið á um hvaða skilyrðum slík undanþága skuli háð, svo sem varðandi búnað, merkingar og viðhald hans, neyðarnotkun efna, óhjákvæmilega notkun efna, sóttvarnir, meðhöndlun efna, endurnýtingu efna, viðskipti með og notkun endurunninna efna og förgun efna. Þá skal ráðherra setja skilyrði í reglugerð um að markaðssetning og notkun ósoneyðandi efna skuli háð því að önnur efni geti ekki komið í staðinn af tæknilegum eða efnahagslegum ástæðum.

25. gr.

Takmarkanir.

Ef heilsu eða umhverfi stafar hættu af skal ráðherra takmarka með reglugerð heimildir til framleiðslu, markaðssetningar, útflutnings og notkunar tiltekinna efna, hvort heldur þau eru hrein, í efnablöndum eða í hlutum, binda þær við tiltekin notkunarsvið, kveða á um upplýsingaskyldu um notkunina, kveða á um skyldubundnar merkingar, krefjast þess að efni sem talið er hafa óæskileg áhrif á heilsu manna og dýra eða er talið skaða umhverfið sé skipt út fyrir annað hættuminna efni, krefjast prófunar af hálfu faggiltra prófunaraðila, leyfisbinda markaðssetningu eða notkun eða banna alla notkun.

Umhverfisstofnun er heimilt, ef réttmæt ástæða er til að ætla að þörf sé á tafarlausum aðgerðum til að vernda heilsu eða umhverfið, að grípa til aðgerða, svo sem banns við markaðssetningu eða annarra takmarkana til verndar þessum hagsmunum. Þetta gildir þó að viðkomandi efni, efnablanda eða efni í hlut sem aðgerðir skv. 1. málsl. beinast að uppfylli kröfur laga þessara eða reglugerða sem settar hafa verið á grundvelli þeirra.

26. gr.

Markaðsleyfi Efnastofnunar Evrópu.

Framleiðandi eða innflytjandi efnis sem Efnastofnun Evrópu flokkar sem sérlega varasamt skal sækja um markaðsleyfi fyrir efnið til Efnastofnunar Evrópu. Sama gildir um eftirnotanda ef notkun hans á efninu er ekki innan heimils notkunarsviðs samkvæmt markaðsleyfi sem gefið hefur verið út til handa innflytjanda eða framleiðanda efnisins. Efnastofnun Evrópu hefur umsjón með og ber ábyrgð á lista yfir sérlega varasöm efni.

Umhverfisstofnun staðfestir markaðsleyfi efnis útgefið af Efnastofnun Evrópu fyrir sérlega varasöm efni hér á landi.

27. gr.

Skylda til að tilkynna um sérlega varasöm efni í hlutum.

Framleiðandi eða innflytjandi hlutar sem inniheldur efni sem flokkast sem sérlega varasamt skal tilkynna til Efnastofnunar Evrópu ef styrkur efnisins í hlutnum er meiri en 0,1% miðað við þyngdarhlutfall og samanlagt magn þess er yfir einu tonni á ári.

28. gr.

Skylda til að miðla upplýsingum um sérlega varasöm efni í hlutum.

Ef hlutur inniheldur sérlega varasamt efni í styrk yfir 0,1%, reiknað sem þyngdarhlutfall, skulu birgjar veita viðtakanda hlutarins upplýsingar sem þeir hafa yfir að ráða og eru að lágmarki heiti efnisins og annað það sem nægir til að nota megi hlutinn á öruggan hátt. Viðtakandi er sá sem notar hlutinn í atvinnuskyni eða selur hann áfram í smásölu.

Fari neytandi fram á það skal hver birgir hlutar sem inniheldur efni sem flokkast sem sérlega varasamt í styrk yfir 0,1%, reiknað sem þyngdarhlutfall, veita neytandanum upplýsingar sem birgirinn hefur yfir að ráða og eru að lágmarki heiti efnisins og annað það sem nægir til að nota megi hlutinn á öruggan hátt. Viðkomandi upplýsingar skulu afhentar án þess að gjald komi fyrir innan 45 daga frá því að tekið var við beiðni um upplýsingar.

29. gr.

Öryggisblöð og öryggisskýrslur.

Birgjar skulu láta öryggisblað fylgja við afhendingu efnis til notkunar í atvinnuskyni, þ.e. til eftirnotanda eða dreifanda, hvort heldur það er hreint eða í efnablöndu, ef það fellur undir einn eða fleiri af eftirtöldum liðum:

- a. Efnið flokkast sem hættulegt samkvæmt viðmiðum sem tilgreind eru nánar í reglugerð.
- b. Efnið er þrávirkt, safnast fyrir í lífverum og er eitrad samkvæmt nánari viðmiðum sem sett eru í reglugerð.
- c. Efnið er háð markaðsleyfi skv. 1. mgr. 26. gr.

Framleiðanda eða innflytjanda er skylt að gera öryggisskýrslu vegna efna sem falla undir 1. mgr. og hann framleiðir eða flytur inn í meira magni en tíu tonn á ári.

Upplýsingar úr öryggisskýrslum um örugga notkun skulu, þegar við á, fylgja í viðauka við öryggisblað.

Birgjar annarra efna en þeirra sem falla undir 1. mgr. skulu við afhendingu láta fylgja skráningarnúmer efnis og upplýsingar um notkunartakmarkanir ef um þær er að ræða.

Eftirnotendur skulu nota efni og efnablöndur í samræmi við ákvæði öryggisblaða og öryggisskýrslna sem þeim fylgja.

Eftirnotendur skulu tilkynna dreifanda, innflytjanda eða framleiðanda ef notkun þeirra er utan skráðs notkunarviðs viðkomandi efnis samkvæmt öryggisskýrslu. Ef um er að ræða notkun efna sem skylt er að gera öryggisskýrslu um, utan skráðs notkunarviðs, er eftirnotanda skylt að gera öryggisskýrslu vegna notkunar sem ekki er tilgreind á öryggisblaði, sé notkunin meiri en nemur einu tonni á ári.

VI. KAFLI

Flokkun, merking og umbúðir.

30. gr.

Flokkun efna og efnablandna og tilkynningar.

Áður en efni og efnablanda er sett á markað skulu framleiðandi, innflytjandi og eftirnotandi, með samvinnu sín á milli, flokka efni og efnablöndu með tilliti til hættu fyrir umhverfi og heilsu, svo og eðlisrænnar hættu.

Framleiðandi eða innflytjandi skal tilkynna hættuflokkun efnis eða einstakra innihaldsefna í efnablöndu til Efnastofnunar Evrópu innan 30 daga frá markaðssetningu.

Framleiðandi, innflytjandi og eftirnotandi skulu láta fara fram mat sem lagt er til grundvallar við hættuflokkun efnis eða efnablöndu. Slíkt mat skal fara fram á grundvelli fyrirbyggjandi og aðgengilegra gagna um viðkomandi efni. Ef þörf er á skulu framleiðandi, innflytjandi og eftirnotandi afla nauðsynlegra gagna í samræmi við prófunaraðferðir sem kveðið er á um í reglugerð sem ráðherra setur.

Framleiðandi, innflytjandi eða eftirnotandi skal á grundvelli nýrra upplýsinga eða endurmats á fyrirbyggjandi upplýsingum breyta áður gerðri flokkun sé þess þörf.

Ráðherra skal í reglugerð, sbr. 10. gr., setja nánari ákvæði um flokkun efna og efnablandna og tilkynningar.

31. gr.

Merkingar og umbúðir.

Birgjar skulu tryggja að efni og efnablöndur sem eru tilbúin til notkunar séu merkt í samræmi við hættuflokkun þeirra. Umbúðir skulu merktar með nafni, heimilisfangi og símanúmeri birgis, magni efnis og efnablöndu, hættusetningum, varnaðarsetningum, viðvörunarorðum og hættumerkjum. Texti merkinganna varðandi hættusetningar, varnaðarsetningar, viðvörunarorð og hættumerki skal vera á íslensku nema kveðið sé á um annað í reglugerð, sbr. 10. gr.

Birgjar skulu tryggja að umbúðir efna og efnablandna séu traustar, ólekar og nægilega öruggar til að varðveita vöruna án þess að skemmdir verði á umbúðum eða innihaldi þeirra við eðlilega meðhöndlun. Jafnframt skulu þeir tryggja að umbúðir efna og efnablandna, sem ætlaðar eru til dreifingar á almennum markaði, séu hvorki þannig að formi né útliti að þær veki forvitni og athygli barna eða svo að villast megi á þeim og umbúðum undir matvæli, fóður, lyf eða snyrtivörur.

Ráðherra skal setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar, sbr. 10. gr.

32. gr.

Auglýsingar.

Í öllum auglýsingum og öðrum svipuðum viðskiptaaðferðum um efni og efnablöndur, hvort sem um er að ræða beinar eða óbeinar auglýsingar, skulu koma fram upplýsingar um hættuflokkun þeirra. Sömu upplýsingar skulu fylgja efnablöndum sem eru flokkaðar sem hættulegar eða innihalda hættuleg efni.

Óheimilt er að villa um fyrir neytendum með auglýsingu, öðrum svipuðum viðskiptaaðferðum og framsetningu efna og efnablandna.

Óheimilt er að auglýsa efni og efnablöndur sem háð eru markaðsleyfum nema að fengnu markaðsleyfi.

Óheimilt er að fullyrða í auglýsingum og öðrum svipuðum viðskiptaaðferðum að snyrti-
vara hafi tiltekna eiginleika eða virkni sem hún hefur ekki.

Um málsmeðferð, úrræði og viðurlög fer að öllu leyti eftir ákvæðum laga um eftirlit með
viðskiptaháttum og markaðssetningu vegna auglýsinga sem brjóta í bága við ákvæði laga
þessara.

VII. KAFLI

Varnarefni.

33. gr.

Áætlun um notkun varnarefna.

Ráðherra gefur út til 15 ára í senn almenna aðgerðaráætlun um notkun varnarefna sem
gildir fyrir landið allt. Umhverfisstofnun vinnur tillögu að aðgerðaráætluninni og leggur fyrir
ráðherra, að höfðu samráði við Matvælastofnun, Landgræðslu ríkisins, Skógrækt ríkisins,
Bændasamtök Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga og fleiri aðila eftir því sem við á.
Áætlunin skal taka mið af lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim og lögum
um stjórn vatnamála. Í áætluninni skulu m.a. koma fram mælanleg markmið, upplýsingar um
notkun varnarefna í landinu og tímaáætlun, aðgerðir, stefnumörkun til að draga markvisst úr
notkun varnarefna og stuðla að sjálfbærri notkun þeirra. Umhverfisstofnun skal auglýsa drög
að aðgerðaráætluninni í sex vikur þannig að hagsmunaaðilar, almenningur og stjórnvöld hafi
tækifæri til að gera athugasemdir við hana. Almennungi skal tryggður aðgangur að áætlun-
inni, m.a. á vefsetri Umhverfisstofnunar. Áætlunina skal endurskoða á fimm ára fresti.

Ráðherra skal setja í reglugerð nánari ákvæði um innihald og gerð áætlunar um notkun
varnarefna, sbr. 10. gr.

34. gr.

Markaðsleyfi varnarefna.

Varnarefni sem sett eru á markað þurfa markaðsleyfi sem Umhverfisstofnun gefur út.
Markaðsleyfið skal gefa út til tiltekins tíma á grundvelli áhættumats. Óheimilt er að markaðs-
setja varnarefni nema þau hafi fengið markaðsleyfi. Í markaðsleyfinu skal tilgreina þá vöru
sem leyfið nær til, leyfilega notkun hennar og þær takmarkanir sem gilda. Í markaðsleyfi
felst m.a. úttekt sérfræðinga á þörf fyrir notkun viðkomandi efna og á áhættu við notkun
þeirra. Ráðherra setur í reglugerð ákvæði um hvernig umsókn um markaðsleyfi skuli útbúin
og hvaða gögn þurfi að fylgja, skilyrði fyrir veitingu markaðsleyfis, ákvæði um gagnkvæma
viðurkenningu á markaðsleyfi sem gefið er út í öðrum löndum, ákvæði um skráningu og
markaðsleyfi hættuminni varnarefna, ákvæði um ramma fyrir varnarefni og skilyrði fyrir
samhliða innflutningi á varnarefnum, sbr. 10. gr.

Umhverfisstofnun er heimilt að veita tímabundið markaðsleyfi fyrir varnarefni vegna
sérstakra aðstæðna eða tilrauna. Ráðherra setur í reglugerð skilyrði fyrir tímabundnum
markaðsleyfum.

Varnarefni skal setja á markað með sérheiti eða íslensku heiti. Ákvæði þetta tekur einnig
til örvera og annarra lífvera eða hluta þeirra, ef þau eru notuð í sama skyni.

Innflytjandi, framleiðandi eða annar aðili sem ber ábyrgð á markaðssetningu varnarefnis
á Íslandi skal upplýsa Eitrunarmiðstöð Landspítala um efnasamsetningu og eiturhrif efnisins.

Ráðherra skal í reglugerð takmarka notkun tiltekinna varnarefna við þá sem hafa notenda-
leyfi og sölu tiltekinna varnarefna við þá sem hafa leyfi til markaðssetningar varnarefna, sbr.
10. gr.

35. gr.

Samhliða innflutningur.

Umhverfisstofnun getur veitt leyfi til samhliða markaðssetningar á varnarefni sem hefur fengið markaðsleyfi í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu. Leyfið er háð því að varnarefnið uppfylli viðmið sem sett eru í reglugerð þannig að það sé með sömu auðkenni og varnarefni sem þegar hefur fengið markaðsleyfi á Íslandi, sbr. 34. gr. Ráðherra setur í reglugerð, sbr. 10. gr., nánari ákvæði um veitingu leyfis til samhliða innflutnings, viðmið, sbr. 1. másl., og kröfur til umsókna um samhliða innflutning.

36. gr.

Búnaður.

Búnaður sem er notaður við beitingu varnarefna skal háður reglulegu eftirliti Vinnu-
eftirlits ríkisins og uppfylla öryggiskröfur eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð sem ráðherra setur, sbr. 10. gr. Standist búnaður ekki skoðun er heimilt að banna notkun hans.

37. gr.

Merkingar.

Varnarefni skulu merkt í samræmi við 30. gr. Auk þess skal ráðherra setja í reglugerð, sbr. 10. gr., nánari ákvæði um merkingar, svo sem að merkja skuli varnarefni með sérheiti eða markaðsheiti vörunnar, tilgreina ábyrgðaraðila, tilgreina heiti virkra efna í vörunni, stærð umbúða, lotunúmer, leyfisnúmer, leiðbeiningar um notkun, skammtastærðir, marklífveru, hvaða not eru heimilud og fleira.

Ráðherra setur í reglugerð, sbr. 10. gr., nánari ákvæði um merkingar, auglýsingar og umbúðir varnarefna.

38. gr.

Takmörkun á notkun.

Notkun varnarefna má hvorki valda skaða á heilsu né umhverfi utan þess sem verið er að meðhöndla og skal leitast við að koma í veg fyrir neikvæð umhverfisáhrif.

Tryggja skal að varnarefnum sé einungis dreift á þau svæði sem meðhöndla skal.

Óheimilt er að dreifa varnarefnum á vatnsverndarsvæðum, náttúruverndarsvæðum og lykilsvæðum verndaðra tegunda.

Óheimilt er að dreifa varnarefnum úr loftförum.

Ráðherra er heimilt í einstökum tilvikum, þegar sérstaklega stendur á og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og hlutaðeigandi sveitarfélags, að veita undanþágu frá 2. og 3. mgr.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að banna eða takmarka notkun varnarefna á einstökum landsvæðum að höfðu samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög og landeigendur og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands.

VIII. KAFLI

Snyrtivörur.

39. gr.

Snyrtivörur.

Hver sá sem setur á markað snyrtivöru, og ef um er að ræða fyrstu markaðssetningu snyrtivöru á Evrópska efnahagssvæðinu, skal tilkynna það með skráningu í evrópskan gagnagrunn eins og nánar er kveðið á um í reglugerð, sbr. 10. gr.

Markaðssetning snyrtivöru er óheimil nema snyrtivaran hafi fengið öryggismat og útbúin hafi verið fyrir hana öryggisskýrsla. Öryggismat telst aðeins vera fullnægjandi hafi það verið framkvæmt af til þess bærur aðila með háskólagráðu í lyfjafræði, eiturefnafræði, læknisfræði eða öðru sambærilegu fagi frá viðurkenndri háskólastofnun.

Framleiðandi eða innflytjandi snyrtivöru eða aðili í umboði framleiðanda eða innflytjanda skal útbúa og varðveita sérstaka upplýsingaskrá um hverja snyrtivöru sem sett er á markað. Markaðssetning snyrtivöru er óheimil hafi hún verið prófuð á dýrum. Sama á við um notkun innihaldsefna í snyrtivörum nema aðrar aðferðir til prófunar séu ekki til.

Óheimilt er að fullyrða í kynningum og auglýsingum að snyrtivara hafi tiltekna eiginleika eða virkni sem hún hefur ekki.

Ráðherra setur nánari ákvæði um snyrtivörur í reglugerð, sbr. 10. gr., varðandi innihaldsefni sem eru bönnuð eða háð skilyrðum, leyfileg innihaldsefni í tilteknum snyrtivörum, prófunaraðferðir, merkingar og umbúðir.

IX. KAFLI

Flúoraðar gróðurhúsalofttegundir.

40. gr.

Geymsla flúoraðra gróðurhúsalofttegunda.

Rekstraraðilum staðbundinna kælikerfa, loftkælinga, varmadælukerfa og staðbundinna slökkvikerfa sem innihalda flúoraðar gróðurhúsalofttegundir ber að hindra leka þessara lofttegunda og stöðva slíkan leka komi hann til, með öllum þeim tæknilegu ráðstöfunum sem eru mögulegar. Enn fremur ber rekstraraðilum að sjá til þess að haldin sé skrá yfir flúoraðar gróðurhúsalofttegundir og að lekaleit sé framkvæmd af vottuðum aðilum.

41. gr.

Endurnýting.

Rekstraraðilar staðbundins búnaðar sem inniheldur flúoraðar gróðurhúsalofttegundir, og nánar er tiltekinn í reglugerð, bera ábyrgð á endurnýtingu flúoraðra gróðurhúsalofttegunda til að tryggja endurvinnslu, endurheimt eða eyðingu þeirra. Endurnýting skal framkvæmd af vottuðum aðilum.

42. gr.

Menntun og vottun.

Starfsmenn sem annast uppsetningu, viðhald, áfyllingu, lekaleit og aðra þjónustu vegna staðbundinna kæli- og varmadælukerfa, loftkælinga og staðbundinna slökkvikerfa sem innihalda flúoraðar gróðurhúsalofttegundir skulu hafa vottun. Starfsmenn sem annast endurheimt flúoraðra gróðurhúsalofttegunda í tengslum við spenna með hári rafspennu, loftkælingar í vélknúnum ökutækjum og leysiefni skulu einnig hafa vottun. Til að hljóta slíka vottun skulu starfsmenn uppfylla lágmarkskröfur að því er varðar menntun og þjálfun sem fram koma í reglugerð sem ráðherra setur, sbr. 10. gr.

Rekstrar- og þjónustuaðilar sem annast uppsetningu, viðhald og aðra þjónustu í tengslum við staðbundin kæli- og varmadælukerfi, loftkælingar og staðbundin brunavarnarkerfi sem innihalda flúoraðar gróðurhúsalofttegundir skulu hafa vottun um að þeir uppfylli kröfur reglugerða sem ráðherra setur um húsnæði, öryggi og lágmarkstækjabúnað vegna starfsemi sinnar. Enn fremur skulu rekstrar- og þjónustuaðilar hafa vottun um að starfsmenn þeirra sem annast verkefni skv. 1. mgr. hafi hlotið vottun samkvæmt þeirri málsgrein.

Vottun samkvæmt lögum þessum er framkvæmd af vottunaraðila sem hefur hlotið fag-gildingu samkvæmt lögum um faggildingu o.fl., og gildir í sex ár.

Vottun sem veitt hefur verið í öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins vegna starfs-manna og rekstrar- og þjónustuaðila sem annast verkefni skv. 1. og 2. mgr. telst jafngild vottun skv. 3. mgr., þó að uppfylltum skilyrðum sem ráðherra kveður á um í reglugerð, sbr. 10. gr.

43. gr.

Merking.

Óheimilt er að flytja, setja á markað eða afhenda vöru og búnað sem inniheldur flúoraðar gróðurhúsalofttegundir nema á vörunni og búnaðinum sé merki eða skilti með viðurkenndum iðnaðarheitum, innihaldslýsingu og varnaðarorðum.

X. KAFLI

Skilyrði og leyfisveitingar.

44. gr.

Kaup og viðtaka eiturefna.

Til að taka við, kaupa og nota eiturefni þurfa einstaklingar að vera 18 ára eða eldri. Kaupandi og viðtakandi skal veita upplýsingar um til hvers og hvar nota skuli eiturefnið, framvísa skilríkjum og kvitta fyrir móttöku. Ráðherra setur í reglugerð, sbr. 10. gr., nánari ákvæði um kaup og viðtöku eiturefna.

Ekki má afhenda eiturefni ef ástæða er til þess að ætla að viðkomandi kynni að fara sjálfum sér að voða eða gæti unnið öðrum tjón með efnunum sökum geðveiki, neyslu vímu-gjafa, vanþroska, vanstillingar, fákunnáttu o.s.frv.

45. gr.

Kaup og viðtaka varnarefna.

Til að taka við, kaupa og nota tiltekin varnarefni þurfa einstaklingar að vera 18 ára eða eldri og framvísa gildu notendaleyfi Umhverfisstofnunar. Kaupandi og viðtakandi skal framvísa skilríkjum og kvitta fyrir móttöku. Ráðherra setur í reglugerð, sbr. 10. gr., nánari ákvæði um kaup og viðtöku tiltekinna varnarefna.

Ekki má afhenda tiltekin varnarefni ef ástæða er til þess að ætla að viðkomandi kynni að fara sjálfum sér að voða eða gæti unnið öðrum tjón með efnunum sökum geðveiki, neyslu vímu-gjafa, vanþroska, vanstillingar, fákunnáttu o.s.frv.

46. gr.

Notendaleyfi vegna varnarefna.

Einstaklingar sem nota tiltekin varnarefni vegna starfa sinna við eyðingu meindýra, í landbúnaði eða garðyrkju skulu sækja um notendaleyfi til Umhverfisstofnunar. Þeir sem nota sæfiefni skulu hafa notendaleyfi til meindýraeyðingar og þeir sem nota plöntuvarnarefni skulu hafa notendaleyfi fyrir notkun í landbúnaði eða garðyrkju.

Skilyrði fyrir veitingu notendaleyfis eru eftirfarandi:

- a. Umsækjandi hafi lokið námi eða námskeiði þar sem fjallað er um meðferð varnarefna, þ.e. plöntuvarnarefna og sæfiefna, svo og um lög og reglur sem á því sviði gilda. Um-sækjandi skal hafa staðist próf sem sýnir fram á þekkingu hans. Ráðherra skal í reglu-gerð, sbr. 10. gr., kveða á um námsefni um meðferð varnarefna.

- b. Umsækjandi hafi yfir að ráða aðstöðu eða búnaði sem Vinnueftirlit ríkisins hefur viðurkennt og er nauðsynlegur til að tryggja örugga og rétta meðferð þeirra efna sem sótt er um notendaleyfi fyrir.

Notendaleyfi skulu gefin út til tiltekins tíma og gilda að hámarki í fimm ár. Heimilt er að endurnýja leyfi til allt að fimm ára í senn að undangenginni skoðun Vinnueftirlits ríkisins á aðstöðu og búnaði umsækjanda. Notendaleyfi skal gefið út á einstakling og í því skal tilgreina þá hættuflokka sem leyfið nær til, notkunarvið og þær takmarkanir sem um meðferð efnanna gilda. Heimilt er að binda notendaleyfi því skilyrði að aðstaða eða búnaður leyfishafa sé yfirfarinn reglulega af Vinnueftirliti ríkisins. Umsækjandi skal gera grein fyrir því til hvers hann hyggst nota viðkomandi efni og er Umhverfisstofnun heimilt að synja um útgáfu notendaleyfis fyrir tiltekinn hættuflokk ef stofnunin telur að umsækjandi geti notað hættuminni efni í störfum sínum með sama árangri.

Leyfishafi skal ávallt hafa notendaleyfi meðferðis við störf sín og við alla meðferð og kaup þeirra efna sem leyfið nær til.

Umhverfisstofnun getur áður en notendaleyfi er veitt óskað umsagnar fagaðila og stofnana um umsóknina.

Umhverfisstofnun birtir á vefsetri sínu skrá yfir þá aðila sem hafa notendaleyfi, sbr. 2. mgr.

XI. KAFLI

Eftirlit.

47. gr.

Eftirlit og framkvæmd eftirlits.

Umhverfisstofnun annast eftirlit með framkvæmd laga þessara og reglugerða sem eru settar samkvæmt þeim.

Umhverfisstofnun getur með samningi falið heilbrigðisnefndum sveitarfélaga, öðrum stjórnvöldum eða faggiltum skoðunarstofum, sbr. lög um faggildinguna o.fl., einstaka þætti eftirlits samkvæmt lögum þessum. Skal í slíkum tilvikum gerður sérstakur samningur við hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd, hinn faggilta skoðunaraðila eða hlutaðeigandi stjórnvald eftir því sem við á. Heimild til beitingar þvingunarúrræða, sbr. XIII. kafla, og stjórnvaldssekta, sbr. XIV. kafla, er þó eingöngu í höndum Umhverfisstofnunar.

Í þeim tilvikum sem Umhverfisstofnun hefur gert samning um framkvæmd eftirlits skv. 2. mgr. hefur viðkomandi sömu heimildir til skoðunar og eftirlits og Umhverfisstofnun, sbr. 48. gr., og til prófunar og rannsóknar, sbr. 49. og 50. gr.

Heilbrigðisnefndum er heimilt að gera samkomulag um annað fyrirkomulag á skiptingu landsins í eftirlitssvæði, sbr. 4. mgr. 11. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, og hefur þá heilbrigðisnefndin sama rétt til afskipta þar og á eigin svæði.

48. gr.

Heimildir Umhverfisstofnunar og upplýsingaskylda.

Umhverfisstofnun er heimilt að fara á hvern þann stað þar sem efni, efnablöndur og efni í hlutum eru til skoðunar og eftirlits. Í því felst meðal annars heimild til sýna- og myndatöku og skoðunar og ljósritunar gagna. Ekki er heimilt að fara í þessum tilgangi í íbúðarhús eða aðra þvílíka staði án samþykkis eiganda eða umráðamanns húsnæðisins nema að fengnum dómsúrskurði.

Við skoðun og eftirlit, sbr. 1. mgr., skal hver sá sem hefur undir höndum efni, efnablöndu og hlut sem inniheldur efni veita án endurgjalds alla nauðsynlega aðstoð við eftirlitið, svo sem aðstoð starfsmanna, aðgang að húsakynnum og tækjabúnaði. Einnig ber að veita Umhverfisstofnun allar umbeðnar upplýsingar og afhenda þau gögn sem hafa þýðingu við eftirlitið. Aðrir opinberir aðilar sem búa yfir upplýsingum sem geta haft þýðingu við eftirlit skulu að beiðni Umhverfisstofnunar veita þær upplýsingar.

Umhverfisstofnun er heimilt að kalla til utanaðkomandi sérfræðing til ráðgjafar ef slíkt hefur þýðingu fyrir eftirlitið.

Umhverfisstofnun skal birta á vefsetri sínu upplýsingar um niðurstöður eftirlits og til hvaða úrræða stofnunin hefur gripið jafnóðum og ákvarðanir um slíkt liggja fyrir.

49. gr.

Heimild til prófunar og rannsókna.

Ef Umhverfisstofnun fær ekki aðgang að upplýsingum um efni, efnablöndu eða hlut sem inniheldur efni ber hverjum þeim sem hefur slíkt undir höndum að afhenda endurgjaldslaust sýni af efni, efnablöndu eða hlut sem inniheldur efni sem talin eru nauðsynleg til þess að rannsaka og ákvarða hvort efnið, efnablöndan eða hluturinn uppfylli kröfur laga þessara.

Áður en rannsókn hefst skal sá sem hefur efnið, efnablönduna eða hlut sem inniheldur efni fá tækifæri til að koma til Umhverfisstofnunar upplýsingum um efnið, efnablönduna eða hlutinn sem inniheldur efni. Umhverfisstofnun skal veita hæfilegan frest í því skyni.

Þegar rannsakadir eru eiginleikar eða samsetning eða einhver annar eiginleiki efnisins, efnablöndunnar og hlutarins skal handhafi greiða fyrir rannsóknina.

Umhverfisstofnun skal upplýsa þann sem hafði undir höndum efnið, efnablönduna eða hlutinn sem innihélt efni um niðurstöður rannsóknarinnar.

50. gr.

Sýni.

Í því skyni að rannsaka og ákvarða hvort tiltekið efni, efnablöndu eða hlutur sem inniheldur efni uppfylli kröfur laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim er Umhverfisstofnun heimilt að óska eftir sýni af viðkomandi efni, efnablöndu eða hlut sem inniheldur efni. Sá sem hefur viðkomandi efni, efnablöndu eða hlut sem inniheldur efnið undir höndum ber að afhenda Umhverfisstofnun það endurgjaldslaust.

51. gr.

Eftirlitsáætlun.

Til að tryggja yfirsýn og framkvæmd laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim skal Umhverfisstofnun útbúa eftirlitsáætlun til þriggja ára í senn. Ákvæði upplýsingalaga og laga um upplýsingarétt um umhverfismál taka ekki til eftirlitsáætlunarinnar fyrr en að loknum gildistíma hennar.

Í eftirlitsáætluninni skal vera yfirlit yfir sértæk eftirlitsverkefni sem unnin verða og skipulagningu þeirra. Áhersla skal lögð á öryggi almennings og umhverfisvernd. Í áætluninni skal jafnframt gert ráð fyrir tilteknum fjölda eftirlitsferða á hverju ári til aðila sem markaðssetja efni og efnablöndur.

Umhverfisstofnun skal fyrir 1. mars ár hvert gefa út skýrslu um niðurstöður eftirlits fyrir undangengið ár og birta á vefsetri sínu.

52. gr.

Upplýsingar frá tollyfirvöldum.

Umhverfisstofnun er heimilt að óska eftir upplýsingum frá tollyfirvöldum um magn efna, efnablandna og hluta sem innihalda efni sem og magn frá einstökum framleiðendum og innflytjendum vegna framleiðslu og innflutnings á efnum, efnablöndum og hlutum sem innihalda efni sem falla undir lög. Ákvæði 188. gr. tollalaga skulu ekki vera því til fyrirstöðu að tollstjóri veiti Umhverfisstofnun upplýsingar samkvæmt þessari grein.

XII. KAFLI

Gjaldtaka.

53. gr.

Gjaldtaka.

Umhverfisstofnun er heimilt að taka gjald fyrir:

1. Veitingu markaðsleyfa, sbr. 34. gr., breytingu á markaðsleyfum, undanþágu frá markaðsleyfum, gagnkvæma viðurkenningu á markaðsleyfum, leyfi til samhliða innflutnings og endurnýjun á markaðsleyfum varnarefna.
2. Veitingu notendaleyfa fyrir varnarefni, sbr. 46. gr.
3. Námskeið fyrir ábyrgðaraðila vegna markaðssetningar varnarefna og eiturefna.
4. Námskeið og próf vegna notendaleyfa fyrir varnarefni.
5. Prófanir og rannsóknir skv. 49. gr.
6. Endurgreiðslu alls kostnaðar sem fellur til við sérstakar rannsóknir eða úttektir utan- aðkomandi sérfræðinga vegna vinnu við áhættumat vegna veitingar markaðsleyfa varnarefna, enda hafi verið haft samráð við umsækjanda um fyrirhugaðar rannsóknir eða úttektir og umsækjanda gefinn kostur á að draga umsókn sína til baka áður en til slíks kostnaðar er stofnað, sbr. 34. gr.
7. Leyfi til tollafgreiðslu tiltekinna efna og efnablandna.

Ráðherra setur, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar, gjaldskrá fyrir veitta þjónustu, eftirlit og verkefni sem stofnuninni er falið að annast eða stofnunin tekur að sér samkvæmt lögum þessum. Upphæð gjalds tekur mið af kostnaði við þjónustu og framkvæmd einstakra verkefna og skal byggð á rekstraráætlun þar sem þau atriði eru rökstudd sem ákvörðun gjalds byggist á. Gjaldið má ekki vera hærra en sá kostnaður. Gjaldskrá skal birt í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld má innheimta með fjárnámi.

XIII. KAFLI

Þvingunarúrræði.

54. gr.

Áminning.

Til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögum þessum er Umhverfisstofnun heimilt að veita viðkomandi aðila áminningu. Jafnframt skal veita hæfilegan frest til úrbóta ef þeirra er þörf.

55. gr.

Dagsektir.

Þegar aðili sinnir ekki fyrirmælum innan tiltekins frests getur Umhverfisstofnun ákveðið honum dagsektir þar til úr er bætt. Dagsektir renna til ríkissjóðs og er hámark þeirra 500.000 kr. á dag.

56. gr.

Takmörkun markaðssetningar vöru um stundarsakir.

Umhverfisstofnun er heimilt að takmarka markaðssetningu efnis, efnablöndu eða hlutar sem inniheldur efni sem uppfyllir ekki skilyrði laga þessara eða reglugerða settra samkvæmt þeim. Í þessu felst m.a. að Umhverfisstofnun getur tekið úr sölu eða dreifingu tiltekin efni, efnablöndur eða hluti sem innihalda efni þar til bætt hefur verið úr ágöllum.

57. gr.

Stöðvun markaðssetningar.

Umhverfisstofnun er heimilt að stöðva markaðssetningu vöru sem uppfyllir ekki skilyrði laga þessara eða reglugerða settra samkvæmt þeim. Í þessu felst m.a. að Umhverfisstofnun getur tekið úr sölu eða dreifingu tiltekin efni, efnablöndur eða hluti sem innihalda efni varanlega og lagt hald á slíka vöru. Enn fremur er heimilt að krefjast þess að birgir fargi viðkomandi efni, efnablöndu eða hlut með öruggum hætti eða afturkalli vöruna eða geymi þar til bætt hefur verið úr ágöllum eða hættu afstýrt með viðunandi hætti.

58. gr.

Aðstoð lögreglu.

Umhverfisstofnun getur leitað aðstoðar lögreglu ef með þarf við framkvæmd þvingunarúrræða.

XIV. KAFLI

Viðurlög.

59. gr.

Haldlagning.

Umhverfisstofnun getur lagt hald á efni, efnablöndur eða hluti sem innihalda efni sem uppfylla ekki skilyrði laga þessara eða reglugerða settra samkvæmt þeim og fargað þeim á kostnað handhafa þeirra.

60. gr.

Stjórnvaldssektir.

Umhverfisstofnun getur lagt stjórnvaldssektir á einstakling eða lögaðila sem brýtur gegn:

1. Skráningarskyldu, sbr. 21. gr.
2. Tilkynningarskyldu vegna markaðssetningar eiturefna og varnarefna, sbr. 22. gr.
3. Ákvæðum um markaðssetningu ósoneyðandi efna, sbr. 23. gr.
4. Ákvæði um markaðsleyfi Efnastofnunar Evrópu, sbr. 26. gr.
5. Ákvæðum um afhendingu öryggisblaða, sbr. 1. mgr. 29. gr.
6. Ákvæðum um merkingar og umbúðir, sbr. 1. mgr. 30. gr.
7. Ákvæðum um markaðsleyfi varnarefna, sbr. 34. gr.
8. Ákvæðum um kröfu til að hafa vottun til að annast verkefni í tengslum við flúoraðar gróðurhúsalofttegundir, sbr. 42. gr.

Ráðherra skal í reglugerð ákveða fjárhæð stjórnvaldssekta fyrir brot á einstökum ákvæðum laga þessara innan þess ramma sem ákveðinn er í 4. mgr.

Hafi fjárhæð sekta ekki verið ákveðin í reglugerð skal við ákvörðun sekta m.a. taka tillit til alvarleika brots, hvað það hefur staðið lengi, samstarfsvilja hins brotlega aðila og hvort um itrekað brot er að ræða. Jafnframt skal líta til þess hvort ætla megi að brotið hafi verið

framið í þágu hagsmuna fyrirtækisins og hvort hægt hafi verið að koma í veg fyrir lögbrotið með stjórnun og eftirliti. Umhverfisstofnun er heimilt að ákveða hærri sektir hafi aðili hagnaast á broti. Skal upphæð stjórnvaldssektar þá ákveðin sem allt að tvöfalt margfeldi af þeim hagnaði sem aðili hefur aflað sér með broti gegn lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim, þó innan þess ramma sem er ákveðinn í 4. mgr.

Sektir sem eru lagðar á einstaklinga geta numið frá 10.000.000 kr. til 10.000.000 kr. Sektir sem eru lagðar á lögaðila geta numið frá 25.000 kr. til 25.000.000 kr.

Gjalddagi stjórnvaldssektar er 30 dögum eftir að ákvörðun um sektina var tekin. Hafi stjórnvaldssekt ekki verið greidd innan 15 daga frá gjalddaga skal greiða dráttarvexti af fjárhæð sektarinnar frá gjalddaga. Ákvörðun Umhverfisstofnunar um stjórnvaldssekt er aðfararhæf og renna sektir í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við álagningu og innheimtu. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu.

Stjórnvaldssektum skal beitt óháð því hvort lögbrot eru framin af ásetningi eða gáleysi.

Aðili máls getur einungis skotið ákvörðun um stjórnvaldssekt til dómstóla. Málshöfðunarfræstur er þrjú mánuðir frá því að ákvörðun var tekin. Málskot frestar aðför.

61. gr.

Réttur manna til að fella ekki á sig sök.

Í máli sem beinist að einstaklingi og lokið getur með álagningu stjórnvaldssekta eða kærur til lögreglu hefur maður, sem rökstuddur grunur leikur á að hafi gerst sekur um lögbrot, rétt til að neita að svara spurningum eða afhenda gögn eða muni nema hægt sé að útiloka að það geti haft þýðingu fyrir ákvörðun um brot hans. Umhverfisstofnun skal leiðbeina hinum grunaða um þennan rétt.

62. gr.

Fyrning.

Heimild Umhverfisstofnunar til að leggja á stjórnvaldssektir samkvæmt lögum þessum fellur niður þegar fimm ár eru liðin frá því að háttsemi lauk.

Frestur skv. 1. mgr. rofnar þegar Umhverfisstofnun tilkynnir aðila um upphaf rannsóknar á meintu broti. Rof frests hefur réttaráhrif gagnvart öllum sem staðið hafa að broti.

63. gr.

Sektir eða fangelsi.

Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum, að brjóta gegn:

1. Skráningarskyldu, sbr. 21. gr.
2. Tilkynningarskyldu vegna markaðssetningar eiturefna og varnarefna, sbr. 22. gr.
3. Ákvæðum um markaðssetningu ósoneyðandi efna, sbr. 24. gr.
4. Ákvæðum um markaðsleyfi varnarefna, sbr. 34. gr.

Sektir má ákvarða lögaðila þó að sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga sem í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann. Þó skal lögaðili ekki sæta refsingu ef um óhapp er að ræða. Einnig má, með sama skilorði, gera lögaðila sekt ef fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðrir einstaklingar sem í þágu hans starfa gerast sekir um brot eða ef það stafar af ófullnægjandi tækjabúnaði eða verkstjórn.

64. gr.

Saknæmi, eignaupptaka, tilraun og hlutdeild.

Brot gegn lögum þessum varða sektum eða fangelsi hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi.

Heimilt er að gera upptækan með dómi beinan eða óbeinan hagnað sem hlotist hefur af broti gegn ákvæðum laga þessara er varða sektum eða fangelsi.

Tilraun til brots eða hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

65. gr.

Kæra til lögreglu.

Umhverfisstofnun er heimilt að kæra brot til lögreglu.

Varði meint brot á lögum þessum bæði stjórnvaldssektum og refsingu metur Umhverfisstofnun hvort mál skuli kært til lögreglu eða því lokið með stjórnvaldsákvörðun hjá stofnuninni. Ef brot eru meiri háttar ber Umhverfisstofnun að vísa þeim til lögreglu. Brot telst meiri háttar ef verknaður er framinn með sérstaklega vítavörðum hætti eða við aðstæður sem auka mjög á saknæmi brotsins. Jafnframt getur Umhverfisstofnun á hvaða stigi málsins sem er vísað máli vegna brota á lögum þessum til opinberrar rannsóknar. Gæta skal samræmis við úrlausn sambærilegra mála.

Með kæru Umhverfisstofnunar skulu fylgja afrit þeirra gagna sem grunur um brot er studdur við. Ákvæði IV.–VII. kafla stjórnsýslulaga gilda ekki um ákvörðun Umhverfisstofnunar um að kæra mál til lögreglu.

Umhverfisstofnun er heimilt að láta lögreglu og ákærvaldi í té upplýsingar og gögn sem stofnunin hefur aflað og tengjast þeim brotum sem tilgreind eru í 2. mgr. Umhverfisstofnun er heimilt að taka þátt í aðgerðum lögreglu sem varða rannsókn þeirra brota sem tilgreind eru í 2. mgr.

Lögreglu og ákærvaldi er heimilt að láta Umhverfisstofnun í té upplýsingar og gögn sem hún hefur aflað og tengjast þeim brotum sem tilgreind eru í 2. mgr. Lögreglu er heimilt að taka þátt í aðgerðum Umhverfisstofnunar sem varða rannsókn þeirra brota sem tilgreind eru í 2. mgr.

Telji ákærandi að ekki séu efni til málshöfðunar vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi sem jafnframt varðar stjórnsýsluviðurlögum getur hann sent eða endursent málið til Umhverfisstofnunar til meðferðar og ákvörðunar.

66. gr.

Kærur.

Heimilt er að kæra stjórnvaldsákvæðanir sem teknar eru á grundvelli laga þessara til umhverfisráðherra. Um kærurétt og málsmeðferð fer samkvæmt stjórnsýslulögum.

XV. KAFLI

Innleiðing og gildistaka.

67. gr.

Innleiðing.

Lög þessi eru sett til innleiðingar á eftirfarandi gerðum:

1. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir á efnnum (REACH), stofnun Efnastofnunar

- Evrópu, breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB.
2. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006.
 3. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006 um tilteknar flúoreraðar gróðurhúsalofttegundir.
 4. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna.
 5. Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1005/2009 frá 16. september 2009 um efni sem eyða ósonlaginu.
 6. Reglugerð (EB) Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 varðandi markaðssetningu plöntuvarnarefna og niðurfellingu tilskipana ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE.
 7. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2009/128/EB frá 21. október 2009 um að koma á ramma fyrir aðgerðir Bandalagsins svo stuðla megi að sjálfbærri notkun varnarefna.
 8. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB frá 8. júní 2011 um takmörkun á notkun tiltekinna hættulegra efna í raf- og rafeindatækjum.
 9. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 frá 30. nóvember 2009 um snyrtivörur.
 10. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 648/2004 frá 31. mars 2004 um þvotta- og hreinsiefni.

68. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2013. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, og lög nr. 45/2008, um efni og efnablöndur.

Þrátt fyrir 1. mgr. skulu ákvæði 60.–62. gr. ekki taka gildi fyrr en 1. janúar 2014.

Reglugerðir settar samkvæmt ákvæðum laga nr. 52/1988 og laga nr. 45/2008 halda gildi sínu að svo miklu leyti sem þær fá samrýmst lögum þessum.

69. gr.

Breyting á öðrum lögum.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum:

1. Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:
 - a. 1. tölul. orðast svo: eftirlit með atvinnurekstri sem fellur undir þessa grein, sem og útgáfu og efni starfsleyfa.
 - b. 20. tölul. fellur brott.
2. Orðin „Verslun með vörur sem innihalda hættuleg efni og eiturefni“ og „Verslun með fegrunar- og snyrtiefni“ í fylgiskjali III við lögin falla brott.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Fram til 1. júní 2015 skal eftirfarandi gilda um flokkun efna og efnablandna og merkingu og umbúðir efnablandna:

- a. Framleiðandi, innflytjandi eða umboðsaðili eiturefna og hættulegra efna auk efnavara eða efnablandna sem innihalda slík efni skal afla upplýsinga um áhrif þeirra. Á grundvelli þeirra upplýsinga skal hann síðan til 1. júní 2015 tilgreina flokkun og merkja viðkomandi efni, efnablöndu og vöru samkvæmt nánari fyrirmælum í reglugerð sem ráðherra setur að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar.
- b. Efnablöndur skal láta úti og selja í sterkum og vel luktum ílátum. Ílátin skulu vera þannig útlits eða svo greinilega auðkennd að ekki verði villst á þeim og ílátum sem eru notuð undir lyf, matvæli og aðrar neysluvörur, fóðurvörur, feegrunar- eða snyrtiefni eða önnur efni. Ílátin skulu vera greinilega merkt. Á ílátum skal geta innihalds og á ílátum og ystu umbúðum um eiturefni og hættuleg efni skulu vera viðeigandi hættumerki. Á ílátunum skulu enn fremur vera varnaðarorð á íslensku. Skulu merkingar vera hliðstæðar því sem tíðkast í nálægum löndum, svo sem kostur er.
- c. Efnablöndur skal varðveita í umbúðum seljenda eða öðrum umbúðum jafntryggum.
- d. Heimilt er að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar að kveða á um mat á eiturhrifum og notagildi varnings er hefur tiltekin lífræn leysiefni að geyma og flokkast sem hættuleg efni. Skal þá hlíta nánari ákvæðum um sölu og notkun varningsins eða banni við notkun hans í samræmi við reglugerðir um notkun og bann við notkun eiturefna og hættulegra efna.

II.

Skráningar varnarefna samkvæmt ákvæðum laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, skulu halda gildi sínu þar til kveðið hefur verið á um markaðsleyfi fyrir þau í reglugerð, þó ekki lengur en til 1. janúar 2017.

III.

Heimilt er að gefa út bráðabirgðavottun skv. 42. gr. Slík bráðabirgðavottun gildir ekki lengur en til 1. júlí 2013. Ráðherra skal setja ákvæði um skilyrði bráðabirgðavottunar í reglugerð.

Heimilt er að meta aðra menntun sem umsækjandi hefur sem jafngildi náms skv. 42. gr. Skal slíkt mat fara fram fyrir 1. júlí 2013.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur – forsaga og undirbúningur frumvarpsins.

Lög nr. 85/1968, um eiturefni og hættuleg efni.

Fyrstu lög um eiturefni og hættuleg efni voru sett hér á landi árið 1968, sbr. lög nr. 85/1968, um eiturefni og hættuleg efni. Aðdragandi að setningu laganna var sá að í nágrenna löndunum höfðu nokkrum árum áður verið sett sérstök lög um eiturefni og hættuleg efni, svo sem í Danmörku og Svíþjóð. Frumkvæði að setningu laganna hér á landi átti Sigurður Sigurðsson, þáverandi landlæknir. Á þessum tíma voru litlar sem engar hömlur á notkun eiturefna, svo sem í garðyrkju. Um þetta leyti lágu einnig fyrir drög að lyfsölulögum sem í raun voru fyrstu lög um lyf á Íslandi og tóku gildi sumarið 1963 sem á vissan hátt tengdust málaflokknum um eiturefni og hættuleg efni.

Þorkell Jóhannesson, læknir, síðar prófessor við læknadeild Háskóla Íslands, sem þá var í framhaldsnámi í Danmörku, var fenginn til þess að taka saman greinargerð um málið og var hafist handa við frumvarpsgerð 1966 og var frumvarpið að verulegu leyti sniðið eftir dönsku lögnum, *lov om gifte og sundhedsfarlige stoffer nr. 119/1961*, og voru breytingarnar helst fölgjar í því að frumvarpið félli sem best að íslenskum aðstæðum. Þorkell Jóhannesson hafði það starf með höndum undir umsjón landlæknis að vinna frumvarpið en honum til aðstoðar var Erling Edwald, yfirlyfjafræðingur Lyfjaverslunar ríkisins.

Helstu atriði frumvarpsins tengdust því hvaða efni skyldu teljast eiturefni og hættuleg efni. Einnig var lagt til að skipuð yrði sérstök eiturefnanefnd sem gerði tillögur um framkvæmd laganna og tæki ákvörðun um flokkun nýrra efna. Ákveðið var hverjir mættu hafa eiturefni og hættuleg efni með höndum og hvernig þúa skyldi um efni og varðveita þau. Enn fremur var fjallað um eftirlit með framkvæmd laganna og var það hlutverk öryggismálastjóra, að svo miklu leyti sem það var í verkahring hans, lögreglustjóra, embættislækna, eftirlitsmanna samkvæmt lyfsölulögum og annarra sem sérstaklega voru til þess nefndir. Með lögnum fylgdi listi yfir hvað skyldi teljast sterk eiturefni (sterkt eitur), hvað skyldi teljast eiturefni (eitur) og hvað skyldi teljast hættuleg efni auk hættulegra leysiefna.

Frumvarpið var samþykkt á Alþingi sem lög nr. 85/1968 og öðluðust gildi 1. janúar 1970. Lögin héldu gildi sínu þar til þau voru endurskoðuð með lögum nr. 52/1988. Á þeim tæpu tuttugu árum sem lögin voru í gildi voru gerðar margvíslegar breytingar á þeim, m.a. vegna þess að stjórnskipulag mála breyttist verulega á þeim tíma. Hinn 1. janúar 1970 tók til starfa sérstakt ráðuneyti heilbrigðis- og tryggingamála sem tók yfir stjórn málaflokksins. Með lögum nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, var sett á laggirnar ný stofnun, Hollustuvernd ríkisins. Þá var í fyrsta skipti kveðið á um það í lögum að mengunarvörnum skyldi sérstaklega sinnt af hinu opinbera innan stofnunar en kveðið var á um starfsemi sérstakrar mengunarvarnadeildar innan Hollustuverndar ríkisins. Í þessu tilviki er rétt að benda á að í lögum um eiturefni og hættuleg efni, nr. 85/1968, var í fyrsta skipti kveðið á um mengun í íslenskum rétti en þar kom fram að ráðherra setti reglugerð um mengun frá iðjuverum og tengdist það iðjuverum sem notuðu eiturefni eða hættuleg efni. Sú reglugerð kom út 1972 og var fyrsta reglugerð sinnar tegundar hér á landi.

Lög nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni.

Hinn 13. september 1984 skipaði Matthías Bjarnason, þáverandi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, nefnd sem var falið að endurskoða lög um eiturefni og hættuleg efni, nr. 85/1968, með síðari breytingum. Nefndinni var ekki ætlað að gera tillögur um skipan mála varðandi eiturefni og hættuleg efni í matvælum þar sem ráðuneytið hafði í huga að kveðið yrði sérstaklega á um þann hátt í sérlöggjöf um matvæli. Nefndina skipuðu Ingólfur J. Petersen, deildarstjóri lyfjamáladeildar heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, formaður, Ólafur Pétursson, forstöðumaður mengunarvarna Hollustuverndar ríkisins, og dr. Þorkell Jóhannesson, prófessor, formaður eiturefnanefndar.

Niðurstaða nefndarinnar var sú að lagfæra þyrfti lög um eiturefni og hættuleg efni vegna breytinga sem orðið höfðu frá gildistöku þeirra, m.a. vegna tilkomu Vinnueftirlits ríkisins, sbr. lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, Hollustuverndar ríkisins, sbr. lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, og Lyfjæftirlits ríkisins, sbr. lyfjalög. Enn fremur þyrfti að taka á þeim þáttum sem snertu landlæknisembættið, því landlæknir fór með yfirumsjón þessa málaflokks þegar gildandi lög voru samþykkt 1968 en heilbrigðisráðuneytið tók við þeim málum eftir stofnun þess. Auk þess var gerð sú meginbreyting á fyrri lögum að

flokkun efna á lista um eiturefni og hættuleg efni færi eftir skaðlegum áhrifum og notkunar-sviði efnanna, en ekki eftir fyrir fram gefnum flokkunarreglum og var það gert með það fyrir augum að hægt yrði að kveða á um flokkun og merkingu í einni og sömu reglugerðinni og þannig farið inn á sömu braut og Efnahagsbandalag Evrópu (EBE) og önnur ríki á Norðurlöndum höfðu gert. Eitt af meginmarkmiðum með endurskoðuninni var að laga lögum að reglum EBE. Mikilvægt var talið að samræmis yrði gætt við reglur EBE og Norðurlandanna enda slíkt fallið til að auðvelda eftirlit með innflutningi, framleiðslu og dreifingu eiturefna og hættulegra efna. Frumvarpið varð að lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, og var fljótlega eftir gildistöku laganna hafin endurskoðun reglugerðar um merkingar og þær samræmdar merkingum EBE og Norðurlandanna. Sú breyting var gerð á lögnum að þau ná ekki yfir notkun eiturefna og hættulegra efna í matvælum en um þau atriði er fjallað í matvælalögum, nr. 93/1995.

Margar breytingar hafa verið gerðar á lögum um eiturefni og hættuleg efni síðan 1988. Þannig var eiturefnanefnd lögð niður fljótlega eftir gildistöku laganna og verkefni hennar færð yfir á nýtt svið í Hollustuvernd ríkisins, eiturefnasvið. Málaflokkurinn færðist frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti yfir til umhverfisráðuneytis 1. júní 1994 ásamt þeim málum er vörðuðu heilbrigðiseftirlit og matvælaeftirlit þannig að öll starfsemi Hollustuverndar ríkisins færðist undir umhverfisráðuneytið. Þær breytingar sem gerðar hafa verið á lögnum síðar tengjast fyrst og fremst þróun löggjafar innan Evrópusambandsins (ESB) en með aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu (EES) 1. janúar 1994 gekkst Ísland undir að hlíta sömu reglum um eiturefni og hættuleg efni og gert er innan Evrópusambandslandanna.

Árið 2000 var nefnd skipuð sem fékk það hlutverk að endurskoða lög nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni. Var nefndinni sérstaklega ætlað að huga að löggjöf Evrópusambandsins og lagaþróun innan Evrópu á sviði eiturefna, hættulegra efna og efna almennt og þá að fenginni reynslu af framkvæmd þágildandi laga. Skilaði nefndin af sér frumvarpsdrögum sem ekki voru lögð fram þar sem fyrirsjáanlegar voru miklar breytingar í þessum málaflokki, m.a. vegna væntanlegra breytinga á efnalöggjöf Evrópusambandsins. Hins vegar er rétt að geta þess að við vinnu við það frumvarp sem hér liggur fyrir var stuðst við hið eldra frumvarp.

Efnalöggjöf Evrópusambandsins.

Þegar lög nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, voru samin var höfð hliðsjón af samsvarandi löggjöf á Norðurlöndunum og í Evrópu. Á þeim tíma skiptist löggjöf Efnahagsbandalags Evrópu (EBE) um efni og efnavöru í stórum dráttum í eftirtalda meginþætti: flokkun, pökkun og merking hættulegra efna og efnavara, bann og takmarkanir á notkun og markaðssetningu hættulegra efna og efnavara, einnig flokkun, pökkun og merking varnarefna og takmörkun á notkun þeirra, sem og flokkun, merkingar og prófanir á snyrtivörum og um þvottaefni. Grunnurinn að þessari löggjöf var meira eða minna lagður árið 1967 en þá voru t.d. samræmdar reglur aðildarríkjanna um flokkun og merkingar efna. Síðan bættist við ákvæði um takmarkanir á markaðssetningu efna og efnavara og um snyrtivörur árið 1976 og um flokkun og merkingar efnavöru árið 1988. Til viðbótar við framangreinda löggjöf má nefna löggjöf um ósneyðandi efni frá 1991 og um sæfiefni frá 1998. Í byrjun beindist löggjöf EBE mest að þáttum sem snerta heilsu fólks en upp úr 1990 var farið að setja bindandi ákvæði um flokkun efna út frá áhrifum þeirra á umhverfið. Kröfur til framleiðenda og innflytjenda um rannsóknir á áhrifum efnanna höfðu aukist mikið á þessum árum og einnig yfir-

sýn yfir þau efni sem voru á markaði. Mun strangari kröfur voru gerðar til efna sem komu á markað eftir 18. september 1981. Talið er að fyrir þann tíma hafi verið rúmlega 100.000 efni í umferð. Þessi efni eru kölluð „skráð efni“ og er takmarkaðar upplýsingar að finna um áhrif flestra þeirra á heilsu og umhverfi. Efni sem hafa komið á markað eftir 1981 og kölluð eru „ný efni“ eru aðeins um 3.000 talsins. Svo virðist sem fyrirtækin veigri sér við að framkvæma þær viðamiklu prófanir sem þarf til að sýna fram á að mögulegt sé að nota efnin án mikillar áhættu fyrir umhverfi eða heilsu og virðist þetta hafa komið í veg fyrir frekari þróun og markaðssetningu nýrra efna.

Talið er að á markaði í Evrópu séu um 30.000 skráð efni í meira magni en 1 tonn. Árið 1993 var samþykkt tilskipun sem gerði kröfu um að aflað yrði frekari upplýsinga og metin áhættan af notkun þessara efna. Sambærileg tilskipun var samþykkt árið 1991 til að endurmeta áhrif af notkun varnarefna sem voru í umferð í Evrópu. Þessi vinna var að mestu á ábyrgð stjórnvalda. Komið hefur á daginn að þau hafa langt í frá nægilegt bolmagn til að sinna þessu eins og ætlunin hafði verið. Einungis hafði tekist að ljúka við áhættumat á um 40 skráðum efnum árið 2003.

Árið 1998 voru stjórnvöld í Evrópusambandinu farin að hafa verulegar áhyggjur af því að efnalöggjöfin væri ekki nægilega traust. Aftur og aftur hefur komið í ljós að efni sem talin voru örugg eru það ekki þegar á reynir. Þannig má nefna asbest, ósoneyðandi efni, þrávirk efni, tiltekin eldtefjandi efni og svokallaða hormónaherma sem geta í litlu magni valdið miklum skaða. Menn fóru því að endurskipuleggja löggjöfina með það fyrir augum að gera hana markvissari og jafna þær kröfur sem gerðar eru til nýrra og skráðra efna. Lagt var til að ábyrgðin á áhættumati efna færðist yfir á iðnaðinn. Lögð var fram Hvítbók um efnalöggjöf Evrópubandalagsins (EB) árið 2001. Hinn 1. júní 2007 gekk svo í gildi innan ESB reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir á efnum (REACH), stofnun Efnastofnunar Evrópu, breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB sem innleidd var á Íslandi með lögum nr. 45/2008, um efni og efnablöndur.

Lög nr. 45/2008, um efni og efnablöndur.

Árið 2008 gengu í gildi lög nr. 45/2008, um efni og efnablöndur. Var frumvarpinu ætlað að skapa lagastoð fyrir innleiðingu framangreindrar REACH-reglugerðar um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir á efnum. Voru með frumvarpinu lögfestar almennar meginreglur og ráðherra veitt heimild til að setja frekar ákvæði um fyrirkomulag skráningarskyldu efna og um takmarkanir á framleiðslu, setningu á markað og notkun á efnum og efnablöndum í reglugerð. Var þó gert ráð fyrir því að lög nr. 52/1998 héldu gildi sínu áfram enda var þar að finna ýmsa þætti sem ekki var fjallað um í REACH. Mikilvægur þáttur í REACH-reglugerðinni er að innleidd er sú nýjung að nú þarf iðnaðurinn að sýna fram á að efnavaran sé örugg. Áður var það yfirvalda að sýna fram á að efnavaran væri ekki örugg. Þessi nýja hugsun er að taka við í allri evrópskri löggjöf um efni og efnablöndur, t.d. hvað varðar varnarefni.

Árið 2011 voru gerðar breytingar á lögnum um efni og efnablöndur í þeim tilgangi að setja lagastoð fyrir innleiðingu reglugerðar (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna (CLP). Með innleiðingu á reglugerðinni er verið að taka upp

samræmda flokkun og merkingu hættulegra efna á heimsvísu, innleiða ný varnaðarmerki auk nýrra hættuflokka og hættu- og varnaðarsetninga.

Annað alþjóðlegt samstarf á sviði efnamála.

Margs konar alþjóðlegt samstarf fer fram á efnasviðinu. Sem dæmi má nefna eftirtalda starfsemi sem er mjög mikilvæg á þessu sviði og hefur oft bein eða óbein áhrif löggjöf hér á landi.

Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) hefur frá 1978 starfað að ýmsum málum er varða hættuleg efni. Þar má t.d. nefna eftirlit með hættulegum efnum, mat á áhættu af notkun efna fyrir heilsu og umhverfi, reglur um prófanir á efnum, úttektir og mat á einstökum efnum og tillögur um það hvernig má draga úr áhættu af efnanotkun. Ísland hefur ekki tekið virkan þátt í þessu starfi OECD en fær skýrslur og upplýsingar um þá starfsemi sem þar fer fram.

Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna (UNEP) hefur unnið markvert starf um efni. Sem dæmi má nefna takmörkun á notkun ósoneyðandi efna. Árið 1985 var Vínarsamningurinn um verndun ósonlagsins samþykktur og í framhaldi af honum Montreal-bókunin árið 1987 um takmörkun á notkun ósoneyðandi efna. Montreal-bókuninni hefur verið breytt margsinnis á þann veg að ákvæði hennar hafa verið hert og fjölgað þeim efnum sem hún tekur til. Það er sérstakt við Montreal-bókunina að þar bundust þjóðir heims samkomulagi um að takmarka notkun efna sem talið var að gætu haft víðtæk óbein áhrif á heilsu og umhverfi með eyðingu ósonlagsins. Ósonlagið veitir vörn gegn útfjólubláum geislum og þrátt fyrir að áhrif þessara efna væru umdeild og erfitt að færa sönnur á að þau gætu valdið þeim skaða sem menn óttuðust var ákveðið að takmarka eða banna þau. Segja má að þarna hafi menn beitt varúðarreglunni í fyrsta sinn og með því tókst að snúa við þróun sem hefði getað haft í för með sér ófyrirsjáanlegar afleiðingar. Ísland hefur tekið þátt í þróun Montreal-bókunarinnar og samþykkt þær breytingar sem á henni hafa verið gerðar en 24. gr. frumvarpsins varðar m.a. framkvæmd þessa samnings.

Stokkhólmssamningurinn um þrávirk lífræn leysiefni (Persistent Organic Pollutants eða POPs) er einnig á vegum UNEP og tók Ísland virkan þátt í mótun hans. Samningurinn tók gildi 17. maí 2004. Þetta er alþjóðasamningur sem miðar að því að vernda heilsu manna og umhverfið fyrir áhrifum af þrávirkum lífrænum leyfsiefnum, þ.e. efnum sem hafa langan líftíma og geta borist langar leiðir. Þessi efni safnast upp í lífkeðjunni þar sem þau geta valdið miklum skaða og er það markmið samningsins að banna eða takmarka losun slíkra efna í umhverfið.

Rotterdamssamningurinn um fyrir fram samþykkt leyfi (Prior Informed Consent eða PIC) er á vegum UNEP og Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO). Vinna að gerð samningsins hófst upp úr 1980 en lengi framan af var eingöngu um að ræða frjálsa viljayfirlýsingu af hálfu þjóðanna. Árið 1998 var ákveðið að styrkja frekar grundvöll starfseminnar með formlegum samningi. Samkvæmt samningnum sem tók gildi 2004 er óheimilt að flytja hættulegustu varnarefni og önnur eiturefni á milli landa nema móttökulandið sé upplýst um hugsanlega skaðsemi af völdum viðkomandi efna og að stjórnvöld samþykki innflutning. Fyrirhugað er að Ísland gerist aðili að samningnum en sambærileg ákvæði hafa í raun verið í gildi hér á landi í gegnum Evrópusamstarfið.

Ýmsir aðrir samningar á vegum Sameinuðu þjóðanna tengjast efnanotkun og takmörkun á notkun efna. Þar má nefna rammamninginn um loftslagsbreytingar og Kyoto-bókunina um takmörkun á losun gróðurhúsalofttegunda en takmarkanir bókunarinnar ná einnig til notkunar efna.

Formlegum milliríkjasamstarfsvettvangi Sameinuðu þjóðanna um öryggi efna (Inter-governmental Forum on Chemical Safety eða IFCS) var komið á fót í framhaldi af umhverfisráðstefnu ríkjanna í Ríó 1992 þar sem samþykkt var Dagskrá 21, þ.e. framtíðaráætlun um aðgerðir í umhverfismálum en 19. kafli hennar fjallar um umhverfissvæna og örugga meðhöndlun efna. Auk UNEP komu Alþjóðavinnuálagstofnunin (ILO) og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) að skipulagningu þessa samstarfsvettvangs. Þar hefur verið lögð sérstök áhersla á markvissari stjórnun og yfirsýn yfir efnanotkun í aðildarríkjunum en einnig má nefna málaflokka eins og flokkun og merkingar, áhættumat efna og örugga meðhöndlun efna út frá umhverfissjónarmiðum svo og önnur tengd svið í Dagskrá 21, svo sem um spillifni og heilsu manna.

Norrænt samstarf er á vegum norræna efnahópsins (NKG, nordisk kemikalie gruppen,) sem starfar undir Norrænu ráðherranefndinni sem fer með umhverfismál. Sérfræðingar Umhverfisstofnunar sitja í norræna efnahópnum og vinnuhópum á hans vegum sem vinna að hinum ýmsu verkefnum tengdum málaflöknum.

II. Tilfni og nauðsyn lagasetningar.

Frumvarp þetta, sem var lagt fram til kynningar á 140. löggjafarþingi, á sér langan aðdraganda. Árið 2000 var skipuð nefnd sem hafði það hlutverk að gera tillögu að heildarendurskoðun laga um eiturefni og hættuleg efni, enda lögin komin nokkuð til ára sinna og m.a. nauðsynlegt að samræma þau evrópski efnalöggjöf. Frumvarpið var ekki lagt fram, m.a. af þeirri ástæðu að miklar breytingar voru fyrirhugaðar innan ESB og því ljóst að fara þyrfti að nýju í heildarendurskoðun á íslenski efnalöggjöf. Ný löggjöf veitir tækifæri til að fara heildstætt yfir málaflokkinn. Ljóst er að miklar breytingar hafa orðið á undanförunum árum, einkum með tilkomu nýrrar efnalöggjafar frá ESB sem tekin hefur verið upp hér á landi. Ný löggjöf ESB kallar enn fremur á nýjar kröfur til framkvæmdar og eftirlits og ljóst er að styrkja þarf töluvert framkvæmdina á þessum málaflökki í tengslum við þessa endurskoðun. Þar er einkum horft til krafna um að ríki geri eftirlitsáætlanir og skili reglulega inn upplýsingum um framkvæmdina og niðurstöður eftirlits.

Á vordögum 2011 var ákveðið að starfshópur umhverfisráðuneytis og Umhverfisstofnunar hæfi nýja heildarendurskoðun efnalaga. Í starfi sínu naut hópurinn aðstoðar heilbrigðisfulltrúa og starfsmanns frá Samtökum iðnaðarins. Litið var til þess að eldri lög nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, eru komin til ára sinna og óþarflega flókin. Þá hafa nú önnur lög tekið gildi samhliða þeim lögum, lög nr. 45/2008, um efni og efnablöndur, og fjöldinn allur af reglugerðum sem eiga sér stoð í þessum lögum. Þá var ljóst að skoða þyrfti frá grunni eftirlits- og leyfisveitingarkerfi vegna efna hér landi, auk þess sem nauðsynlegt er orðið að samræma íslenska löggjöf að evrópski. Auk þess er aukið krafa um samræmt eftirlit á landsvísi og í allri Evrópu. Í REACH-reglugerðinni er ákvæði sem segir að Efnastofnun Evrópu skuli halda utan um samstarf stofnunarinnar, allra aðildarríkja og framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins sem hefur það markmið að samræma framkvæmd REACH-reglugerðarinnar innan EES. Þessi hópur kallast Forum og tilnefni Umhverfisstofnun fulltrúa Íslands í hann.

Málaflokkurinn um efni og efnablöndur hefur vaxið að stærð undanfarin ár með t.d. REACH-reglugerðinni og reglugerðinni um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna (CLP). Auk þeirra munu nýjar reglugerðir um sæfiefni, varnarefni og snyrtivörur verða innleiddar á næstu árum. Með fleiri reglugerðum verður málaflokkurinn sífellt víðameiri og flóknari. Nýjum reglum getur fylgt mikill kostnaður fyrir fyrirtæki, svo sem hvað varðar skráningu efna og leyfi. Fyrirtæki gera kröfu um virkt og samræmt eftirlit stjórnvalda

svo að ólöglegar vörur á markaði verði fjarlægðar og að fyrirtæki sem fara ekki eftir reglunum og hafa þar af leiðandi ekki borgað séu beitt þvingunarúrræðum og viðurlögum. Innleiðing Evrópugerða felur í sér skyldur um framkvæmd, þ.e. virkt og samræmt eftirlit, og hafa bæði Efnastofnun Evrópu og Forum gefið út leiðbeiningarrit um lágmarkskröfur um framkvæmd eftirlits og hvernig t.d. hvert aðildarríki skal setja saman eftirlitsáætlun um framkvæmd REACH-reglugerðarinnar, sjá skýrslu Efnastofnunar Evrópu: *Minimum criteria for REACH inspection* og skýrslu FORUM: *Strategies for enforcement of Regulation (EC) no. 1907/2006 concerning REACH*. Slíkt hefur enn ekki verið gert á Íslandi. Hluti af þessum kröfum er að skila inn upplýsingum til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um niðurstöður eftirlits, en skv. 117. gr. REACH-reglugerðarinnar skulu aðildarríki senda framkvæmdastjórn ESB skýrslu um beitingu reglugerðarinnar á yferráðasvæði sínu. Í nágrannaríkjum okkar er nýjum eftirlitskröfum mætt með nýjum áherslum því hvorki er til fjármagn né mannskapur til að auka sífellt eftirlitið. Í þessu samhengi má nefna skýrsluna „Reducing administrative burden“ sem unnin var í Bretlandi og fjallar um hvað beri að hafa í huga við þessar nýju aðstæður og nauðsyn forgangsroðunar. Svipaðar skýrslur hafa verið unnar hjá Evrópusambandinu á síðustu árum og koma þessar áherslur t.d. fram í eftirlitsáætlun Efnastofnunar Svíþjóðar, KemI.

Í dag er eftirlit með efnun og efnablöndum á Íslandi í höndum nokkurra stjórnvalda, svo sem hjá Vinnueftirliti ríkisins, heilbrigðisnefndum sveitarfélaga og Umhverfisstofnun. Vinnueftirlitið fer með eftirlit á vinnustöðum. Hins vegar er eftirlit með fyrirtækjum sem framleiða, flytja inn og/eða markaðssetja efni og efnablöndur í höndum þess stjórnvalds sem gefur út starfsleyfi fyrir viðkomandi fyrirtæki. Þetta þýðir að eftirlit með þessum fyrirtækjum lendir ýmist hjá heilbrigðisnefndum sveitarfélaga eða Umhverfisstofnun. Umhverfisstofnun gefur út starfsleyfi fyrir stærstu fyrirtækin sem heyra undir þennan málaflokk, sem eru 10–15 fyrirtæki. Önnur minni starfsleyfis skyld fyrirtæki með efni og efnablöndur fá starfsleyfi sín frá heilbrigðisnefndum sveitarfélaga og því er eftirlitið hjá hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd. Heilbrigðiseftirlitssvæðin eru tíu talsins og er hvert og eitt þeirra sjálfstætt. Þau eru misjöfn að stærð og mannfjölda og hafa þróað með sér mismunandi verklag. Því skiptist eftirlit með innflutningi og markaðssetningu efna og efnablandna á Íslandi í raun á milli 11 sjálfstæðra aðila, þ.e. Umhverfisstofnunar og 10 heilbrigðisnefnda.

Heilbrigðisfulltrúar á hverju heilbrigðiseftirlitssvæði, sem starfa fyrir hönd heilbrigðisnefndar, sinna eftirliti með þeirri starfsemi sem viðkomandi heilbrigðisnefnd gefur út starfsleyfi fyrir. Sá hluti þess sem snýr að efnavörueftirliti hefur helst verið merkingar efnavara. Þá er farið í verslanir sem hafa starfsleyfi frá viðkomandi heilbrigðisnefnd og skoðað hvort merkingar uppfylli settar reglur. Í þessu sambandi má benda á að heilbrigðisnefndir hafa samkvæmt núgildandi löggjöf víðtækt eftirlit með innflutningi, dreifingu og smásölu með efnun og efnablöndum. Þar má m.a. nefna reglugerð nr. 748/2003 um snyrtivörur þar sem kveðið er á um að heilbrigðisnefndir hafi eftirlit með innflutningi snyrtivara. Ljóst er að innflutningseftirliti af hálfu heilbrigðisnefnda hefur lítið verið sinnt. Í umsögn Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi vegna frumvarps þessa kemur fram að þeir telji að innflutningseftirlitið sé í höndum Umhverfisstofnunar. Ljóst er að mikilvægt er að skýra hvar ábyrgðin liggur.

Heilbrigðisnefndir hafa sætt gagnrýni fyrir ósamræmi í eftirliti á milli svæða, þ.e. fyrirtæki á einu svæði er heimsótt og krafð um úrbætur ef þarf, á meðan fyrirtæki á öðru heilbrigðiseftirlitssvæði er ekki krafð um úrbætur. Umhverfisstofnun er samkvæmt núgildandi

lögum samræmingar- og fræðsluaðili fyrir heilbrigðiseftirlitið og hefur verið gagnrýnt af heilbrigðisnefndum sveitarfélaga fyrir að sinna þessu starfi ekki sem skyldi.

Í dag er starfræktur efnavörubúur sem er samstarfsvettvangur heilbrigðisnefnda sveitarfélaga og Umhverfisstofnunar um efnæftirlit. Þar hefur verið unnið að sameiginlegum eftirlitsverkefnum með merkingum efna og efnablandna með reglubundnu millibili. Til að stuðla að aukinni samræmingu stóð Umhverfisstofnun að samstarfsverkefni heilbrigðisnefnda sveitarfélaga og Umhverfisstofnunar árið 2010 sem kallaðist Samræming efnavörueftirlits – gerð handbókar og vefgáttar fyrir gagnaskil. Meginmarkmið verkefnisins var að stuðla að betra samræmi í efnæftirliti heilbrigðisnefnda, þ.e. eftirliti með merkingum efna. Afurð verkefnisins var handbók um efnæftirlit sem var gefin út á rafrænu formi í október 2010 og vefgátt fyrir gagnaskil sem var tekin í notkun í febrúar 2011. Markmiðið með vefgáttinni er að búa til upplýsingaveitu um efnæftirlit og safna þar á einn stað upplýsingum um eftirlit með merkingum efna og efnablandna á Íslandi. Þar eiga heilbrigðisfulltrúar á öllu landinu að skrá upplýsingar um niðurstöður eftirlits í gagnabanka. Vefgáttin er einnig lokaður samskiptavettvangur fyrir eftirlitsaðila og þar er hægt að nálgast upplýsingar um eftirlit frá öðrum heilbrigðisnefndum. Gagnabankinn nýtist síðan Umhverfisstofnun við að taka saman upplýsingar um eftirlit með merkingum á efnavörum sem senda skal til Eftirlitsstofnunar EFTA. Í febrúar 2012 var gerð tölfræðigreining á gögnum í vefgáttinni fyrir árið 2011, sem er fyrsta árið sem vefgáttin er notuð. Þar kom í ljós að heilbrigðisnefndir fóru í 352 eftirlitsferðir og skoðuðu merkingar efnavara. Þar af fóru heilbrigðisnefndir Reykjavíkurborgar í 217 ferðir (rúmlega 60%) og heilbrigðisnefndin á Austurlandi er auk þess öflug. Samkvæmt gögnum í gagnabanka fóru þrjár heilbrigðisnefndir í enga eftirlitsferð að skoða merkingar efnavara. Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi (SHÍ) hafa hins vegar bent á að varhuga-vert sé að túlka þessa greiningu sem svo að ekkert efnæftirlit hafi farið fram á einstökum svæðum á þessu tímabili. Ein skýring SHÍ er að farið hafi verið í margþætt eftirlit í ákveðnum fyrirtækjum í einni og sömu eftirlitsferð þar sem meginstarfsemi viðkomandi fyrirtækis sé önnur en sala efna og efnahlutinn sé því ekki færður inn í gáttina. SHÍ bendir á að ekki sé komin löng reynsla af notkun efnavörubúubókunarinnar og vefgáttar og leggur til að betri reynsla komi varðandi þetta atriði.

Eftir innleiðingu á REACH-reglugerðinni hefur Umhverfisstofnun tekið þátt í sam-evrópskum eftirlitsverkefnum með REACH-reglugerðinni. Þá hefur komið upp sú staða að fyrirtækin sem þarf að hafa eftirlit með eru ýmist með starfsleyfi frá Umhverfisstofnun eða hjá hinum ýmsu heilbrigðisnefndum. Því er eftirlitsheimildin ýmist hjá Umhverfisstofnun eða viðkomandi heilbrigðisnefnd. Umhverfisstofnun hefur þá þurft að beina eftirlitinu í gegnum viðkomandi heilbrigðisnefnd og ef til stjórnvaldsúrræða kemur þá þarf viðkomandi heilbrigðisnefnd að framkvæma þau. Þessi staða gerir framkvæmd þessa eftirlits þunga í vöfum.

Eftirlit með efnunum á Íslandi í dag nær ekki utan um allar þær Evrópugerðir sem þarf að hafa eftirlit með. Að auki verða brátt innleiddar nýjar reglugerðir um sæfiefni, varnarefni og snyrtivörur með tilheyrandi skyldum um eftirlit. Því þarf að huga að ýmsu öðru í eftirliti með efnunum og efnablöndum á næstu missirum, eins og t.d. með skráningu, upplýsingaflæði, notkun, markaðssetningu og -leyfum, takmörkunum og leyfisveitingum. Auk þess þarf að koma á markvissri fræðslu til þeirra aðila/fyrirtækja um allt land sem ber skylda til að fara eftir þessum nýju reglum.

Efnaiðnaður og innflutningur á Íslandi er ekki stór í sniðum miðað við flest nágrannaríki okkar og því ætti að vera hægt að ná utan um þennan málaflokk með góðu stjórnskipulagi.

Hér á landi er stóriðja, svolítið af framleiðslu og svo innflutningur og smásala í samræmi við stærð landsins. Frumvarp þetta snertir þá sem markaðssetja efni og efnablöndur hér á landi, þ.m.t. þá sem flytja inn. Þá snertir frumvarpið þá sem framleiða efni hér á landi, einnig alla þá sem nota efni og efnablöndur sem falla undir frumvarpið, bæði atvinnutengt en ekki síður snertir frumvarpið allan almenning sem notar efnavörur í sínu daglega lífi.

Í Svíþjóð og Danmörku er þetta skipulagt þannig að Kemikalieinspektionen í Svíþjóð og Miljøstyrelsen í Danmörku hafa umsjón með eftirliti með efnum og efnavörum í viðkomandi löndum, án tillits til starfsleyfis. Í Svíþjóð hefur síðan verið komið á samstarfsverkefnum um merkingar vara í smásölu við sveitarfélög (lén, kommuner) út um allt land. Þá útbýr Kemikalieinspektionen allar leiðbeiningar og eyðublöð og eftirlitsaðilar hjá sveitarfélögum framkvæma eftirlit í verslunum í heimabyggð. Nágrannalönd okkur hafa brugðist við aukinni eftirlitsskyldu með því að reyna að forgangsraða eftirlitsverkefnum út frá áhættu. Ef Ísland vill taka sér þessi lönd til fyrirmyndar þá þarf breytingar. Sjá nánar umfjöllun um framkvæmdina á Norðurlöndum í IV. kafla hér á eftir.

Með því fyrirkomulagi að eftirlit sé á einni hendi er auðveldara að samræma eftirlit á öllu landinu. Leggja þarf áherslu á að hafa eftirlit þar sem hættan er mest en ekki eingöngu hafa reglubundið starfsleyfiseftirlit. Leita þarf lausna við rót vandans, þ.e. beint hjá innflutningsaðilum og hjá tollinum. Jafnframt þarf að auka fræðslu til fyrirtækja.

Þá er nýmæli að lagt er til að stjórnvaldssektum verði beitt til að tryggja að farið verði eftir frumvarpinu. Mikilvægt er að viðurlögum við brotum gegn lögnum sé beitt. Ekki þykir rétt að öll frávik frá frumvarpinu varði refsingu og sekt sem ákveðin er af dómstólum. Hins vegar er mikilvægt að viðurlögum sé beitt gagnvart brotum gegn frumvarpinu þar sem óeðlilegt er að unnt sé að hagnast á að fara ekki eftir lögum. Með því að taka upp stjórnvaldssektir er unnt að beita þeim þannig að betur sé tryggt að farið verði eftir lögum. Almenn má segja að aðili sem hefur fengið stjórnvaldssekt, fyrir tiltekið frávik, er líklegri til þess að fara framvegis eftir lögnum. Við útfærslu á ákvæðum um stjórnvaldssektir var tekið mið af ákvæðum laga nr. 56/2010, um váttryggingastarfsemi, og þeirra sjónarmiða sem að baki þeim búa.

III. Meginefni frumvarpsins.

Eins og áður greinir var talið nauðsynlegt að ráðast í heildarendurskoðun á íslenski efnalöggjöf. Meðal annars þótti í þeim tilgangi nauðsynlegt að skoða frá grunni núverandi eftirlits- og leyfisveitingakerfi auk þess sem nauðsynlegt er að sameina lög um eitrefni og hættuleg efni og lög um efni og efnablöndur ásamt því að samræma íslenska löggjöf að evrópski efnalöggjöf.

Markmið með frumvarpinu er að færa eftirlit framar í aðfangakeðjunni og tryggja öryggi efnavara á markaði. Segja má að helstu nýmæli í frumvarpinu séu þau að efnaeftirlit er fært til Umhverfisstofnunar frá heilbrigðisnefndum sveitarfélaga í þeim tilgangi að gera eftirlitið markvissara og tryggja yfirsýn. Þetta er gert með því að leggja aukna áherslu á eftirlit með efnum og efnablöndum framar í aðfangakeðjunni með því að hafa eftirlit með birgjum. Þetta ætti að skila betri árangri og draga úr þörf fyrir eftirlit í smásölu. Heilbrigðisnefndir munu þó halda áfram að sinna eftirliti með merkingum efnavara sem hluta af reglubundnu eftirliti með starfsleyfisskyldum fyrirtækjum. Þá er gert ráð fyrir því að heilbrigðisnefndir geti tekið að sér verkefni samkvæmt eftirlitsáætlun, sbr. 51. gr. frumvarpsins, í umboði Umhverfisstofnunar og á kostnað stofnunarinnar. Í báðum tilvikum munu þvingunarúræði vera í höndum Umhverfisstofnunar sem mun tryggja samræmd viðbrögð um land allt. Þá eru leyfisveitingar einfaldaðar töluvert og gerðar markvissari. Í frumvarpinu er lagt upp með að

almennt eftirlit með framkvæmd laganna og reglugerða settra samkvæmt þeim verði á einni hendi, þ.e. í höndum Umhverfisstofnunar. Umhverfisstofnun geri sérstaka eftirlitsáætlun byggða á áhættumati og stofnunin fari í eftirlit á grundvelli hennar, svo og í kjölfar ábendinga og tilkynninga frá öðrum stjórnvöldum og almenningi. Með þessu fæst heildarsýn yfir málaflokkinn á öllu landinu og fjármunir nýttir þar sem mesta hættan er talin vera.

Lagt er til að efnaeftirlit verði fjármagnað af fjárlögum og að Umhverfisstofnun verði heimilt að taka gjald m.a. vegna veitingar leyfa, námskeiða og prófa og prófana og rannsóknna. Þá eru gerðar töluverðar breytingar á þvingunarúrræðum samkvæmt frumvarpinu. Jafnframt er lagt til að Umhverfisstofnun hafi heimild til að leggja stjórnvaldssektir á þá sem brjóta gegn tilteknum ákvæðum laganna. Þá er kaflinn almennar skyldur nýmæli en þar er m.a. hnykk á skiptireglunni svonefndu sem og greiðslureglunni ásamt ýmsum öðrum ákvæðum sem ástæða þykir til hnykkja sérstaklega á.

Rétt er að nefna að fjölmargar greinar og jafnvel heilir kaflar frumvarpsins byggjast að miklu eða öllu leyti á gildandi löggjöf, sumpart í ljósi þess að um nýlegar lagabreytingar er að ræða sem gerðar eru með tilliti til skuldbindinga Íslands vegna EES-samningsins og því eðlilegt að þær haldi gildi sínu áfram. Hér má m.a. nefna V. kafla um framleiðslu og markaðssetningu þar sem ákvæði um REACH-reglugerðina svonefndu voru tekin að mestu óbreytt úr lögum nr. 45/2008, um efni og efnablöndur. Sömu sögu er að segja um ákvæði VI. kafla um flokkun, merkingu og umbúðir. Þá má einnig nefna IX. kafla um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir en þar er um að ræða ákvæði til innleiðingar á reglugerð (EB) nr. 842/2006 um flúoreraðar gróðurhúsalofttegundir. Má finna þessi ákvæði í dag í lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, sbr. breytingalög nr. 92/2009. Þá eru nokkur ákvæði laganna óbreytt frá lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, en hér má m.a. nefna 15.–18. gr. um varðveislu efna, bann við íblöndun, flutning og förgun.

Að lokum er rétt að benda á að við vinnslu frumvarpsins var norræn löggjöf skoðuð að töluverðu leyti. Sérstaklega var horft til Finnlands en þar í landi hafa nýlega verið sett ný heildarlög um efni og efnablöndur, Kemikalielag 14.7.1989/744. Var m.a. höfð hliðsjón af hinum finnsku lögum varðandi uppsetningu á II. kafla um verkaskiptingu stjórnvalda en einnig voru þau að töluverðu leyti höfð til hliðsjónar þegar ákvæði um eftirlit voru endurskoðuð, sbr. XI. kafla.

IV. Framkvæmd á Norðurlöndum.

Við stefnumótun á framkvæmd var horft til reynslu Danmerkur, Svíþjóðar, Noregs og Finnlands. Því var spurningalisti sendur til allra þessara landa, sem þau svöruðu öll, þar sem spurt var hvernig eftirliti væri háttað í viðkomandi landi og hver reynslan væri. Eins og fram kemur var við gerð frumvarpsins sérstaklega horft til Finnlands. Önnur Norðurlönd hafa einnig að undanfögnu endurskoðað efnalöggjöf sína og fyrirkomulag efnamála. Í Danmörku sinnir „Miljøstyrelsens Kemikalieinspektion“ eftirliti með efnalöggjöf landsins og EB-gerðum á sviði efnamála. Í Noregi hefur „Klima og forurensningsdirektoratet (Klif)“ eftirlit með efnum sem notuð eru í iðnaði og áhrif hafa á umhverfið. Klif sér einnig um eftirlit með efnum og vörum sem ætlaðar eru neytendum, þ.m.t. börnum, og áhrifum þeirra á umhverfi og heilsu. Stofnunin fer með málefni er varða ákvæði REACH-reglugerðarinnar um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir á efnum, CLP-reglugerðar um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna og sæfiefni og hefur eftirlit með efnafræðilegum eiginleikum í samræmi við GPSD vegna leikfanga og annarra RAPEX-tilkynninga. Í Svíþjóð hefur KemI eftirlit með helstu birgðasölum, þ.e. innflytjendum og framleiðendum efna og

efnablandna. Í Svíþjóð er megináhersla lögð á að hafa aðallega eftirlit með þeim sem setja vörur á markaðinn. Í löndunum þremur eru jafnframt aðrir aðilar sem sinna eftirliti. Vinnueftirlit landanna gegnir ákveðnu hlutverki en eftirlitsaðilar eiga sér að öðru leyti ekki beina hliðstæðu í hinum löndunum. Hér má nefna að í Danmörku sinnir Vinnueftirlitið (Arbejdstilsynet) eftirliti með efnanotkun á vinnustöðum á landi, Orkustofnun (Energistyrelsen) sinnir eftirliti með efnanotkun á vinnustöðum á hafi úti, Siglingastofnun (Søfartsstyrelsen) sinnir eftirliti með efnanotkun um borð í skipum og svo hefur Plöntustofnun (Plantedirektoratet) eftirliti með notkun bænda á meindýraeitri. Í Noregi ber Vinnueftirlitið (ATIL – Arbejdstilsynet) ábyrgð á heilsuvernd á vinnustöðum og fer með málefni er varða merkingu og umbúðir efna og efnablandna, Almannaávarnir (DSB – Direktoratet for samfunnssikkerhet og beredskap) fara með eftirlit vegna ytri og efnafræðilegra eiginleika, eru samræmingaryfirvald vegna stórslysa, fara með málefni er varða merkingu og umbúðir efna og efnablandna og gegna samræmingarhlutverki vegna GPSD- og RAPEX-tilkynninga. Þá ber Eldsneytis-eftirlitið (Petroleumstilsynet) ábyrgð á heilsuvernd og öryggi í olíuöðnaðinum, Matvæla-eftirlitið (Mattilsynet) fer með eftirlit með snyrtivörum, meindýraeitri, matvælum og dýra-vernd. Í Noregi eru sérstök svið innan Heilbrigðiseftirlits ríkisins (Statens helsetilsyn) og Geislavarna ríkisins (Statens strålevern). Svæðisskrifstofur Atil, DSB og Matvælaeftirlitið sinna svæðisbundnu og einfaldara efnaeftirliti í Noregi. Í Svíþjóð hefur eins og að framan greinir KemI eftirlit með helstu birgðasölum, þ.e. innflytjendum og framleiðendum efna og efnablandna. Sænska vinnueftirlitið (Arbetsmiljöverket) hefur eftirlit með notkun efna og efnablandna í vinnuumhverfi, sýslunefndir (Länsstyrelserna) sinna aðallega umhverfistengdu eftirliti með efnum og efnablöndum þegar starfsemi er umfangsmikil. Umhverfisnefndir sveitarfélaga (Kommunernas miljönämnd) sinna aðallega eftirliti með notkun á efnum og efnablöndum þegar starfsemi er ekki umfangsmikil. Eftirlit sveitarfélaganna er umhverfistengt líkt og eftirlit sýslunefndanna. Loks er það Lyfjastofnun (Läkemedelsverket) sem hefur eftirlit með snyrti- og hreinlætisvörum.

Í Noregi er sameiginlegur eftirlitsgagnagrunnur (FTD) þar sem skrá skal allar (að meginstefnu til) áætlaðar eftirlitsferðir. Þetta eykur yfirsýn þannig að kostur gefst á að samræma/sameina eftirlit með fyrirtækjum sem heyra undir eftirlit fleiri en eins aðila. Þetta gildir ekki eingöngu um eftirlit með efnum heldur einnig annað eftirlit t.d. með úrgangi og starfsleyfisskyldri starfsemi. Í Danmörku er eftirlit með REACH hjá eftirnotendum (downstream users) skipulagt af efnaeftirliti „Umhverfisstofnunar“ (Miljøstyrelsens Kemikalieinspektion) og Vinnueftirlitinu (Arbejdstilsynet) í sameiningu. Í Noregi fer eftirlitið bæði fram sem hluti af eftirliti með starfsleyfisskyldri starfsemi (industrikontroller) sem og sérstakt efnaeftirlit. Þar er einnig sérstakt vörueftirlit. Í Svíþjóð hafa sýslunefndir og sveitarfélög eftirlit með starfsemi sem er hættuleg umhverfinu og veitir „Umhverfisstofnun“ (Naturvårdsverket) þeim leiðbeiningar. Það eftirlit er ekki samræmt eftirlitinu sem KemI framkvæmir á hinum almenna markaði.

Í þessum þremur löndum er almennt ekki lagt á sérstak gjald vegna efnaeftirlits. Í Danmörku er eftirlitið fjármagnað af fjárlögum. Í Noregi eru gerðar sérstakar kröfur um að tilkynnt sé um hættuleg efni (ekki vörur) og er lagt á sérstakt tilkynningargjald fyrir hvert efni. Þetta gjald er nýtt til eftirlits og því er ekki tekið sérstakt gjald fyrir efnaeftirlit. Fyrirkomulagið í Svíþjóð er svipað og í Noregi. Fyrirtæki sem flytja inn eða framleiða efni eða efnablöndur greiða árlegt gjald til sænsku efnaskrárinnar. Það gjald á að duga fyrir því eftirliti sem KemI framkvæmir í fyrirtækjunum. Sýslunefndir og sveitarfélög taka sérstakt gjald fyrir eftirlitið sem þeir fara með og tengist umhverfiseftirliti.

V. Samráð.

Við samningu frumvarpsins var leitað til ýmissa aðila eftir upplýsingum. Einnig var frumvarpið sent til umsagnar með bréfi til valinna aðila og sett á heimasíðu umhverfissráðuneytisins til kynningar. Þá fundaði ráðuneytið sérstaklega með Umhverfisstofnun, Samtökum heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi, framkvæmdastjóra heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, velferðarráðuneytinu, Vinnueftirliti ríkisins, innanríkisráðuneyti, Neytendastofu, Landssamtökum meindýraeyða, Samtökum iðnaðarins og Samtökum atvinnulífsins.

Viðbrögð bárust frá eftirfarandi:

1. Umhverfisstofnun.
2. Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis.
3. Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur.
4. Heilbrigðisnefnd Suðurlandssvæðis.
5. Heilbrigðisnefnd Vestfjarðasvæðis.
6. Heilbrigðisnefnd Vesturlands.
7. Heilbrigðisnefnd Austurlands.
8. Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra.
9. Samtökum heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi.
10. Samtökum atvinnulífsins.
11. Samtökum iðnaðarins.
12. SVÞ – Samtökum verslunar- og þjónustu.
13. Mennta- og menningarmálaráðuneytinu.
14. Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði.
15. Velferðarráðuneytinu.
16. Vinnueftirliti ríkisins.
17. Lyfjastofnun.
18. Eitrunarmiðstöð Landspítalans.
19. Árvekni.
20. Neytendastofu.
21. Tollstjóra.
22. Ríkisskattstjóra.
23. Mannvirkjastofnun.

Unnið var úr umsögnum og tók frumvarpið nokkrum breytingum í framhaldi af því. Beinar efnislegar ábendingar bárust sem tekið var tillit til. Þá kom fram það sjónarmið að löngu tímabært væri að endurskoða efnalöggjöfina og tryggja að regluverkið væri sambærilegt hér á landi og annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu.

Það sem helst stendur út af eru athugasemdir Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi og heilbrigðisnefnda. Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis valdi að bíða með að veita efnislega umsögn um frumvarpið þar til það yrði lagt fram á Alþingi. Fram kom að heilbrigðisnefndin gæti tekið undir það að einfalda mætti eftirlitið með það að leiðarljósi að auka eftirlit og gera það markvissara þannig að það yki öryggi hins almenna borgara. Nefndin taldi sig ekki geta metið á þeim tíma sem hún hafði hvort frumvarpið leiði til þessarar nálgunar. Þá kom fram að nefndin vildi fá upplýsingar um pólitíska stefnumörkun varðandi heilbrigðiseftirlitið í landinu. Hinar heilbrigðisnefndir og Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi gera í stuttu máli athugasemdir við að færa eigi efnaeftirlit frá sveitarfélögum yfir til ríkisins. Á fundi með framkvæmdastjórum heilbrigðiseftirlitssvæða bentu framkvæmda-

stjórnarnir á að viss hættu væri á að þekking tapaðist úti á svæðunum við fyrirhugaða breytingu og jafnframt gæti verið hættu á að bakslag kæmi í þann árangur sem náðst hefur í sambandi við slysavarnir og öryggi varðandi efni. Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi leggja áherslu á að efniðurstaðan verði sú að Umhverfisstofnun taki yfir allt efnaeftirlit verði skýr heimild til að framselja eftirlit með öllum þeim þvingunarúrræðum sem lögin heimila til viðkomandi stjórnvalds. Í ljósi þessa ber að vekja athygli á að lagt er til í frumvarpi þessu að verslanir sem selja snyrtivörur, eiturefni og önnur hættuleg efni verði ekki lengur háðar starfsleyfi vegna þessara efna. Þá er lagt til að eiturefnabeiðnir verði felldar niður, en heilbrigðisnefndir sveitarfélaga gefa þær út samkvæmt ákvæði laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni. Eiturefnabeiðni er beiðni sem hinn almenni borgari þarf að fá frá heilbrigðiseftirliti til að mega fá afhent eiturefni. Beiðnin er gefin út á hvert efni fyrir sig og gildir fyrir eina afhendingu hjá söluaðila.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er fjallað um markmið laganna. Í gildandi lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, koma markmiðin ekki fram þótt á vissan hátt megi leiða þau af einstökum lagagreinum. Höfuðmarkmið laganna er að tryggja að fyllstu varúðar sé gætt við meðferð efna og efnablandna svo að hvorki skaði heilsu manna og dýra né valdi tjóni á umhverfi, og stuðla að skilvirku eftirliti með framkvæmd laganna. Allt frá setningu fyrstu laga um eiturefni og hættuleg efni árið 1968 hefur heilsa manna og dýra verið þungamiðja laganna en nú er bætt við umhverfisþættinum þannig að taka skuli enn fremur mið af efnunum sem hafa eða geta haft skaðleg áhrif á umhverfið.

Þá er það og markmið að tryggja frjálst flæði efna og efnablandna á markaði og koma í veg fyrir ólöglega markaðssetningu um leið og tryggt er að nauðsynlegum upplýsingum sé miðlað eftir því sem nauðsynlegt er.

Um 2. gr.

Í greininni er fjallað um gildissvið laganna, annars vegar hvað varðar efnisatriði og hins vegar hvar lögin gilda. Þannig er lögnum ekki eingöngu ætlað að gilda á landi, í landhelgi og lofthelgi heldur einnig í mengunarlögsögunni sem er sérstaklega skilgreind í 3. gr. Gildissviðið er víðtækt eins og vel sést þegar skoðaðar eru skilgreiningar á markaðssetningu og framleiðslu í 3. gr. frumvarpsins. Gerð er tillaga um að lögin muni gilda um framleiðslu, markaðssetningu, útflutning, umflutning, efnaskráningu, leyfisveitingar, merkingar, notkun, takmörkun og bann við notkun, svo og um aðra meðferð efna og efnablandna, sem og hluti sem innihalda efni. Bent er á að innflutningur er markaðssetning, sbr. skilgreiningu í 3. gr. frumvarpsins.

Rétt er að benda á að lögnum er ætlað að gilda um örverur, aðrar lífverur eða hluta þeirra ef þær eru ætlaðar til sértækra nota samkvæmt lögnum verði frumvarp þetta að lögum. Þá er lögnum ætlað að gilda á vinnustöðum eftir því sem við á en um notkun efna á vinnustöðum gilda enn fremur lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerðir settar samkvæmt þeim. Loks taka lögin til efna sem falla undir lögin og eru í lækningatækjum, sbr. lög um lækningatæki. Hér er m.a. verið að skapa lagastoð fyrir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB frá 8. júní 2011 um takmörkun á notkun tiltekinna hættulegra efna í raf- og rafeindatækjum. Um er að ræða nýja tilskipun sem kom í stað tilskipunar 2002/95/EB. Nýja tilskipunin er í aðalatriðum mjög svipuð og bætir litlu við þá

fyrri. Gildissviðið er þó útvíkkað í áföngum og mun ná yfir lækningatæki og stjórnatæki frá og með árinu 2014. Síðustu tækin verða tekin inn 2016 og 2017 og þar með nær tilskipunin yfir allar gerðir raf- og rafeindatækja, þ.m.t. leiðslur og varahluti. Framleiðendur, innflytjendur og dreifendur raf- og rafeindatækja bera ábyrgð á að tæki sem sett eru á markað upp-fylli skilyrðin í tilskipuninni en þar má nefna að framfylgja ákvörðun nr. 768/2008/EB um markaðssetningu vöru, varðveislu gagna í minnst tíu ár, auðkenningu tækja og innköllun ólöglegra tækja. Fylgja skal reglugerð (EB) nr. 765/2008 um markaðseftirlit við framkvæmd tilskipunarinnar. Ákvæði tilskipunarinnar skal innleiða í löggjöf í síðasta lagi 2. janúar 2013.

Þótt hér sé um heildarlöggjöf að ræða um efni er talin ástæða til að skýrt komi fram í hvaða tilvikum löggin gilda ekki en þar er um að ræða efni og efnablöndur sem eru notuð sem lyf, matvæli, tóbak, vímuefni og geislavirk efni, sbr. sérlög sem gilda um þessa málaflokka. Samkvæmt þessu gilda löggin um efni og efnablöndur að svo miklu leyti sem önnur lög kveða ekki á um annað.

Um 3. gr.

Hér er fjallað um skilgreiningar tiltekinn hugtaka sem ekki má leika vafi á um hvað merkja, sérstaklega þar sem framkvæmd laganna mun m.a. byggjast á setningu reglugerða um einstaka þætti.

Í lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, voru til langs tíma engar skilgreiningar þótt lengi hafi verið beitt tilteknum skilgreiningum. Á síðari stigum hafa skilgreiningar verið settar inn í löggin. Margar skilgreiningar frumvarpsins koma úr þeim lögum og lögum nr. 45/2008, um efni og efnablöndur. Þá eru einnig skilgreind hugtök sem ekki hafa áður verið skilgreind í lögum. Rétt er að vekja sérstaka athygli á nokkrum skilgreiningum.

Með lögum nr. 43/2011, um breytingu á lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, komu inn nýjar skilgreiningar á hugtökunum eiturefni og hættuleg efni vegna niðurfellingar á þeim lista sem fram að því hafði verið vísað til þar sem slík efni voru tiltekin sérstaklega. Þetta var gert til að setja almennt viðmið um hvaða eiginleikar gera efni hættulegt. Þörf er á að aðgreina eiturefni áfram frá öðrum hættulegum efnum svo að áfram megi viðhalda strangari skilyrðum um framleiðslu, innflutning, viðskipti og notkun eiturefna en eiga við um önnur hættuleg efni. Áfram verður hægt að greina eiturefni frá öðrum hættulegum efnum í listum yfir hættuleg efni sem settir verða með reglugerð. Skilgreiningar á hugtökunum eiturefni og hættuleg efni sem fram komu með lögum nr. 43/2011 er að finna í þessu frumvarpi. Í samræmi við þetta er gerð tillaga um að eiturefni séu skilgreind sem efni sem í litlu magni valda dauða, bráðum eða langvarandi skaða á heilsu við innöndun og inntöku eða í snertingu við húð. Þá er lagt til að hættuleg efni séu skilgreind sem efni sem geta valdið dauða, bráðum eða langvarandi skaða á heilsu við innöndun og inntöku eða í snertingu við húð, eru eldnærandi, eld- eða sprengifim eða geta valdið tjóni á umhverfi.

Markaðssetning er það að sjá þriðja aðila fyrir vöru eða bjóða hana fram, hvort heldur er gegn greiðslu eða án endurgjalds. Innflutningur telst til markaðssetningar. Innflutningur er skilgreindur sem flutningur efnis, efnablöndu eða efna í hlutum inn á Evrópska efnahagssvæðið frá ríkjum utan svæðisins. Innflytjandi er í frumvarpinu skilgreindur sem einstaklingur eða lögaðili með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu sem er ábyrgur fyrir innflutningi inn á svæðið. Rétt er að vekja athygli á að aðili sem flytur inn efni frá löndum innan Evrópska efnahagssvæðisins telst eftirnotandi en ekki innflytjandi í þessum skilningi. Það að flytja vöru frá einu landi innan Evrópska efnahagssvæðisins til annars lands innan Evr-

ópska efnahagssvæðisins er markaðssetning en ekki innflutningur í skilningi laganna verði frumvarp þetta að lögum.

Í frumvarpi þessu er fjallað um „efni í hlut“ en um er að ræða efni sem sett eru á markað í hlut og losna úr hlutnum við venjubundna notkun. Dæmi um slíkt er blek í prenthylkjum eða pennum. Því er talið nauðsynlegt að skilgreina hugtakið „hlutur“. Hlutur er í reglugerð (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni skilgreindur sem gripur sem fær í framleiðsluferlinu sérstaka lögum, áferð eða útlit sem ræður meiru um hlutverk hans en efnafræðileg samsetning hans. Lagt er til í frumvarpinu að sama skilgreining verði notuð.

Fjallað er um rekstraraðila í IX. kafla frumvarpsins um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir. Rekstraraðili er í þessu sambandi einstaklingur eða lögaðili sem ber ábyrgð á stjórn tæknilegrar virkni þess búnaðar sem lögin munu taka til. Umræddur búnaður getur verið kælikerfi, loftkælikerfi, varmadælukerfi eða staðbundin slökkvikerfi.

Sérheiti er skráð heiti á efnavöru sem leyfð er til sértækra nota og tilgreindur framleiðandi hefur fengið. Táknid (®) er notað í þessum tilgangi.

Hugtakið umhverfi hefur ekki áður verið skilgreint í íslenskri efnalöggjöf. Rétt þykir að skilgreina það í þessu frumvarpi, ekki síst í ljósi þess að nú er gerð tillaga um að umhverfisþættinum verði bætt inn í efnalöggjöfina með afgerandi hætti þannig að einnig verði tekið mið af efnem sem hafa eða geta haft skaðleg áhrif á umhverfið en ekki einungis metið út frá áhrifum á heilsu manna og dýra. Lagt er til að umhverfi verði skilgreint sem samheiti fyrir menn, dýr, plöntur og annað í lífríkinu, jarðveg, jarðmyndanir, vatn, loft, veðurfar og landslag, samfélag, heilbrigði, menningu og menningarminjar, atvinnu og efnisleg verðmæti. Um er að ræða sömu skilgreiningu og er að finna í lögum nr. 75/2000, um brunavarnir, og lögum nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum.

Í frumvarpinu er valin sú leið að fjalla sameiginlega um sæfiefni og plöntuvarnarefni þar sem það á við og því er gerð tillaga um að hugtakið varnarefni verði notað sem samheiti fyrir sæfiefni og plöntuvarnarefni.

Gerð er tillaga um að nota hugtakið snyrtivara í stað hugtaksins fegrunar- og snyrtiefni sem notað er í gildandi lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni. Hugtakið snyrtivara er almennt notað um þessar vörur og má nefna að gildandi reglugerð um snyrtivörur ber heitið reglugerð um snyrtivörur.

Um 4. gr.

Ný lög nr. 115/2011, um Stjórnarráð Íslands, kveða á um að skipting stjórnarmálefna milli ráðuneyta fari eftir ákvæðum forsetaúrskurðar og er það því ekki lengur fastsett í lögum hvaða ráðherra fari með tiltekin verkefni. Í samræmi við þessa stefnumörkun er í frumvarpi þessu lagt til að ráðherra fari með yfirstjórn mála samkvæmt lögnum en að fagheiti ráðherra eða ráðuneytis sé ekki tiltekið eins og áður hefur verið.

Um 5. gr.

Valin er sú leið í frumvarpinu að fjalla um hlutverk Umhverfisstofnunar varðandi efnamál í einni grein þó svo að efnisatriði séu útfærð í einstökum greinum og í samhengi við þau ákvæði sem þau tilheyra. Þetta er gert til að skýrt og greinilegt sé á einum stað hvaða hlutverki Umhverfisstofnun gegnir varðandi þennan málaflokk. Þetta er sama framsetning og er í finnsku efnalöggjöfinni þar sem hlutverk aðila eru talin upp í einstökum greinum.

Hlutverk Umhverfisstofnunar samkvæmt frumvarpinu er mjög víðtækt enda er í frumvarpi þessu lagt til að Umhverfisstofnun fari með og beri ábyrgð á allri framkvæmd efnamála og eftirliti með efnunum og sé ráðherra til ráðgjafar varðandi þennan málaflokk. Hér er um nýmæli að ræða þar sem Umhverfisstofnun á alfarið að fara með þennan málaflokk og bera ábyrgð á efnaeftirliti hér á landi. Mikilvægt er að treysta þennan málaflokk. Ljóst er að byggja þarf eftirlitið upp hjá Umhverfisstofnun og bæta við starfsmönnum í því sambandi. Lagt er til að stofnunin hafi yfirumsjón með eftirliti með efnunum og efnablöndum og þannig sé tryggt að framkvæmd þess sé með samræmdum hætti á landinu öllu. Með því að fela Umhverfisstofnun þetta hlutverk á að tryggja að efnaeftirlit sé á einni hendi og verði þannig markvissara og skilvirkara. Umhverfisstofnun er ætlað að útbúa eftirlitsáætlun fyrir eftirlit með efnunum og efnablöndum sem gildir fyrir landið allt og gæta sérstaklega að hagkvæmni í eftirliti og fyrirbyggja tvíverknað og skörun eftir því sem frekast er unnt. Einnig er lagt til að stofnunin útbúi sérstaka áætlun um notkun varnarefna. Í eftirlitshlutverki Umhverfisstofnunar mun felast að hafa eftirlit með framleiðslu og markaðssetningu efna, efnablandna og hluta sem falla undir lögin, hafa eftirlit með banni og takmörkunum á efnunum, efnablöndum og efnunum í hlutum, og með vörum sem þurfa markaðsleyfi, í samræmi við eftirlitsáætlun, svo og að hafa eftirlit með flokkun, merkingum og umbúðum efna, efnablandna og hluta sem innihalda efni, sem markaðssett eru hér á landi og munu falla undir lögin. Eftirliti með banni og takmörkunum á efnunum, efnablöndum og efnunum í hlutum, og með vörum sem þurfa markaðsleyfi, í samræmi við eftirlitsáætlunina, getur verið sinnt á þann hátt að Umhverfisstofnun annars vegar kalli beint eftir upplýsingum eða hins vegar sem eftirliti úti á markaði, sbr. 47. gr. frumvarpsins.

Í því skyni að auðvelda eftirlit Umhverfisstofnunar og gera það markvissara er lagt til að stofnunin haldi skrá um þá aðila sem markaðssetja efni og efnablöndur og efni og efnablöndur á þeirra vegum sem og handhafa markaðsleyfa og notendaleyfa. Með því móti getur Umhverfisstofnun haft yfirsýn yfir þá sem hún þarf að hafa eftirlit með og getur rakið hvert efnunum og efnablöndum er dreift eftir að þau eru tollafgreidd. Því skal stofnunin hafa samstarf við tollyfirvöld um framkvæmd eftirlits við innflutning efna og taka á móti innflutnings-eyðublöðum frá tollstjóra sem fyllt eru út við tollafgreiðslu á tilteknum efnunum og efnablöndum.

Lögð er áhersla á að almenningur sé vel upplýstur um hættu tengda notkun á efnunum og efnablöndum þegar þörf er á til verndar heilsu eða umhverfi og því er lagt til að Umhverfisstofnun beri að upplýsa almenning um þennan þátt. Það er m.a. hægt að gera með því að nýta heimasíðu stofnunarinnar og setja þar inn almennar upplýsingar sem og að setja inn eftirlitsskýrslur. Hér er m.a. um að ræða almennar upplýsingar um einstök efni og notkun þeirra. Umhverfisstofnun ber einnig að hafa fræðslu- og samræmingarhlutverk við eftirlit með ákvæðum reglugerða sem settar eru samkvæmt lögum þessum, vinna að samræmingu krafna sem gerðar eru til eftirlitsins og gefa út leiðbeiningar og viðmiðunarreglur um framkvæmd eftirlitsins, svo sem skoðunarhandbækur sé öðrum falið að framkvæma eftirlitið.

Gerð er tillaga um að stofnunin reki áfram rafrænt þjónustuborð til að veita framleiðendum, innflytjendum, birgjum, eftirnotendum og öðrum upplýsingar og ráðgjöf um skyldur sínar samkvæmt lögnum og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Þetta ákvæði er að finna í lögum nr. 45/2008, um efni og efnablöndur, og varðar ákvæði um skráningu, mat, leyfisveitingar og takmarkanir á efnunum. En í þessu frumvarpi er einnig gert ráð fyrir að þjónustuborðið nýtist vegna flokkunar, merkingar og pökkunar efna og efnablandna. Búast má við að þjónustuborðið geti þegar fram líða stundir nýst til að svara öllum fyrirspurnum um efni

sem berast Umhverfisstofnun og geti líka nýst til að uppfylla ákvæði laganna um að Umhverfisstofnun upplýsi og fræði atvinnulífið um efni.

Lagt er til að útgáfa leyfa verði á hendi Umhverfisstofnunar. Stofnunin skal gefa út markaðsleyfi á varnarefnum, staðfesta markaðsleyfi efnis sem Efnastofnun Evrópu veitir og veita notendaleyfi til meindýraeyðingar og til notkunar í landbúnaði og garðyrkju. Þá skal stofnunin hafa eftirlit með sölu tiltekinna eiturefna og tiltekinna varnarefna.

Umhverfisstofnun skal samkvæmt frumvarpinu birta á vefsetri sínu upplýsingar um leyfis-hafa notendaleyfa og um tilkynningar um markaðssetningu eiturefna og tiltekinna varnarefna.

Jafnframt er það hlutverk stofnunarinnar að fylgjast með tilkynningum sem berast í gegnum RAPEX-tilkynningakerfið og heyrir undir lög þessi. Í dag er það í höndum Neytendastofu að miðla þessum upplýsingum til Umhverfisstofnunar.

Í frumvarpinu er ekki sérstaklega kveðið á um að Umhverfisstofnun skuli upplýsa heilbrigðisnefndir sveitarfélaga um niðurstöður eftirlits hjá fyrirtækjum sem hafa starfsleyfi frá hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd. Ljóst er þó að í reynd verða þessar upplýsingar aðgengilegar heilbrigðisnefndunum þar sem niðurstöður eftirlits verða birtar á vefsetri Umhverfisstofnunar. Hins vegar er kveðið almennt á um að stofnunin skuli upplýsa heilbrigðisnefndir sveitarfélaga, Vinnueftirlit ríkisins, tollstjóra, Neytendastofu og önnur stjórnvöld um þá þætti sem falla undir lög in og hlutaðeigandi stjórnvöld hafa þörf á til að sinna hlutverki sínu samkvæmt lögnum.

Um 6. gr.

Í greininni er fjallað um hlutverk heilbrigðisnefnda sveitarfélaga. Lagt er til að heilbrigðisnefnd upplýsi almenning um hættu tengda notkun á efnunum og efnablöndum þegar þörf er á til verndar heilsu eða umhverfi. Hér má nefna þegar nauðsyn er á að upplýsa um sérstaka hættu á viðkomandi heilbrigðiseftirlitssvæði, svo sem klórleka í sundlaug.

Tiltekið er að heilbrigðisnefnd hafi eftirlit með meðferð, notkun og merkingu efna hjá atvinnurekstri sem er með starfsleyfi sem nefndin gefur út á grundvelli laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Í þessu felst að hafa eftirlit með meðferð og notkun, þ.e. að verið sé að nota efnin í samræmi við notkunarleiðbeiningar og eftir atvikum öryggisblöðum. Varðandi merkingar þarf í þessu sambandi að hafa eftirlit með því að vara sé merkt í samræmi við efnalöggjöfina og reglugerðir settar samkvæmt henni. Komi fram við eftirlit að vara brjóti gegn ákvæðum um merkingar skal heilbrigðisnefnd skrá slíkt frávik í sameiginlega vefgátt heilbrigðiseftirlits og Umhverfisstofnunar þannig að stofnunin verði upplýst um málið. Vert er að benda á 70. gr. frumvarpsins í þessu samhengi, en þar er gert ráð fyrir að verslanir sem selja snyrtivörur, eiturefni og hættuleg efni verði ekki lengur háðar starfsleyfi. Þetta er lagt til þar sem gert er ráð fyrir því í frumvarpinu að náð sé utan um þessi efni framfar í ferlinu og að eftirlit og þvingunarræði verði því framfar í aðfangakeðjunni. Loks er lagt til að heilbrigðisnefndir sveitarfélaga skili upplýsingum til Umhverfisstofnunar um framkvæmd og niðurstöður eftirlits og skal upplýsingum skilað á þeim tíma og á þann hátt sem Umhverfisstofnun ákveður, t.d. með því að setja þær í sameiginlega vefgátt Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga. Umhverfisstofnun hefur nýlega innleitt vefgátt fyrir gagnaskil heilbrigðisnefnda sveitarfélaga og hefur það gengið ágætlega. Með þessu móti fæst ágæt yfirsýn yfir eftirlit með merkingum sem er hluti af starfsleyfiseftirliti út um allt land.

Í frumvarpinu er í 2. mgr. 47. gr. gerð tillaga um að Umhverfisstofnun geti með samningi falið m.a. heilbrigðisnefnd sértækt eftirlitsverkefni, sem yrði þá í samræmi við eftirlits-

áætlun, sbr. 51. gr. Þá er Umhverfisstofnun heimilt að fela heilbrigðisnefnd umsjón með aðgerðum á kostnað stofnunarinnar. Því er í greininni tiltekið sem eitt af hlutverkum heilbrigðisnefndar að hún hafi heimild til að taka að sér verkefni samkvæmt eftirlitsáætlun í umboði Umhverfisstofnunar og samkvæmt samningi þar um. Gerð er tillaga um að Umhverfisstofnun beri kostnað af störfum heilbrigðisfulltrúa í þessu tilviki. Taki tiltekin heilbrigðisnefnd að sér eftirlitsverkefni er gert ráð fyrir að nefndin geti farið út fyrir sitt heilbrigðiseftirlitssvæði eins og það er tilgreint í 11. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, enda er verkefnið unnið í umboði Umhverfisstofnunar. Sem dæmi um þetta væri að heilbrigðisnefnd Reykjavíkur tæki til dæmis að sér eftirlitsverkefni sem m.a. fælist í heimsókn til heildsala á höfuðborgarsvæðinu, þótt umræddir heildsalar væru t.d. á Sel-tjarnarnesi, Kópavogi og í Reykjavík, þ.e. á þremur mismunandi heilbrigðiseftirlitssvæðum. Með þessu er bæði hægt að nýta sérþekkingu og auka samþættingu eftirlits.

Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga hafa það hlutverk í dag, sbr. ákvæði laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, að gefa út sérstakar eiturefnabeiðnir. Í frumvarpi þessu er lagt til að fallið verði frá útgáfu eiturefnabeiðna, sjá nánar umfjöllun um 44. gr. frumvarpsins.

Um 7. gr.

Í greininni er fjallað um hlutverk Vinnueftirlits ríkisins og er það í samræmi við vinnuverndarlöggjöfina. Í lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, er fjallað um hættuleg efni og vörur í VIII. kafla. Þar er m.a. kveðið á um að á vinnustöðum þar sem hættuleg efni eða efnavörur, efnaufgangur eða spilliefni eru notuð eða kunna að vera notuð skuli atvinnurekandi gæta þess að þeim framleiðslu-, starfs- og vinnsluáðferðum sé beitt sem tryggja að starfsmenn séu varðir gegn slysum, mengun og sjúkdómum. Þegar áhættumat gefur til kynna að heilsu og öryggi starfsmanna sé hætta búin vegna hættulegs efnis, efnavöru, efnaufgangs eða spilliefna er kveðið á um það í vinnuverndarlöggjöfinni að atvinnurekandi skuli til þess að öryggisblöð og skriflegar leiðbeiningar liggi frammi á viðkomandi vinnustað ásamt því að kynna starfsmönnum efni þeirra. Þannig er ljóst að á vinnustöðum gegnir vinnuverndarlöggjöfin lykilhlutverki, einnig hvað varðar efni. Þetta er haft í huga í frumvarpinu.

Í greininni er lagt til að Vinnueftirlit ríkisins gefi áfram út eiturefnaleyfi til notkunar á eiturefnum við framkvæmd vinnu í samræmi við lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Þetta ákvæði er í samræmi við 1. mgr. 51. gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, er fjallar um hættuleg efni. Þetta ákvæði á ekki við um leyfi vegna varnarefna en þau leyfi heyra undir Umhverfisstofnun, sbr. X. kafla þessa frumvarps. Þá er lagt til að Vinnueftirlit ríkisins hafi eftirlit með notkun og meðferð eiturefna og hættulegra efna á vinnustöðum í samræmi við lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og er þetta ákvæði í samræmi við 2. mgr. 51. gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Loks er lagt til að Vinnueftirlit ríkisins hafi eftirlit með búnaði sem notaður er við beitingu varnarefna.

Um 8. gr.

Fjallað er um hlutverk tollstjóra í greininni. Það er annars vegar að veita Umhverfisstofnun upplýsingar um innflutning efna, efnablandna og vara þegar þess er óskað og hins vegar að stöðva innflutning á tilteknum eiturefnum og tilteknum varnarefnum og leita samþykkis Umhverfisstofnunar fyrir innflutningi þessara efna, samkvæmt nánari ákvæðum sem ráðherra setur í reglugerð. Mikilvægt er til að tryggja markvisst innflutningseftirlit að virkt samstarf sé á milli tollstjóra og Umhverfisstofnunar.

Um 9. gr.

Hlutverki Neytendastofu eru gerð skil í greininni og lagt til að Neytendastofa hafi eftirlit með auglýsingum og öðrum svipuðum viðskiptaaðferðum, sbr. ákvæði 2. og 4. mgr. 32. gr. frumvarpsins, sem og að taka við ábendingum frá Umhverfisstofnun um brot gegn 1. og 3. mgr. sömu greinar. Þannig er lagt til að Neytendastofa geti beitt þeim þvingunarúrræðum sem tiltekin eru í lögum nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, og ef þörf er á bannað og stoppað auglýsingar er brjóta í bága við ákvæði laganna verði frumvarp þetta að lögum. Hér er um nýmæli að ræða. Í II. kafla laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er fjallað um bann við óréttmætum viðskiptaháttum. Þar er m.a. í 6. gr. kveðið á um að auglýsingar skuli þannig úr garði gerðar að ekki leiki vafi á að um auglýsingar sé að ræða, þær skuli ekki vera ósanngjarnar gagnvart keppinautum eða neytendum vegna forms þeirra eða sökum þess að skírskotað er til óviðkomandi mála, full-yrðingar sem fram koma í auglýsingum eða með öðrum hætti þurfi fyrirtæki að geta fært sönnur á og að komi börn fram í auglýsingum skal þess gætt að sýna hvorki né lýsa hættulegu atferli eða atvikum er leitt geti til þess að þau eða önnur börn komist í hættu eða geri það sem óheimilt er. Það er ljóst að ákvæði auglýsinga í frumvarpi þessu fellur að lögum um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Um þau viðurlög sem Neytendastofa getur beitt er kveðið á í IX. kafla laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sbr. 32. gr. frumvarpsins.

Loks er í greininni kveðið á um að Neytendastofu beri að upplýsa Umhverfisstofnun um þá þætti sem brjóta gegn ákvæði laganna og Neytendastofa verður vör við í sambandi við almennt markaðseftirlit. Hér má sem dæmi nefna að Neytendastofa er lögbært yfirvald og vinnur að markaðseftirliti með ýmsum vörum, t.d. með leikföngum og raftækjum, og hefur eftirlit á markaði með öryggi þessara vara. Á vegum framkvæmdastjórnar ESB er starfræktur sérstakur gagnagrunnur þar sem birtar eru tilkynningar um vörur sem ekki uppfylla öryggiskröfur laga, reglugerða eða samevrópskra staðla eða teljast hættulegar lífi, heilsu, öryggi neytenda eða umhverfinu. Öllum lögbærum stjórnvöldum sem fara með markaðseftirlit með vörum í EES-ríkjunum ber skylda til að fylgjast með vörum sem eru á markaði og gera ráðstafanir til þess framleiðendur eða dreifingaraðilar taki slíkar vörur af markaði. Framangreindar tilkynningar eru gerðar í gegnum svonefnt RAPEX-tilkynninga- og upplýsingakerfi ESB. Um málsmeðferð þar gilda m.a. ákvæði í ákvörðun ESB nr. 2010/EB frá 16. desember 2009, sbr. Stjórnartíðindi ESB nr. 22, 26.1.2010, bls. 1. Tilkynningakerfið er starfrækt á grundvelli almennu tilskipunarinnar um vöruöryggi en tilskipunin er innleidd með lögum nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu. Framkvæmd og eftirlit með framangreindum lögum er að meginstefnu til hjá Neytendastofu nema ábyrgð á eftirliti með tilteknum vörutegundum eða áhættu sem tengist vörum sé hjá öðrum stjórnvöldum. Á árinu 2012 er ráðgert að öll lögbær stjórnvöld geti hvert á sínu sviði fengið aðgang að tilkynningakerfinu auk lesaðgangs að tilkynningum sem öll stjórnvöld hafa haft allt frá gildistöku EES-samningsins árið 1995. Samstarf stjórnvalda á þessu sviði er í þróun og þannig má gera ráð fyrir því að ef efnahætta er ástæða innköllunar vöru af markaði þá muni nánari framkvæmd og eftirlit að þessu leyti verða hjá Umhverfisstofnun enda öll sérþekking á sviði efnahættu hjá þeirri stofnun. Hér getur t.d. verið um það að ræða að efnahætta í tilteknu barnaleikfangi sé grundvöllur innköllunar af markaði og undir slíkum kringumstæðum er því eðlilegt að sérfræðingar Umhverfisstofnunar fari yfir nauðsynleg gögn og taki stjórnvaldsákvæðanir ef þess þarf með sem miða að innköllun eða sölubanni á slíkum vörum. Neytendastofa og Umhverfisstofnun munu hafa samstarf um framkvæmd markaðseftirlits með vörum

og taka ákvörðun hvort stjórnvaldið fari með einstök mál ef þess þarf með. Hér má einnig benda á að í lögum nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, segir í 14. gr. að Neytendastofu sé skylt að „samhæfa aðgerðir eftirlitsstjórnvalda ef eiginleikar vöru eða vöruflökks eru slíkir að ábyrgð á markaðseftirliti sé í höndum fleiri en eins eftirlitsstjórnvalds.“ Auk þess er gert ráð fyrir því í 16. gr. laganna að Neytendastofa skuli „stofnsetja samvinnunefndir um samstarf við önnur eftirlitsstjórnvöld og skoðunarstofur eftir því sem við getur átt.“ Af framangreindu er því ljóst að Neytendastofa og Umhverfisstofnun bera sameiginlega ábyrgð þegar upp kemur að tiltekin vara uppfylli ekki ákvæði laga. Þá þarf að fara í samstarf um hvernig bregðast eigi við og hugsanlega taka vöru af markaði og taka endanlega ákvörðun um hvort stjórnvaldið skuli fara með málið. Allar tilkynningar frá Íslandi um að vöru eigi að fjarlægja af markaði og sendar eru til RAPEX-tilkynningakerfisins eru yfirfarnar og staðfestar af hálfu Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) áður en þær eru formlega sendar til framkvæmdastjórnar ESB til opinberrar birtingar á EES-svæðinu.

Um 10. gr.

Í greininni er kveðið á um skyldu ráðherra til að setja reglugerðir um þar til greind mál-efni. Ef fyrirhuguð reglugerð varðar skyldur og hlutverk sveitarfélaga eða atvinnulífs er gerð tillaga um að áður en reglugerð er sett skuli ráðherra hafa samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga og Samtök atvinnulífsins eftir því sem við á. Sama á við um aðra hagsmunaaðila.

Reglugerðarákvæðin í frumvarpinu eru mjög ítarlega og er nákvæmlega talið upp um hvað ráðherra er heimilt að setja frekari ákvæði en fram koma í lögnum sjálfum. Ljóst er að mikilvægt er að setja ítarlegar reglugerðir um efni og því nauðsynlegt að ákvæði séu skýr. Um einstök efnisatriði er vísað til umfjöllunar um þær greinar sem fjalla um einstök efnisákvæði.

Um 11. gr.

Mikilvægt er að tryggja aðgæslu við alla meðferð efna og efnablandna. Í greininni er lagt til að ávallt skuli gæta varúðar við meðferð efna og efnablandna þannig að þau valdi ekki tjóni á heilsu eða umhverfi umfram það sem þeim er ætlað að meðhöndla. Ákvæði þetta á sér hliðstæðu í 15. gr. í finnsku efnalöggjöfinni þar sem er að finna almennt ákvæði um aðgæslu við meðferð efna.

Lagt er til í 2. mgr. greinarinnar að við framleiðslu, innflutning og aðra meðferð á efnum og efnablöndum sem munu falla undir lögina skuli með hliðsjón af magni og hættu efnanna, sýna fyrirhyggju, aðgát og varkárni þannig að koma megi í veg fyrir skaða á heilsu og umhverfi.

Um 12. gr.

Ein elsta regla umhverfisréttarins er svokölluð greiðsluregla sem fjallar um hver ber ábyrgð á úrbótum. Kjarni hennar felst í því að tiltekinn kostnaður sem er tengdur vörnum gegn umhverfismengun og úrræðum sem gripið er til í því skyni að bæta fyrir umhverfismengun leggst beint á mengunarvald og á að endurspeglast í vöruverði og þjónustu. Að baki reglunni býr einnig það sjónarmið að gera mengunarvald ábyrgan og meðvitaðan um ábyrgð sína. Gerð er tillaga um það í greininni að beita greiðslureglunni. Kveðið er á um það að um ábyrgð á umhverfistjóni af völdum efna og efnablandna skuli fara samkvæmt lögum um

umhverfisábyrgð, verði það frumvarp að lögum. Frumvarp til laga um umhverfisábyrgð er nú til meðferðar á Alþingi (Þingskjal 448, 372. mál).

Um 13. gr.

Í greininni er fjallað um skyldur framleiðanda, innflytjanda, eftirnotanda eða dreifanda efnis, efnablöndu eða hlutar sem inniheldur efni ásamt öðrum rekstraraðilum til að afla upplýsinga. Hér er um nýmæli að ræða í efnalöggjöfinni og á þetta ákvæði sér hliðstæðu í 16. gr. í finnsku efnalöggjöfinni. Ábyrgðin er færð frá stjórnvöldum til atvinnulífsins og er orðin víðtækari. Iðnaðurinn ber þannig ábyrgð á því að hafa frumkvæði til að afla upplýsingar um þau efni sem hann er ábyrgur fyrir. Í greininni er kveðið á um að framleiðandi, innflytjandi, eftirnotandi eða dreifandi efnis ásamt öðrum rekstraraðilum sem eru ábyrgir fyrir því að efni er markaðssett eða er látið út til notkunar skuli verða sér úti um upplýsingar um efna- og eðlisfræðilega eiginleika efnis ásamt upplýsingum um virkni þess á heilsu og umhverfi, sem nægja til þess að hann geti uppfyllt þær skyldur sem á honum hvíla og tryggja örugga notkun efnisins. Jafnframt er lagt til að allir birgjar skuli veita viðtakanda sínum án endurgjalds lágmarksupplýsingar, sbr. ákvæði í 32. og 33. gr. REACH-reglugerðarinnar sem fjalla um upplýsingagjöf í aðfangakeðjunni. Þá er kveðið á um að varðveita skuli gögn í a.m.k. tíu ár eftir að efnið eða efnablöndan var framleidd, flutt inn, afhent eða notuð síðast. Þá er birgi skylt að varðveita og hafa til reiðu gögn sem tengjast flokkun og merkingu í minnst tíu ár eftir að hann afhenti efnið eða efnablönduna síðast. Ákvæði þetta er byggt á ákvæði 49. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006. Loks er gerð sama krafa um að framleiðandi eða innflytjandi snyrtivöru varðveiti upplýsingaskrá um snyrtivöru í tíu ár hið minnsta eftir að síðasta afhending vöru átti sér stað.

Um 14. gr.

Hér er fjallað um svokallaða skiptireglu sem er ein af grundvallarreglum frumvarpsins og er vel þekkt í efnalöggjöf og framkvæmd efnamála í nágrannalöndum okkar. Sjá t.d. skýrsluna „The Substitution Principle (ISSN: 0284-1185) Order No. 360 878 Stockholm, November 2007 Publisher: Swedish Chemicals Agency“. Reglan felur í sér að efnum er skipt út fyrir efni eða aðferðir sem hafa í för með sér minni hættu fyrir heilsu og umhverfi. Í greininni er lagt til að leitast skuli við að skipta út efnum eða efnablöndum sem talin eru geta haft í för með sér óæskileg áhrif á heilsu manna eða skaðað umhverfið. Getur Umhverfisstofnun krafist þess að þeir sem nota slík efni eða efnablöndur skipti þeim út fyrir efni, efnablöndu eða aðferð sem felur í sér minni áhættu fyrir heilsu eða umhverfi. Þetta á t.d. við þegar um er að ræða starfsemi sem hefur starfsleyfi frá Umhverfisstofnun og notar tiltekið efni sem ekki er í almennri notkun. Rétt er að benda á að beiti Umhverfisstofnun þessu þarf stofnunin að hafa í huga að taka mið af almennum aðgerðum á Evrópska efnahagssvæðinu til að gæta samræmis. Einnig er lagt til að ráðherra geti með reglugerð sett almenn skilyrði um að þeir sem nota tiltekin efni eða efnablöndur skipti þeim út innan hæfilegs frests fyrir efni, efnablöndur eða aðferð sem felur í sér minni áhættu fyrir heilsu eða umhverfi. Þetta ætti við þegar verið er að skipta út efni sem er í víðtækri notkun og almennt staðgengilsefni er til staðar.

Rétt er að benda á að eftir sem áður munu heilbrigðisnefndir og Umhverfisstofnun leiðbeina almennt um notkun efna og hvar hægt er að nota t.d. minna skaðlegri hreinlætisvörur og efni þar sem það á við.

Um 15. gr.

Í greininni er fjallað um varðveislu efna. Kveðið er á um að hættuleg efni og varnarefni skuli varðveita í umbúðum framleiðenda. Þetta er mikilvægt, m.a. til að tryggja að réttar merkingar fylgi efnunum og að umbúðir séu tryggar. Í þessu sambandi er vert að benda á að vigtun, blöndun, áfylling, þynning og pökkun efna og efnablandna í söluhæf ílát og umbúðir, þ.m.t. umpökkun og umhelling, telst til framleiðslu. Þannig þurfa þeir sem sjá um þessa verkþætti að uppfylla öll þau skilyrði sem framleiðendur þurfa að uppfylla. Þá er í greininni lagt til að hættuleg efni og tiltekin varnarefni skuli geymd á tryggan hátt og þannig að þau séu aðskilin frá matvælum, dýrafóðri, lyfjum, snyrtivörum og að óviðkomandi nái ekki til þeirra. Jafnframt er kveðið á um að eftir atvikum skuli aðgreina efni og efnablöndur í rýmum vegna mögulegrar hættu við blöndun þeirra. Lagt er til að eiturefni og tiltekin varnarefni séu geymd í læstum hirslum eða rýmum. Loks er áréttað að um varðveislu eiturefna og tiltekinna varnarefna á vinnustöðum gildi enn fremur ákvæði laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Rétt er að taka fram að fjallað er um hættuleg efni í 6.7.3. gr., 6.9.3. gr., 6.11.4. gr., 9.6.25. gr. og 14.6.4. byggingarreglugerðar.

Um 16. gr.

Í greininni segir að hættuleg efni megi hvorki setja í né blanda saman við matvæli og aðrar neysluvörur, fóðurvörur eða sáðvörur nema það sé sérstaklega heimilað í reglugerð sem sett yrði á grundvelli laganna. Þessi grein er efnislega samhljóða 17. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni. Þessi ákvæði eru mikilvæg í ljósi þess að t.d. með sáðvöru geta mengandi efni borist út í umhverfi. Verði með reglugerð heimilað að nota hættuleg efni er kveðið á um að fram skuli koma í reglugerð leyfilegur styrkur hættulegra efna og við hvaða aðstæður megi nota þau.

Um 17. gr.

Í greininni er fjallað um hvaða ákvæði gilda um flutning hættulegra efna, hvort sem er með skipum eða loftförum, en um þessa flutninga gilda m.a. umferðarlög, nr. 50/1987, og reglugerð um flutning á hættulegum færmum sem sett er á grundvelli þeirra laga, lög nr. 41/2003, um vaktstöð siglinga, og reglugerð um vaktstöð siglinga og eftirlit með umferð skipa. Greinin er samhljóða 21. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni, nr. 52/1988.

Um 18. gr.

Í greininni er kveðið á um förgun hættulegra efna. Um förgun þessara efna, svo og umbúða sem hafa innihaldið slík efni, fer samkvæmt lögum um meðhöndlun úrgangs og reglugerða settra samkvæmt þeim. Einnig er heimilt að nota þessar umbúðir aftur eða farga á annan hátt að lokinni hreinsun þannig að mönnum, dýrum og umhverfi stafi ekki hættu af. Sé hvorugt gert er kveðið á um að það skuli endursenda seljanda eða umboðsmanni hans viðkomandi efni, ílát og umbúðir, luktur og merktar á viðeigandi hátt. Greinin er efnislega samhljóða 22. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni.

Um 19. gr.

Nýmæli er að við tollafgreiðslu skuli gera grein fyrir magni tiltekinna efna og efnablandna á þar til gerðum eyðublöðum. Sett verða í reglugerð ákvæði um hvaða efni og efnablöndur sé um að ræða, svo sem ákveðin tollnúmer, tollkaflar eða þess háttar. Hanna þarf rafrænt viðmót í tolli þar sem við tollafgreiðslu efna og efnablandna sé hægt að færa inn þessar upp-

lýsingar. Einnig þarf að hanna viðmót hjá Umhverfisstofnun til að taka við þessum upplýsingum. Mikilvægt er að virkja tollinn betur til að styrkja framkvæmd efnamála hér á landi. Gert er ráð fyrir að upplýsingar þessar muni nýtast Umhverfisstofnun sem geti notað þær til að kortleggja og skipuleggja eftirlit með efnum og efnablöndum. Þetta gildir um öll efni og efnablöndur, þ.m.t. varnarefni og snyrtivörur. Því er í greininni gerð tillaga um að við tollafgreiðslu tiltekinna efna og efnablandna skuli gera grein fyrir magni og efnasamsetningu þeirra á þar til gerðum eyðublöðum. Gerð er tillaga um að ráðherra sé skylt að setja nánari ákvæði í reglugerð, sbr. 10. gr.

Um 20. gr.

Í greininni er að finna almenn ákvæði um upplýsingar varðandi framleiðslu og markaðssetningu efna og efnablandna. Ákvæðin er að finna í REACH-reglugerðinni svonefndu og er í lögum nr. 45/2008, um efni og efnablöndur. Í 1. mgr. er lagt til að framleiðendur, innflytjendur, eftirnotendur og dreifendur efna, efnablandna og hluta sem innihalda efni, skuli hafa tiltækar upplýsingar sem sýna að efni, efnablöndur og hlutir sem innihalda efni uppfylli ákvæði laganna verði frumvarp þetta að lögum. Þá er í 2. mgr. kveðið á um að framleiðendur og innflytjendur eiturefna, hættulegra efna og efnablandna sem flokkast sem slík eða sem varnarefni skuli hafa tiltækar upplýsingar um heiti efna eða efnablöndunnar, efnainnihald og magn sem framleitt er, flutt inn eða selt. Einnig skulu vera tiltækar upplýsingar um hlutfallslega samsetningu vörunnar. Framangreindar upplýsingar skulu afhendast eftirlitsstjórnvöldum sé þess óskað.

Um 21. gr.

Greinin er samhljóða 1. mgr. 5. gr. laga nr. 45/2008, um efni og efnablöndur. Í ákvæðinu er kveðið á um skráningarskyldu efna sem er undirstöðubáttur hinnar svokölluðu REACH-reglugerðar. Byggt er á því að öll efni sem framleidd eru eða sett á markað á EES-svæðinu verði skráð og skal framleiðandi eða innflytjandi efnis, hvort sem það er hreint, í efnablöndu eða í hlutum, skrá efnið hjá Efnastofnun Evrópu ef hann framleiðir eða flytur inn efni til markaðssetningar á Evrópska efnahagssvæðinu í meira magni en einu tonni á ári. Þó skal bent á að ýmis efni falla ekki undir ákvæði REACH, eins og t.d. lyf, úrgangur og matvæli. Skráningarskylda efnis í hlut á eingöngu við um efni sem ætlast er til að losni úr hlutum við notkun. Hér má nefna sem dæmi innihaldsefni bleks í pennum. Á grundvelli þeirra gagna og athugana sem gerðar eru við skráninguna verði síðan teknar ákvarðanir um það hvaða efni þurfi að sæta sérstökum takmörkunum. Skráning samkvæmt REACH er miðlæg á öllu Evrópska efnahagssvæðinu og annast Efnastofnun Evrópu hana. Samkvæmt ákvæðinu er framleiðanda og innflytjanda skylt að hlíta þeim takmörkunum sem skráningunni kunna að fylgja.

Um 22. gr.

Greinin fjallar um framleiðslu, markaðssetningu og notkun. 1. og 2. mgr. eru samhljóða 1. og 2. mgr. 8. gr. laga nr. 45/2008, um efni og efnablöndur. Í 1. mgr. er sett fram grundvallarregla REACH-reglugerðarinnar um frjálsan markaðsaðgang efna að undangenginni skráningu, svo fremi að virtar séu þær notkunartakmarkanir sem af skráningunni eða markaðsleyfi leiðir. Um er að ræða markaðsleyfi Efnastofnunar Evrópu. Í 2. mgr. er kveðið á um hina hliðina á þeirri grundvallarreglu, þ.e. að ef ekki er farið að reglum REACH sé framleiðsla, markaðssetning eða notkun viðkomandi vöru óheimil.

Í 3. mgr. er að finna nýmæli en þar er lagt til að óheimilt verði að tollafgreiða tiltekin varnarefni nema að fengnu markaðsleyfi Umhverfisstofnunar. Einnig er lagt til að Umhverfisstofnun geti látið tollyfirvöldum í té upplýsingar um efni, efnablöndur og vörur sem innihalda efni sem brjóta í bága við lög þessi og þannig geti tollstjóri hafnað tollafgreiðslu þeirra samkvæmt tilmælum stofnunarinnar. Óheimilt að tollafgreiða varnarefni nema markaðsleyfi efnisins liggi fyrir, sbr. 26. gr. Loks er lagt til að í reglugerð sem ráðherra setur, sbr. 10. gr., skuli vera listi yfir leyfisskyld efni, efnablöndur og hluti í efnum samkvæmt tollflokki. Umhverfisstofnun skal þá gefa út leyfisnúmer fyrir tollafgreiðslu efna, efnablöndu og hluta í efnum samræmist hún lögum þessum og er heimilt er að binda leyfisveitingu við tímabil eða einstakar sendingar. Þessi ákvæði eru sett inn samkvæmt ábendingu frá tollstjóra um hvernig megi auka skilvirkni við eftirlit með innflutningi með efnavörum sem háðar eru innflutningstakmörkunum. Því lagði tollstjóri til að útbúinn yrði listi yfir leyfisskyldar efnavörur samkvæmt tollflokki og að Umhverfisstofnun gæfi út leyfisnúmer fyrir öllum innflutningi samkvæmt framangreindum lista. Í dæmaskyni benti tollstjóri á nýlegar breytingar við leyfisveitingu vegna innflutnings á vörum sem heyra undir eftirlitsskyldu Matvælastofnunar. Með breyttri stjórnsýsluframkvæmd var tölvukerfi tollstjóra aðlagð að eftirlitsskyldu Matvælastofnunar. Afgreiðslufyrirkomulag tölvukerfisins var afmarkað með þeim hætti að aðflutningskýrslur með fyrir fram gefnum tollflokki verða ekki afgreiddar nema með innflutningsleyfi. Með þessum hætti tekur Matvælastofnun afstöðu til leyfisskyldu vegna allra sendinga innan algengustu tollflokka. Með reglubundnum hætti hefur tollstjóri upplýst Matvælastofnun um innflutning framangreindra tollflokka og notkun innflutningsleyfa, svo koma megi í veg fyrir ólögmetan innflutning eða misnotkun innflutningsleyfa. Að mati tollstjóra hefur framangreind breyting gefist vel og skilvirkni við eftirlit með innflutning aukist og því lagði tollstjóri til að áþekkt fyrirkomulag yrði viðhaft við innflutningi á efnum, efnablöndum og hlutum sem innihalda efni.

Um 23. gr.

Í greininni er fjallað um markaðssetningu eiturefna og tiltekinna varnarefna. Um er að ræða nýmæli sem kemur í stað söluleyfa sem eru nú við lýði. Kveðið er á um í 1. mgr. að þeir sem markaðssetja eiturefni og varnarefni skuli tilkynna markaðssetninguna til Umhverfisstofnunar. Mikilvægt er að hættulegustu efnin séu ekki aðgengileg fyrir hvern sem er. Þess vegna er lagt til að gerð verði krafa um að eiturefnum og tilteknum varnarefnum skuli komið þannig fyrir á útsölustöðum að þau séu ekki aðgengileg viðskiptavinum heldur skulu þau afhent sérstaklega. Um er að ræða nýmæli. Þeir sem markaðssetja eiturefni og varnarefni skuli halda skrá yfir sölu eiturefna og varnarefna og er móttakanda skylt að sýna skilríki og kvitta fyrir móttöku samkvæmt nánari fyrirmælum frá Umhverfisstofnun. Þetta er einnig liður í því að auka öryggi í þessum málaflokki. Í tilkynningu skal tilgreina ábyrgðaraðila og tegund efna sem eru markaðssett. Þeir sem markaðssetja varnarefni skulu afhenda Umhverfisstofnun gögn um magn og tegund eiturefna og varnarefna sem sett eru á markað á því formi sem Umhverfisstofnun tilgreinir. Lagt er til að ráðherra skuli í reglugerð, sbr. 10. gr., setja nánari ákvæði um þessa útfærslu.

Í 2. mgr. er kveðið á um að nafngreindur ábyrgðaraðili, á vegum þess sem um getur í 1. mgr., skuli hafa lokið námi eða námskeiði sem Umhverfisstofnun samþykkir, þar sem fjallað er um meðferð á eiturefnum og varnarefnum, svo og um lög og reglur sem á því sviði gilda. Viðkomandi skal hafa staðist próf sem sýnir fram á þekkingu hans. Láti viðkomandi ábyrgð-

araðili af störfum hjá hlutaðeigandi verslun eða birgi skal tilkynna til Umhverfisstofnunar um nýjan ábyrgðaraðila sem uppfyllir sett skilyrði.

Gerð er tillaga um í 3. mgr. að sá sem markaðssetur eiturefni og varnarefni beri ábyrgð á því að einungis þeim sem mega kaupa, nota og veita viðtöku eiturefnum og tilteknum varnarefnum sé afhent umrædd efni, þar á meðal þeim sem hafa gild notendaleyfi frá Umhverfisstofnun og eiturefnaleyfi frá Vinnueftirliti ríkisins. Þá er lagt til að þeir beri ábyrgð á að veita almennum kaupendum upplýsingar um örugga meðhöndlun slíkra efna.

Um 24. gr.

Greinin er sett til innleiðingar á reglugerð ráðsins (EB) nr. 1005/2009 frá 16. september 2009 um efni sem eyða ósonlaginu. Reglugerðin er endurskoðun á reglugerð ráðsins (EB) nr. 2037/2000 um efni sem eyða ósonlaginu og takmörkuð eru með Montreal-bókuninni. Reglugerðin var endurskoðuð í kjölfar ákvörðunar aðildarríkja Montreal-bókunarinnar í Montreal 2007 og í Doha 2008 þar sem Montreal-bókunin var uppfærð. Ákveðið var að endurskoða reglugerðina í heild sinni í því skyni að auka skýrleika og draga úr skriffinnsku. Það er staðreynd að losun ósoneyðandi efna veldur umtalsverðum skaða á ósonlaginu og bann og takmarkanir síðustu tveggja áratuga hafa leitt í ljós að þess sjást merki í heiðhvolfinu að styrkur ósoneyðandi efna hefur minnkað. Helstu nýmæli í þessari reglugerð eru eftirlit með búnaði til að koma í veg fyrir ólöglega verslun eða losun á takmörkunarskyldum efnum, nýjar kröfur um merkingar á efnum sem eru sett á markað eða notuð sem „feedstock, process agents“ eða í lyfjaiðnaði þar sem efnin skulu merkt til tiltekinna nota. Einnig er að finna nýmæli varðandi meðhöndlun ósoneyðandi úrgangs og efnis í birgðum, ásamt nýjum viðauka um tækni sem notuð er til eyðingar á ósoneyðandi efnum. Í nýjum viðauka VI er fjallað um neyðarnotkun halóna, en hann hefur verið endurskoðaður með tilliti til þess hvenær viðkomandi efni verði bönnuð í ákveðnum búnaði. Um er að ræða neyðarnotkun og þar með undanþegið almennu banni samkvæmt reglugerðinni. Helstu ákvæði sem snúa að Íslandi eru ákvæði 11. gr. reglugerðarinnar sem fjalla um markaðssetningu á HCFC (vetnisklórflyor-kolefnum), en þar er innflutningur á endurunnum HCFC leyfður til 31. desember 2014 til notkunar á kæli- og varmadælubúnaði sem þegar er til (gamall). Enn fremur er í 11. gr. ákvæði um undanþágu til notkunar á HCFC til 31. desember 2019 þar sem ekki er tæknilega mögulegt að taka önnur efni í notkun. Styrkja þarf lagastöðina frá því sem var. Það sem breytist er heimild til innflutnings á endurunnum efnum og nokkru flóknara fyrirkomulag um undanþágur. Þessi reglugerð er frábrugðin mörgum öðrum að því leyti að útflutningur er bannaður og innflutningur er háður meiri takmörkunum en framleiðsla. Viðskipti með endurunnid HCFC eru eins og áður greinir heimil innan EES til 31.12.2014. Ákvæðið í lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, sem fjalla um markaðshlutdeild á ekki lengur við á Íslandi. Reglugerðin gerir ráð fyrir kvótum vegna markaðssetningar til notkunar á rannsóknastofum og við efnagreiningar, við framleiðslu HCFC, við tiltekna notkun í iðnaðarstarfsemi sem var starfandi 1.9.1997 og við efnaframleiðslu úr ósoneyðandi efnum. Ekkert af þessu á við á Íslandi nema ef vera skyldi HCFC við rannsóknir og greiningar en sá innflutningur er frjálss.

Í greininni er kveðið á um að framleiðsla, markaðssetning, útflutningur og notkun ósoneyðandi efna sé bönnuð, sem og markaðssetning, útflutningur og notkun búnaðar og hluta sem innihalda ósoneyðandi efni. Gerð er tillaga um að til að koma í veg fyrir og draga úr losun ósoneyðandi efna geti ráðherra í reglugerð sett skilyrði um tímabundnar undanþágur frá banni og kveðið á um hvaða skilyrðum slík undanþága skuli háð, svo sem varðandi

búnað, merkingar og viðhald hans, neyðarnotkun efna, óhjákvæmilega notkun efna, sóttvarnir, meðhöndlun efna, endurnýtingu efna, viðskipti með og notkun endurunninna efna og förgun efna. Þá er gerð tillaga um að ráðherra skuli setja skilyrði í reglugerð um að markaðssetning og notkun ósoneyðandi efna skuli háð því að önnur efni geti ekki komið í staðinn af tæknilegum eða efnahagslegum ástæðum.

Um 25. gr.

Greinin er samhljóða 4. gr. laga nr. 45/2008, um efni og efnablöndur. Í ákvæðinu er heimild fyrir ráðherra til að takmarka heimildir til framleiðslu, markaðssetningar, útflutnings og notkunar tiltekinna efna, efnablandna eða efna í hlutum ef heilsu manna og dýra eða umhverfi stafar hættu af. Sambærileg heimild hefur verið í lögum um eiturefni og hættuleg efni en þar sem frumvarpið nær til fleiri efna er heimildin rýmri en er í lögum um eiturefni og hættuleg efni. Heimild til að banna útflutning á tilteknum efnum er í samræmi við skuldbindingar sem Íslendingar hafa gengist undir í gegnum fjölbjóðlega samninga á sviði viðskipta með hættuleg efni.

Í ákvæðinu er einnig að finna svokallaða skiptireglu sem er ein af grundvallarreglum REACH og felur í sér að hættulegum efnum sé skipt út fyrir hættuminni staðgengilsefni sem vitað er að koma að sömu notum. Þá er samkvæmt ákvæðinu heimilt að krefjast þess að prófanir séu framkvæmdar af faggiltum prófunaraðilum. Í 2. mgr. er að finna svokallað öryggisákvæði sem heimilar Umhverfisstofnun, ef réttmæt ástæða er til að ætla að þörf sé á tafarlausum aðgerðum til að vernda heilsu manna eða umhverfið, að grípa til aðgerða, svo sem banns við markaðssetningu, eða annarra takmarkana til verndar þessum hagsmunum, einnig í þeim tilvikum þegar viðkomandi vara uppfyllir kröfur laganna. Almennit gildir sú regla að ekki sé heimilt að setja séríslenskar reglur til að takmarka innflutning eða markaðssetningu efna sem falla undir REACH. Öryggisákvæðið, sem er að finna í 129. gr. REACH-reglugerðarinnar, er undantekning frá þessu og er aðeins notað í sérstökum tilvikum. Samkvæmt REACH skal tilkynna framkvæmdastjórn Evrópusambandsins um það þegar EFTA-ríki beitir öryggisákvæðinu. Einnig mundi það tilkynnt Eftirlitsstofnun EFTA, Efnastofnun Evrópu og öllum aðildarríkjum á EES-svæðinu með rökstuðningi fyrir ákvörðuninni. Á grunni þeirra röksemda hefur framkvæmdastjórnin 60 daga til að samþykkja aðgerðirnar eða krefjast þess að ríki afturkalli þær.

Um 26. gr.

1. mgr. ákvæðisins er efnislega samhljóða 1. mgr. 6. gr. laga nr. 45/2008, um efni og efnablöndur. Samkvæmt REACH-reglugerðinni er markaðssetning hættulegustu efnanna, efna sem skilgreind eru af Efnastofnun Evrópu sem sérlega varasöm, háð sérstöku markaðsleyfi. Hér er um að ræða markaðsleyfi Efnastofnunar Evrópu fyrir sérlega varasöm efni (SVHC), sbr. viðauka XIV í REACH. Sjá nánar: <http://www.echa.europa.eu/web/guest/addressing-chemicals-of-concern/authorisation/substances-of-very-high-concern-identification>. Má þar nefna krabbameinsvaldandi efni, efni sem valda stökkbreytingum eða hafa áhrif á æxlun, sem og þau efni sem safnast fyrir í lífverum, eru þrávirk eða eitruð. Gefur framkvæmdastjórn Evrópusambandsins út slíkt leyfi að fengnum tillögum Efnastofnunar Evrópu til handa fyrirtækjum í aðildarríkjum Evrópusambandsins. Hér á landi er það Umhverfisstofnun sem staðfestir öll markaðsleyfi sem gefin eru út af framkvæmdastjórn Evrópusambandsins innan 30 daga frá útgáfu þeirra. Listi yfir sérlega varasöm efni er birtur á heimasíðu Efnastofnunar Evrópu.

Um 27. gr.

Í greininni er fjallað um skyldur til að tilkynna um sérlega varasöm efni í hlutum, en þau eru háð markaðsleyfi Efnastofnunar Evrópu, sbr. 26. gr. Hér skiptir engu máli hvort hið sérlega varasama efni losnar úr hlutum við venjubundna notkun hlutarins eða ekki. Lagt er til að framleiðandi eða innflytjandi hluta skuli tilkynna til Efnastofnunar Evrópu ef styrkur efnisins í hlutum sé meiri en 0,1% miðað við þyngdarhlutfall og magn efnisins er samanlagt yfir einu tonni á ári. Um er að ræða tilkynningu sem ber skv. 2. tölul. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1906/2007 að senda beint til Efnastofnunar Evrópu en Umhverfisstofnun mun m.a. í raf-rænu þjónustuborði sem hún rekur leiðbeina um hvernig staðið skuli að slíkum tilkynningum.

Um 28. gr.

Í greininni er fjallað um upplýsingaskyldu um sérlega varasöm efni í hlutum skv. 33. gr. hinnar svokölluðu REACH-reglugerðar, til þeirra sem nota hlutinn í atvinnuskyni eða selja en einnig til neytenda. Upplýsingagjöf í aðfangakeðjunni er mikilvægur þáttur í REACH-reglugerðinni. Í greininni er lagt til að skylt sé að miðla upplýsingum um sérlega varasöm efni í hlutum til þeirra sem selja þessa hluti. Ekki er gerð krafa um að upplýsa neytandann en neytandinn hefur hins vegar rétt til þess að kalla eftir þessum upplýsingum.

Í 1. mgr. er gerð tillaga um að ef hlutur inniheldur sérlega varasamt efni í styrk yfir 0,1%, reiknað sem þyngdarhlutfall, skuli birgjar veita viðtakanda hlutarins upplýsingar sem þeir hafa yfir að ráða og eru að lágmarki heiti efnisins og nægja til að nota megi hlutinn á öruggan hátt. Viðtakandi er bæði eftirnotandi, þ.e. einstaklingur eða lögaðili sem notar hlutinn við iðnaðarstarfsemi sína, og dreifandi, þ.e. einstaklingur eða lögaðili, þ.m.t. smásali, sem einungis geymir og setur á markað fyrir þriðja aðila. Þetta þýðir að þegar hlutur sem inniheldur sérlega varasamt efni er seldur til aðila sem ætlar að nota hann við iðnaðarstarfsemi/faglega starfsemi og/eða selja hana áfram í smásölu, þá skulu fyrrgreindar upplýsingar um heiti efnisins og örugga notkun fylgja með.

Í 2. mgr. er fjallað um rétt neytandans til að fá upplýsingar um hvort tiltekinn hlutur inniheldur sérlega varasamt efni. Gerð er tillaga um að fari neytandi fram á það skal hver birgir hlutar sem inniheldur efni sem flokkast sem sérlega varasamt í styrk yfir 0,1%, reiknað sem þyngdarhlutfall, veita neytandanum upplýsingar sem birgirinn hefur yfir að ráða og eru að lágmarki heiti efnisins og nægja til að nota megi hlutinn á öruggan hátt. Gerð er tillaga að því að viðkomandi upplýsingar skuli afhentar án þess að gjald komi fyrir innan 45 daga frá því að tekið var við beiðninni um upplýsingar.

Um 29. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 7. gr. laga nr. 45/2008, um efni og efnablöndur. Í ákvæðinu er kveðið á um þær skyldur sem hvíla á birgjum og eftirnotendum efna varðandi skil á svokölluðum öryggisblöðum og öryggisskýrslum. Um efni þessara skjala hefur hingað til verið kveðið á í reglugerð og er gerð tillaga um að svo verði áfram.

Lagt er til að birgjar skuli láta öryggisblað fylgja við afhendingu efnis til notkunar í atvinnuskyni til eftirnotanda eða dreifanda, hvort sem það er hreint eða í efnablöndu, ef það fellur undir það að vera hættulegt, þrávirkt, safnast fyrir í lífverum og er eitrad samkvæmt nánari viðmiðum sem sett eru í reglugerð eða ef efnið er háð markaðsleyfi skv. 1. mgr. 26. gr. Kveðið er á um að framleiðanda eða innflytjanda sé skylt að gera öryggisskýrslu vegna efnis sem hann framleiðir eða flytur inn í meira magni en tíu tonn á ári. Þá skulu eftirnotendur tilkynna dreifanda, innflytjanda eða framleiðanda ef notkun þeirra er utan skráðs

notkunarsviðs viðkomandi efnis samkvæmt öryggisskýrslu. Ef um er að ræða notkun efna sem skylt er að gera öryggisskýrslu um, utan skráðs notkunarsviðs, er eftirnotanda skylt að gera öryggisskýrslu vegna notkunar sem ekki er tilgreind á öryggisblaði, sé notkunin meiri en nemur einu tonni á ári.

Um 30. gr.

Greinin fjallar um flokkun efna og efnablandna og tilkynningar þar um. Er greinin samhljóða 5. gr. a laga nr. 45/2008, um efni og efnablöndur.

Í 1. mgr. er kveðið á um að áður en efni og efnablanda er sett á markað skuli framleiðandi, innflytjandi og eftirnotandi flokka efni og efnablöndur með tilliti til hættu sem af þeim stafar. Þetta þýðir að á hverjum og einum þessara aðila hvílir sú skylda að tryggja að búið sé að flokka efnið eða efnablönduna á viðeigandi hátt áður en hún er sett á markað. Þannig ber hver og einn í aðfangakeðjunni ábyrgð, óháð öðrum, á að uppfylla þessi skilyrði. Þegar eftirnotandi uppfyllir skyldur sína varðandi flokkun skal honum heimilt að nota þá flokkun efnis eða efnablöndu sem annar aðili í aðfangakeðjunni hefur gert að því tilskildu að hann breyti ekki samsetningu efnisins eða blöndunnar. Sé efni og efnablanda framleidd hér á landi ber framleiðanda hennar enn fremur að tryggja að efni og efnablanda séu flokkuð á viðeigandi hátt. Þá er rétt að benda á að ef vara er flutt inn frá EES-svæðinu þá hefur efni eða efnablanda að öllum líkindum verið flokkuð samkvæmt ákvæðum greinarinnar. Þrátt fyrir þetta þarf innflytjandi og eftirnotandi að ganga úr skugga um að svo sé og flokka vöruna hafi það ekki verið gert. Annað á við ef um er að ræða efni og efnablöndu sem flutt er inn frá ríki utan EES-svæðisins. Þá má ætla efni eða efnablanda hafi ekki verið flokkuð í samræmi við ákvæði laganna og því verða innflytjandi og eftirnotandi að sjá um að flokka þau á viðeigandi hátt. Þá er jafnframt í 1. mgr. kveðið á um skyldu framangreindra aðila til að hafa samvinnu sín á milli um flokkun efna og efnablandna sem á að koma í veg fyrir tvíverksað og tryggja hagkvæmni og samræmingu við flokkunina. Samvinnan felur m.a. í sér að hverjum og einum ber að afhenda öðrum í aðfangakeðjunni nauðsynlegar upplýsingar og gögn svo að þeir geti uppfyllt skyldur sínar um flokkun. Ákvæði þetta er byggt á 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006.

Í 2. mgr. greinarinnar er kveðið á um að framleiðandi eða innflytjandi skuli tilkynna hættuflokkun efnis eða einstakra innihaldsefna í efnablöndu til Efnastofnunar Evrópu innan 30 daga frá markaðssetningu. Þetta er gert svo að birta megi flokkun efnisins í sérstakri flokkunar- og merkingaskrá á vegum Efnastofnunar Evrópu. Ákvæði þetta er byggt á 4. gr. framangreindrar reglugerðar (EB) nr. 1272/2008.

Í 3. mgr. er kveðið á um að framleiðandi, innflytjandi og eftirnotandi skuli framkvæma mat til grundvallar hættuflokkun efnis eða efnablöndu. Samkvæmt þessu hvílir skyldan til að framkvæma matið á hverjum og einum í aðfangakeðjunni með sama hætti og í 1. mgr. greinarinnar og ber því hver og einn ábyrgð á að hættuflokkun sé framkvæmd. Gerð er tillaga um að ef þörf sé á skuli framleiðandi, innflytjandi og eftirnotandi afla nauðsynlegra gagna í samræmi við prófunaraðferðir sem kveðið er á um í reglugerð sem ráðherra setur. Ákvæðið er byggt á 9. gr. framangreindrar reglugerðar (EB) nr. 1272/2008.

Framleiðandi, innflytjandi eða eftirnotandi skal á grundvelli nýrra upplýsinga eða endurmats á fyrirliggjandi upplýsingum breyta áður gerðri flokkun sé þess þörf.

Loks er í 4. mgr. kveðið á um að sömu aðilar skuli breyta hættuflokkun efnis eða efnablöndu gerist þess þörf á grundvelli nýrra upplýsinga eða endurmats á fyrirliggjandi upplýsingum. Ákvæðið er byggt á 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006.

Um 31. gr.

Greinin er samhljóða 6. gr. a laga nr. 45/2008, um efni og efnablöndur, og fjallar um merkingar og umbúðir efna og efnablandna. Mikilvægt er að á umbúðum þessara vara séu viðeigandi merkingar sem gefa til kynna skaðleg áhrif þeirra. Jafnframt er nauðsynlegt að tryggja að merkingin máist ekki af umbúðunum og að umbúðir séu þess eðlis að geymsla og meðhöndlun innihaldsins verði með öruggum hætti. Ábyrgðin á því að efni og efnablöndur hafi réttar merkingar og traustar umbúðir hvílir því á herðum þess sem jafnframt er ábyrgur fyrir markaðssetningu, þ.e. birgis. Þannig tekur viðtakandi efnis eða efnablöndu við ábyrgðinni á merkingu við viðtöku ef ætlunin er að dreifa efninu eða efnablöndunni áfram. Um þetta fjalla 1. og 2. mgr. greinarinnar.

Mikilvægt er að hafa í huga að efni og efnablöndur innihalda m.a. eiturefni og hættuleg efni sem oft eru verulega skaðleg heilsu og umhverfi. Því er nauðsynlegt að merkingar á efnum og efnablöndum miðli upplýsingum til neytenda um þá hættu sem er samfara notkun þessara vara og að tryggt sé að neytendur skilji þær merkingar sem notaðar eru. Því er kveðið á um að viðeigandi merkingar skuli vera á umbúðum efna og efnablandna til að gefa til kynna skaðleg áhrif þeirra. Jafnframt segir að umbúðir skuli merktar með nafni, heimilisfangi og símanúmeri birgis, magni efnis og efnablöndu, hættusetningum, varnaðarsetningum, viðvörunarorðum og hættumerkjum. Þá er gerð tillaga um að texti merkinganna sé á íslensku nema kveðið sé á um annað í reglugerð sem ráðherra setur, sbr. ákvæði 8. gr. frumvarpsins. Ljóst er að krafa um merkingu á íslensku mun eiga við um eiturefni og hættuleg efni. Hættuleg efni eru, samkvæmt skilgreiningu í frumvarpinu, efni sem geta valdið dauða, bráðum eða langvarandi skaða á heilsu við innöndun og inntöku eða í snertingu við húð, eru eldnærandi, eld- eða sprengifim eða geta valdið tjóni á umhverfi. Jafnframt er kveðið á um þá kröfu að tryggt sé að merkingar máist ekki af umbúðunum og að umbúðir séu þess eðlis að geymsla og meðhöndlun innihaldsins verði með öruggum hætti.

Rétt og skiljanleg merking efnavara og skýr öryggisblöð eru mikið öryggismál. Því þarf að tryggja að framkvæmd merkinga sé góð, þannig að merkingar miðli upplýsingum til neytenda um hættuna sem er samfara notkun vörunnar. Ljóst er að íslenskur markaður er smár og vöruúrval mikið. Þannig er fjöldi efnavara hér á landi sambærilegur við það sem gerist í nágrannalöndum okkar þó svo að magnið sé að öllu jöfnu mun minna. Þetta hefur í för með sé að innflytjendur eiga ekki alltaf auðvelt með að fá birgja sína erlendis til að merkja á íslensku. Því þurfa innflytjendur í einhverjum tilvikum að sjá um þetta sjálfir með því að láta þýða merkimiða og líma þá á umbúðir. Þar sem um mjög hættulega vöru getur verið að ræða er lagt til, eins og að framan greinir, að meginreglan verði sú að texti merkinga skuli vera á íslensku. Nýti ráðherra sér heimild til að kveða á um annað í reglugerð er gert ráð fyrir að merkingar verði þá á ensku eða Norðurlandamáli öðru en finnsku. Hins vegar er ljóst að þetta verða undantekningartilvik, til að mynda gæti þetta átt við þar sem almenn, víðtæk þekking og reynsla er fyrir hendi á notkun vörunnar eða þegar sérfræðingar nota efnið vinnu sinnar vegna. Mikilvægt er að efni og efnavörur séu rétt merktar og því þurfa eftirlitsaðilar að veita birgjum leiðbeiningar þar um og hafa virkt eftirlit með merkingum.

Ákvæði greinarinnar á stoð sína í 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006. Þar er m.a. kveðið á um að merkimiði skuli vera á opinberu tungumáli þess aðildarríkis þar sem efnið eða efna-blandan er sett á markað nema hlutaðeigandi aðildarríki kveði á um annað. Jafnframt kemur fram í EB-reglugerðinni að birgjar megi nota fleiri tungumál á merkimiðum sínum en þau sem aðildarríkið fer fram á, að því tilskildu að sömu upplýsingar komi fram á öllum þeim tungumálum sem notuð eru.

Til að auka öryggi enn frekar er kveðið á um það í greininni að birgir skuli enn fremur tryggja að umbúðir efna og efnablandna, sem ætlaðar eru til dreifingar á almennum markaði, hafi hvorki þannig form né útlit að þær vekji forvitni og athygli barna eða svo að villast megi á þeim og umbúðum undir matvæli, fóður, lyf eða snyrtivörur. Þetta ákvæði er í samræmi við ákvæði 2. tölul. 35. gr. framangreindrar reglugerðar (EB) nr. 1272/2008.

Um 32. gr.

1. mgr. er efnislega samhljóða 8. gr. a laga nr. 45/2008, um efni og efnablöndur. Hún kveður á um að í öllum auglýsingum eða öðrum svipuðum viðskiptaaðferðum fyrir efni og efnablöndur sem geta verið skaðlegar, hvort sem um er að ræða beinar eða óbeinar auglýsingar, skuli koma fram upplýsingar um hættuflokkun til að neytendum sé ljóst að vara geti verið varasöm og hvaða skaðlegu eiginleika notkun hennar getur haft í för með sér. Ákvæði greinarinnar eru byggð á 1. og 2. tölul. 48. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006.

Í 2. mgr. er kveðið á um að óheimilt sé að villa um fyrir neytendum með auglýsingu eða öðrum svipuðum viðskiptaaðferðum og framsetningu efna og efnablandna. Svipað ákvæði er í 18. gr. a laga nr. 93/1995, um matvæli. Í frumvarpinu er að finna strangara ákvæði um þetta í tilvikum snyrtivara, sbr. 39. gr. frumvarpsins. Þar er kveðið á um að óheimilt sé að fullyrða að snyrtivara hafi tiltekna eiginleika eða virkni sem hún hefur ekki.

Í 3. mgr. segir að óheimilt sé að auglýsa efni og efnablöndur sem háð eru markaðsleyfum nema að fengnu markaðsleyfi.

Í greininni er kveðið á um að óheimilt sé að fullyrða í auglýsingum eða með öðrum svipuðum viðskiptaaðferðum að snyrtivara hafi tiltekna eiginleika eða virkni sem hún hefur ekki.

Loks er kveðið á um að um málsmeðferð, úrræði og viðurlög fari að öllu leyti eftir ákvæðum laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, vegna auglýsinga sem brjóta í bága við ákvæði laga þessara og er það Neytendastofa sem fer með heimild til að beita þeim þvingunarúrræðum og viðurlögum sem við eiga.

Um 33. gr.

Samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/128/EB frá 21. október 2009 um að koma á ramma fyrir aðgerðir Bandalagsins svo stuðla megi að sjálfbærri notkun varnarefna skal hvert ríki semja framkvæmdaáætlun sem miðar að því að draga úr notkun varnarefna, sbr. ákvæði 4. gr. tilskipunarinnar. Í áætluninni skal setja fram mælanleg markmið og tilgreina viðeigandi ráðstafanir. Við gerð áætlunarinnar skal veða og meta áhrif ráðstafananna á heilsu og umhverfi, félagslega og hagræna þætti. Áætlunin skal taka mið af ráðstöfunum sem ákveðnar eru á grundvelli vatnatilskipunarinnar 2000/60/EB en hún er innleidd með

lögum nr. 36/2011, um stjórn vatnamála. Þá er í tilskipuninni kveðið á um sjálfbæra notkun varnarefna, að stjórnvöld skuli nota sérstaka vísa til að fylgjast með þróun í notkun varnarefna. Dæmi þar um er notkun tölulegra upplýsinga og tilhneigingar til notkunar efna. Samræmdir vísar eru ekki tilbúnir.

Í greininni er fjallað um áætlun um notkun varnarefna. Gerð er tillaga um að Umhverfisstofnun semji áætlun sem miðar að því að draga úr notkun plöntuvarnarefna.

Lagt er til að ráðherra gefi út til 15 ára í senn almenna aðgerðaráætlun um notkun varnarefna, bæði plöntuvarnarefna og sæfiefna, sem gildir fyrir landið allt. Lagt er til að Umhverfisstofnun vinnu tillögu að aðgerðaráætluninni og leggi fyrir ráðherra, að höfðu samráði við Matvælastofnun, Landgræðslu ríkisins, Skógrækt ríkisins, Bændasamtök Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga og fleiri aðila eftir því sem við á. Skv. 4. gr. tilskipunarinnar er gert ráð fyrir að áætlunin skal taka mið af efnalögum og reglugerðum settum samkvæmt þeim, sem og lögum nr. 36/2011, um stjórn vatnamála. Í áætluninni skulu m.a. koma fram mælanleg markmið, upplýsingar um notkun plöntuvarnarefna í landinu og tímaáætlun, aðgerðir, stefnumörkun til að draga markvisst úr notkun plöntuvarnarefna og stuðla að sjálfbærri notkun þeirra. Tryggja skal rétt þátttöku almennings við gerð áætlunarinnar á grundvelli tilskipunar 2003/35/EB. Því er lagt til að Umhverfisstofnun auglýsi drög að aðgerðaráætluninni í sex vikur þannig að hagsmunaaðilar, almenningur og stjórnvöld hafi tækifæri til að gera athugasemdir við hana. Almenningsi skal tryggður aðgangur að áætluninni, m.a. á vefsetri Umhverfisstofnunar. Lagt er til að áætlunin verði endurskoðuð á fimm ára fresti.

Þá er lagt til að ráðherra setji nánari ákvæði um innihald og gerð áætlunar um notkun varnarefna.

Um 34. gr.

Í greininni er fjallað um markaðsleyfi varnarefna. Varnarefni eru samheiti yfir plöntuvarnarefni og sæfiefni. Á bak við þessa grein liggja tvær stórar EB-gerðir, annars vegar tilskipun 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna, sem innleidd var með reglugerð nr. 1101/2004, og hins vegar reglugerð (EB) nr. 1107/2009 um markaðssetningu plöntuvarnarefna sem verður innleidd í kjölfar lagasetningarinnar. Í báðum þessum gerðum eru gerðar kröfur um að efni og efnablöndur sem sett eru á markað á grundvelli þeirra hafi markaðsleyfi sem gefin eru út af lögbæru yfirvaldi í hverju ríki fyrir sig. Á Íslandi er Umhverfisstofnun lögbært yfirvald. Lagt er til að markaðsleyfið sé gefið út til tiltekins tíma á grundvelli áhættumats. Hugtakið áhættumat er skilgreint í 3. gr. frumvarpsins sem mat á eiturhrifum, annarri skaðsemi og virkni efna samkvæmt viðurkenndum aðferðum. Ítarlega er gerð grein fyrir eðli slíks áhættumats í EB-gerðunum og leiðbeiningum sem þeim fylgja. Áhættumat er svo nánar útfært í reglugerð, sbr. 10. gr. Forsenda áhættumats er að sá sem markaðssetur varnarefni leggi fram ítarleg gögn um eðliseiginleika og efnafræðilega eiginleika vörunnar, áhrif hennar á heilsu manna og umhverfi, virkni hennar, áhrif á marklífverur og fleira. Lagt er til að óheimilt sé að markaðssetja varnarefni nema að fengnu markaðsleyfi. Í markaðsleyfi á að tilgreina þá vöru sem leyfið nær til, leyfilega notkun hennar og þær takmarkanir sem gilda. Lagt er til að ráðherra setji í reglugerð ákvæði um hvernig umsókn um markaðsleyfi skuli útbúin og hvaða gögn þurfi að fylgja, skilyrði fyrir veitingu markaðsleyfis, ákvæði um gagnkvæma viðurkenningu á markaðsleyfi sem gefið er út í öðrum löndum, ákvæði um skráningu og markaðsleyfi hættuminni varnarefna, ákvæði um ramma fyrir varnarefni og skilyrði fyrir samhliða innflutningi á varnarefnum, sbr. 10. gr.

Í 2. mgr. greinarinnar er gerð tillaga um að Umhverfisstofnun sé heimilt að veita tíma- bundið markaðsleyfi fyrir varnarefni vegna sérstakra aðstæðna eða tilrauna og skal ráðherra setja í reglugerð skilyrði fyrir tímabundnum markaðsleyfum.

Í 3. mgr. er kveðið á um að varnarefni skuli setja á markað með sérheiti eða íslensku heiti. Ákvæði þetta tekur einnig til örvera og annarra lífvera eða hluta þeirra, ef þau eru notuð í sama skyni.

Í 4. mgr. er gerð tillaga um að innflytjandi, framleiðandi eða annar aðili sem ber ábyrgð á markaðssetningu varnarefnis á Íslandi upplýsi Eitrunarmiðstöð Landspítala um efnasamsetningu og eiturhrif efnisins. Þetta er mikilvægt til að hægt sé að bregðast rétt við ef einhver innbyrðir varnarefni eða fær það á sig. Loks er kveðið á um að ráðherra skuli í reglugerð takmarka notkun tiltekinna varnarefna við þá sem hafa notendaleyfi og sölu tiltekinna varnarefna við þá sem hafa leyfi til markaðssetningar varnarefna.

Um 35. gr.

Í greininni er fjallað um leyfi til samhliða markaðssetningar á varnarefni. Gerð er tillaga um að Umhverfisstofnun geti veitt leyfi til samhliða innflutnings á varnarefni sem hefur fengið markaðsleyfi í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu. Leyfið er háð því að varnarefnið uppfylli viðmið sem sett eru í reglugerð þannig að það sé með sömu auðkenni og varnarefni sem þegar hefur fengið markaðsleyfi á Íslandi, sbr. 34. gr. Lagt er til að ráðherra setji nánari ákvæði í reglugerð, sbr. 10. gr., um veitingu leyfis til samhliða innflutnings, viðmið og kröfur til umsókna um samhliða innflutning.

Um 36. gr.

Í greininni er kveðið á um að búnaður sem notaður er við beitingu varnarefna skuli háður reglulegu eftirliti Vinnueftirlits ríkisins og uppfylla öryggiskröfur eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð sem ráðherra setur. Standist búnaður ekki skoðun er heimilt að banna notkun hans. Ákvæði þetta er að finna í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/128/EB um að koma á ramma fyrir aðgerðir Bandalagsins svo stuðla megi að sjálfbærri notkun varnarefna. Í 8. gr. tilskipunarinnar er fjallað um öryggiskröfur og eftirlit með búnaði sem notaður er við beitingu varnarefna. Samkvæmt tilskipuninni skal framkvæma skoðun á búnaði sem er í notkun í atvinnustarfsemi á fimm ára fresti, að lágmarki, til ársins 2020 og á þriggja ára fresti eftir það. Aðildarríkin skulu tryggja að allur búnaður sem notaður er við beitingu varnarefna hafi verið skoðaður 14. desember 2016 og að aðeins búnaður sem hefur staðist skoðun verði í notkun í atvinnustarfsemi eftir það tímamark. Nýr búnaður skal skoðaður að lágmarki á fimm ára fresti.

Um 37. gr.

Í greininni er kveðið á um að varnarefni skuli merkt í samræmi við 31. gr. en auk þess að ráðherra skuli setja í reglugerð, sbr. 10. gr., nánari ákvæði um merkingar, svo sem að merkja skuli varnarefni með sérheiti eða markaðsheiti vörunnar, tilgreina ábyrgðaraðila, tilgreina heiti virkra efna í vörunni, stærð umbúða, lotunúmer, leyfisnúmer, leiðbeiningar um notkun, skammtastærðir, marklífveru, hvaða not eru heimiluð, sem og nánari ákvæði um auglýsingar og umbúðir varnarefna.

Mikilvægt er að merkingar sæfiefna og plöntuvarnarefna séu skýrar því að um er að ræða efni sem geta við ranga notkun valdið miklum skaða.

Um 38. gr.

Í greininni er fjallað um takmörkun á notkun varnarefna og kveðið á um að notkun þessara efna skuli hvorki valda skaða á heilsu né umhverfi og skuli leitast við að koma í veg fyrir neikvæð umhverfisáhrif. Ákvæði greinarinnar er sambærilegt ákvæði í sænsku efnalöggjöfnni. Sjá m.a.: <http://www.kemi.se/en/Content/Rules-and-regulations/Swedish-acts-and-ordinances-and-other-related-legislation/>. Þá tekur greinin mið af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/128/EB um að koma á ramma fyrir aðgerðir Bandalagsins svo stuðla megi að sjálfbærri notkun varnarefna. Í 2. mgr. er lagt til að tryggja skuli að varnarefnum sé einungis dreift á þau svæði sem meðhöndla skal. Lagt er til að óheimilt verði að dreifa varnarefnum á vatnsverndarsvæði, náttúruverndarsvæði og lykilsvæði verndaðra tegunda sem og úr loftförum nema í einstökum tilvikum, þegar sérstaklega stendur á og að fenginni undanþágu ráðherra sem þá leitar umsagnar Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og hlutaðeigandi sveitarfélags áður en undanþága er veitt. Ákvæðið um að óheimilt sé að úða varnarefnum úr lofti nema með sérstökum undanþágum kemur úr 10. gr. tilskipunarinnar um sjálfbæra notkun varnarefna. Þá er gerð tillaga um, til að vernda m.a. viðkvæm svæði, að ráðherra sé heimilt með reglugerð að banna eða takmarka notkun varnarefna á einstökum landsvæðum. Þetta er í samræmi við sérstakar ráðstafanir sem gera skal í þágu vatnsverndar og neysluvatns vegna notkunar varnarefna og kemur úr 11. gr. tilskipunarinnar um sjálfbæra notkun varnarefna. Skv. 12. gr. tilskipunarinnar skal notkun varnarefna vera bönnuð eða í algeru lágmarki á tilteknum svæðum sem njóta verndar á grundvelli vatnatilskipunarinnar (2000/60/EB).

Um 39. gr.

Þessi grein frumvarpsins er til innleiðingar á reglugerð (EB) nr. 1223/2009 frá 30. nóvember 2009 um snyrtivörur. Reglugerðin gerir afgerandi kröfur til ábyrgðaraðila og dreifenda. Sem dæmi um framangreindar kröfur má nefna kröfur til ábyrgðaraðila um framkvæmd öryggismats, gerð öryggisskýrslu, gerð og vörslu vöruupplýsingablaðs og tilkynningarskyldu við markaðssetningu. Enn fremur skyldar reglugerðin dreifendur til að ganga úr skugga um að snyrtivörur sem þeir hyggjast bjóða til sölu uppfylli kröfur reglugerðarinnar en gera viðeigandi ráðstafanir ef svo er ekki. Í reglugerðinni koma einnig fram annars konar kröfur, boð og bönn, þar á meðal takmarkanir á notkun tiltekinna efna í snyrtivörum, almennt bann við markaðssetningu snyrtivara sem þróaðar hafa verið með prófunum á dýrum, kröfur um merkingar snyrtivara og ýmiss konar kröfur um tilkynningar og upplýsingagjöf. Þá má nefna að samkvæmt reglugerðinni skulu lögbær yfirvöld gera nauðsynlegar ráðstafanir til að takmarka aðgengi að snyrtivörum sem talin er hættu á að geti valdið óæskilegum áhrifum á heilsu manna, jafnvel þótt ákvæði reglugerðarinnar séu uppfyllt.

Í 1. mgr. greinarinnar er gerð tillaga um að hver sá sem setur á markað snyrtivöru, og ef um er að ræða fyrstu markaðssetningu snyrtivöru á Evrópska efnahagssvæðinu, skuli tilkynna það beint í evrópskan gagnagrunn eins og nánar verður kveðið á um í reglugerð sem ráðherra setur.

Gerð er tillaga um það í 2. mgr. að markaðssetning snyrtivöru sé óheimil nema snyrtivaran hafi gengist undir öryggismat og útbúin hafi verið fyrir hana öryggisskýrsla.

Þá er í 3. mgr. kveðið á um að framleiðandi eða innflytjandi snyrtivöru eða aðili í umboði framleiðanda eða innflytjanda skuli útbúa og varðveita sérstaka upplýsingaskrá um hverja snyrtivöru sem sett er á markað og skal varðveita skrána í a.m.k. tíu ár eftir að síðasta afhending vöru átti sér stað.

Í 4. mgr. er gerð tillaga um það að markaðssetning snyrtivöru sé óheimil hafi hún verið prófuð á dýrum. Sama á við um notkun innihaldsefna í snyrtivörum, nema aðrar aðferðir til prófunar séu ekki til. Þetta ákvæði er til inleiðingar á reglugerð (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur. Með reglugerðinni er haldið áfram að herða á reglum um tilraunir á dýrum. Fjöldmörg próf á eiturhrifum efna þarf því miður enn að framkvæma á dýrum, eins og t.d. „repeated-dose toxicity, reproductive toxicity and toxicokinetics“, sbr. 18. gr. reglugerðarinnar. En mikilvægt er að tryggja að eiturefnafræðileg þekking sé til staðar við notkun efna í snyrtivörur.

Í 5. mgr. er lagt til að óheimilt verði að fullyrða að snyrtivara hafi tiltekna eiginleika eða virkni sem hún hefur ekki, sbr. að fullyrða að viðkomandi yngist um tíu ár beri hann á sig tiltekið krem eða að tiltekið krem breyti erfðaeefni húðarinnar. Þetta ákvæði hefur tengsl við 31. gr. frumvarpsins sem fjallar um auglýsingar.

Loks er kveðið á um það í lokamálsgrein greinarinnar að ráðherra setji nánari ákvæði um snyrtivörur í reglugerð, m.a. varðandi innihaldsefni sem eru bönnuð eða háð skilyrðum, leyfileg innihaldsefni í tilteknum snyrtivörum, merkingar og umbúðir.

Um 40. gr.

Þessi grein og næstu þrjár greinar fjalla um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir og eru til inleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006 um tilteknar flúoreraðar gróðurhúsalofttegundir, sbr. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 303/2008 sem er í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006, um lágmarkskröfur og aðstæður fyrir gagnkvæmri viðurkenningu á vottorðum fyrirtækja og starfsfólks sem þjónusta föst kælikerfi, loftkælingar og varmadælur sem innihalda tilteknar flúoreraðar gróðurhúsalofttegundir. Þessar gerðir voru innleiddar með lögum nr. 92/2009, um breytingu á lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni.

Ákvæðið greinarinnar er samhljóða 27. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni. Fjallað er um þær kröfur sem gerðar eru til geymslu flúoraðra gróðurhúsalofttegunda. Hindra ber leka þessara lofttegunda og gerð er krafa um að fram fari tafarlaus viðgerð komi leki í ljós. Gert er ráð fyrir að gera eigi við leka með öllum tæknilegum ráðstöfunum. Þannig skal ætíð lágmarka það tjón sem verður en þó ber að hafa í huga að slíkt hafi ekki í för með sér óeðlilega háan kostnað miðað við umhverfislegan ávinning. Að auki er kveðið á um að rekstraraðilum beri að sjá til þess að haldin sé skrá yfir flúoraðar gróðurhúsalofttegundir og að lekaleit sé framkvæmd af til þess vottuðum aðilum. Ákvæðið er sett í samræmi við þær kröfur sem 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 842/2006 gerir.

Um 41. gr.

Ákvæði er samhljóða 28. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni. Kveðið er á um hvernig endurnýting flúoraðra gróðurhúsalofttegunda skuli framkvæmd. Með ákvæðinu eru innleiddar kröfur 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 842/2006 um skyldu til endurnýtingar þeirra flúoruðu lofttegunda sem frumvarpið tekur til. Starfsmenn sem endurnýta efni af föstum búnaði skulu, samkvæmt ákvæðinu, hafa réttindi til þess og vera vottaðir af faggiltri skoðunarstofu.

Um 42. gr.

Ákvæðið er að mestu leyti samhljóða 29. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni. Voru menntunarkröfur þær sem gerð var krafa um í lögum nr. 52/1988 nýmæli og í

samræmi við þær kröfur sem 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 842/2006 gerir. Með ákvæðinu er krafa um að skilgreina þurfi lágmarksþekkingu þeirra sem vinna með flúoraðar gróðurhúsalofttegundir sem og vottun fyrir starfsmenn og rekstrar- og þjónustuaðila sem mega meðhöndla þessar lofttegundir. Hér er því um það að ræða að lögfest er skylda um ákveðna starfsmenntun fyrir þá sem vinna með þessar lofttegundir og verða kröfurnar skilgreindar í viðaukum reglugerða sem settar verða með stoð í hinum nýju ákvæðum. Réttindi þau sem hægt er að öðlast eru í fjórum flokkum, sem nánar eru skilgreindir í reglugerð (EB) nr. 842/2006. Sett verður upp nám fyrir þá sem þurfa að afla sér réttinda og uppfylla lágmarkskröfur sem koma fram í reglugerð sem ráðherra setur skv. 10. gr. frumvarpsins. Þeir sem hafa vélstjóraréttindi eða háskólamenntun á þessu sviði, t.d. kælitæknifræðingar og kæliverkfræðingar, geta sótt um vottun á því námi. Þó er gerð krafa um að sótt sé um slíka vottun innan ákveðins tíma. Fyrir þá sem starfa nú þegar á þessu sviði en eru með aðra menntun, t.d. rafvirkjar og málm- og skipasmiðir, mun verða boðið upp á styttri námskeið til þess að þeir geti uppfyllt þær kröfur sem gerðar eru til þess að fá vottun.

Krafist er vottunar fyrir annars vegar starfsmenn og hins vegar rekstraraðila eða þjónustuaðila. Starfsmenn munu sækja um vottun að loknu námi. Rekstraraðilar eða þjónustuaðilar fá aftur á móti vottun ef þeir uppfylla skilyrði reglugerða um að hafa t.d. ákveðinn búnað til endurheimtar gróðurhúsalofttegunda. Að auki er það skilyrði vottunar rekstrar- og þjónustuaðila að þeir hafi starfsmenn sem hafa hlotið vottun. Um faggiltar skoðunarstofur sem sjá munu um að votta nám sem og rekstraraðila og þjónustuaðila fer samkvæmt lögum um faggildingum o.fl., nr. 24/2006. Vottunin skal gilda í sex ár.

Um 43. gr.

Ákvæðið er samhljóða 30. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni. Ákvæðið hefur að geyma fyrirmæli um skyldu til þess að merkja á viðeigandi hátt allan búnað og vörur sem innihalda flúoraðar gróðurhúsalofttegundir. Krafa þessi er í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 842/2006. Með ákvæðinu var gerð krafa um töluvert ítarlegri og nákvæmari merkingar en verið höfðu fram að setningu þess. Þá voru sett ítarlegri ákvæði í reglugerð þar sem m.a. hefur verið kveðið á um hvernig merki eða skilti skal líta út og hvaða upplýsingar skuli koma fram á því. Gert er ráð fyrir að slíkar merkingar séu varanlegar og að ekki verði hægt að afmá þær.

Um 44. gr.

Í greininni er fjallað um kaup og viðtöku eiturefna. Mikilvægt er að eiturefni séu notuð í takmörkuðum mæli og að gott yfirlit sé yfir notkun þeirra. Gerð er tillaga um að til að taka við, kaupa og nota eiturefni þurfi einstaklingur að vera 18 ára eða eldri og er það sambærilegt og er í gildandi lögum. Í gildandi lögum er kveðið á um að þeir sem selja eiturefni megi eingöngu afhenda eiturefni þeim sem hafa eiturefnabeiðni sem heilbrigðisnefndir sveitarfélaga gefa út. Í frumvarpinu er lagt til að fallið verði frá kröfu um eiturefnabeiðni. Mörg eiturefni eru mjög hættuleg en sum eiturefni eru þess eðlis að notkun þeirra hefur ekki í för með sér áhættu við eðlilega notkun. Það er því talið eðlilegt að falla frá kröfu um leyfi til kaupa og notkunar slíkra efna. Því er lagt til að í stað ákvæðis um eiturefnabeiðni verði sett ströng skilyrði um kaup og viðtöku eiturefna. Þannig er lagt til að kaupandi og viðtakandi skuli veita upplýsingar um til hvers og hvar nota skuli eiturefni og verði gert að sýna skilríki og kvitta fyrir móttöku efnanna. Þá eru gerðar strangari kröfur til seljanda, sbr. umfjöllun um 23. gr. frumvarpsins, m.a. að veita almennum kaupendum upplýsingar um örugga meðhöndl-

un eiturefna. Ákvæðið um að kaupandi og viðtakandi skuli kvitta fyrir móttöku eiturefna hefur í meginatriðum sömu merkingu og 2. mgr. 8. gr. laga nr. 52/1988. Rétt er að áréttá að um notkun eiturefna í atvinnuskyni fer áfram skv. VIII. kafla laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Í 2. mgr. kveðið á um að ekki megi afhenda eiturefni og tiltekin varnarefni ef ástæða er til þess að ætla að viðkomandi kynni að fara sjálfum sér að voða eða gæti unnið öðrum tjón með efnunum sökum geðveiki, neyslu vímugjafa, vanþroska, vanstillingar, fákunnáttu o.s.frv. Sambærilegt ákvæði er að finna í lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni.

Um 45. gr.

Í greininni er fjallað um kaup og viðtöku varnarefna. Gerð er tillaga um að til að taka við, kaupa og nota tiltekin varnarefni þurfi einstaklingar að vera 18 ára eða eldri og framvísa gildu notendaleyfi frá Umhverfisstofnun. Kaupandi og viðtakandi skal kvitta fyrir móttöku og framvísa skilríkjum samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Þá er kveðið á um að ekki megi afhenda tiltekin varnarefni ef ástæða er til þess að ætla að viðkomandi kynni að fara sjálfum sér að voða eða gæti unnið öðrum tjón með efnunum sökum geðveiki, neyslu vímugjafa, vanþroska, vanstillingar, fákunnáttu o.s.frv. Sambærilegt ákvæði er að finna í lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni.

Um 46. gr.

Í greininni er fjallað um notendaleyfi vegna varnarefna. Gerð er tillaga um að einstaklingar sem nota tiltekin varnarefni, svo sem við eyðingu meindýra, í landbúnaði eða garðyrkju skuli sækja um notendaleyfi til Umhverfisstofnunar. Þeir sem nota sæfiefni skuli hafa notendaleyfi til meindýraeyðingar og þeir sem nota plöntuvarnarefni skuli hafa notendaleyfi fyrir notkun í landbúnaði eða garðyrkju. Í 2. mgr. er tiltekið hvaða skilyrði séu fyrir veitingu notendaleyfis. Þannig þarf umsækjandi að ljúka námi eða námskeiði sem Umhverfisstofnun samþykkir, þar sem fjallað er um meðferð varnarefna, þ.e. plöntuvarnarefna og sæfiefna, svo og um lög og reglur sem á því sviði gilda. Umsækjandi skal jafnframt standast próf sem sýnir fram á þekkingu hans. Þá skal umsækjandi hafa aðstöðu og/eða búnað sem Vinnueftirlit ríkisins hefur viðurkennt og nauðsynlegur er til að tryggja örugga og rétta meðferð þeirra efna sem sótt er um notendaleyfi fyrir.

Lagt er til að notendaleyfi séu gefin út til tiltekins tíma í senn og gildi að hámarki í fimm ár og að heimilt verði að endurnýja leyfi til allt að fimm ára í senn að undangenginni skoðun Vinnueftirlits ríkisins á aðstöðu og búnaði umsækjanda. Notendaleyfi skal gefið út á einstakling og í því skal tilgreina þá hættuflokka sem leyfið nær til, notkunarsvið og þær takmarkanir sem um meðferð efnanna gilda. Heimilt er að binda notendaleyfi því skilyrði að aðstaða og/eða búnaður leyfishafa sé yfirfarinn reglulega af Vinnueftirliti ríkisins. Gerð er tillaga um að umsækjandi geri grein fyrir því til hvers hann hyggst nota viðkomandi efni og er Umhverfisstofnun heimilt að synja um útgáfu notendaleyfis fyrir tiltekinn hættuflokk ef stofnunin telur að umsækjandi geti notað hættuminni efni í störfum sínum með sama árangri. Til að auka öryggi er gengið út frá því að leyfishafi hafi notendaleyfi ávallt meðferðis við störf sín og við alla meðferð og kaup þeirra efna sem leyfið nær til. Þá er kveðið á um að Umhverfisstofnun geti áður en notendaleyfi er veitt óskað umsagnar fagaðila og stofnana um umsóknina.

Um 47. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að Umhverfisstofnun annist eftirlit með framkvæmd laganna og reglugerða settra samkvæmt þeim. Umhverfisstofnun mun því bera ábyrgð á að hafa eftirlit með að einstaklingar og lögaðilar fari eftir ákvæðum laganna og reglugerða. Umhverfisstofnun ákveður hvernig eftirlit skuli fara fram, að hverju það beinist og hverjum. Í því skyni á stofnunin að gera eftirlitsáætlun, sbr. 51. gr. frumvarpsins. Ein af meginskyldum Íslands við framkvæmd efnalöggjafar er að tryggja jafnræði á markaði, þ.e. að gerð sé sama krafa til allra fyrirtækja á landinu. Mikilvægt er að eftirlit sé unnið út frá mati á áhættu og að fjármagn sem varið er í efnaeftirlit verði nýtt sem best. Mikilvægt er að áhersla sé lögð á að hafa eftirlit með innflutningi og framleiðslu, þannig að hægt sé að draga úr efnaeftirliti í smásölu.

Með frumvarpinu er lagt til að Umhverfisstofnun komi upp hópi sérfræðinga sem hafi sérþekkingu á efnunum og efnablöndum og sinni stjórnábyrgð í málaflokknum og eftirliti með honum ásamt öðrum tengdum verkefnum. Þannig verði ávallt til staðar ákveðinn fjöldi sérfræðinga sem geti haft samræmt eftirlit á öllu landinu. Það er ákveðinn ávinningur í því að byggja upp samstæðan hóp sérfræðinga hjá einu stjórnvaldi sem sinni málaflokknum í stað þess að hafa sérþekkinguna skipta milli nokkurra stjórnvalda. Með því móti eru meiri líkur á að eftirlitið með málaflokknum verði markvissara og samræmt á öllu landinu.

Í 2. mgr. er lagt til að Umhverfisstofnun geti með samningi falið öðrum stjórnvöldum sértæk eftirlitsverkefni. Þá er einnig gert ráð fyrir að stofnunin geti falið faggiltum skoðunarstofum framkvæmd eftirlits. Greinin er sambærileg 5. mgr. 9. gr. laga nr. 45/2008, um efni og efnablöndur. Þrátt fyrir framangreint fyrirkomulag í 1. mgr. greinarinnar er gert ráð fyrir að Umhverfisstofnun geti falið öðrum stjórnvöldum eða faggiltum skoðunarstofum framkvæmd sértækra eftirlitsverkefna. Ætla má að tiltekin stjórnvöld eða faggiltar skoðunarstofur geti haft yfir að ráða sérþekkingu á tilteknum þáttum í efnavörueftirliti og í þeim tilvikum geti Umhverfisstofnun falið þeim tiltekin verkefni. Þá er gert ráð fyrir að hafi Umhverfisstofnun samið við önnur stjórnvöld eða faggiltar skoðunarstofur hafi stofnunin samt sem áður ein heimild til að beita þvingunarúrræðum og stjórnvaldssektum.

Í greininni er lagt til að önnur stjórnvöld og faggiltar skoðunarstofur hafi sömu heimildir til skoðunar og eftirlits og Umhverfisstofnun og til prófunar og rannsókna.

Í 4. mgr. er lagt til að heilbrigðisnefndum verði heimilt að gera samkomulag sín á milli um annað fyrirkomulag á skiptingu landsins í eftirlitssvæði en kemur fram í 11. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Með því móti getur tiltekin heilbrigðisnefnd tekið að sér að sjá um eftirlit með efnunum og efnablöndum á stærra svæði en hún þjónar vanalega.

Um 48. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að Umhverfisstofnun geti farið á hvern þann stað þar sem efni, efnablöndur og efni í hlutum eru til skoðunar og eftirlits. Til að Umhverfisstofnun geti sinnt því hlutverki sínu að hafa eftirlit með framkvæmd laganna þarf stofnunin að hafa heimild til að fara á hvern þann stað þar sem efni, efnablöndur eða hlutir sem innihalda efni er að finna. Ekki þykir rétt að takmarka þessa heimild Umhverfisstofnunar til dæmis við tiltekin fyrirtæki. Mikilvægt að skýrt sé að Umhverfisstofnun hafi skýra heimild til að fara á hvaða stað sem er til að kanna hvort farið sé eftir lögnum. Hins vegar verður í ljósi 71. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, að takmarka þessa heimild þegar um er að ræða íbúðarhús eða aðra þvílíka staði. Umhverfisstofnun er til dæmis heimilt að taka sýni, myndir eða ljósrita gögn.

Í 2. mgr. er lögð sú skylda á hvern þann sem hefur undir höndum efni, efnablöndu eða hlut sem inniheldur efni að veita endurgjaldslaust alla nauðsynlega aðstoð við eftirlitið, jafnframt að veita allar nauðsynlegar upplýsingar við eftirlitið og afhenda gögn sem stofnunin óskar eftir. Rétt er að taka fram að þetta á ekki við um almenning.

Lagt er til í 3. mgr. að Umhverfisstofnun sé heimilt að kalla til utanaðkomandi sérfræðing til ráðgjafar ef slíkt hefur þýðingu fyrir eftirlitið. Í ákveðnum tilvikum getur reynst þörf á ítarlegri sérfræðiþekkingu en eðlilegt er að Umhverfisstofnun hafi yfir að ráða og því er nauðsynlegt að stofnuninni sé heimilt að kalla til utanaðkomandi sérfræðing sér til ráðgjafar.

Loks er í 4. mgr. lagt til að lögð verði sú skylda á Umhverfisstofnun að birta á heimasíðu sinni upplýsingar um niðurstöður eftirlits og til hvaða úrræða stofnunin hefur gripið. Mikilvægt er að almenningur sem og lögaðilar séu upplýstir um til hvaða aðgerða Umhverfisstofnun hefur gripið til að tryggja framkvæmd laganna. Af þeim sökum er lagt til að þessar upplýsingar verði aðgengilegar á heimasíðu stofnunarinnar.

Um 49. gr.

Í greininni er fjallað um heimild Umhverfisstofnunar til prófunar og rannsókna. Lagt er til að ef Umhverfisstofnun fær ekki aðgang að upplýsingum um efni, efnablöndu eða hlut sem inniheldur efni beri hverjum þeim sem hefur slíkt undir höndum að afhenda endurgjaldslaust sýni af efni, efnablöndu eða hlut sem inniheldur efni sem talin eru nauðsynleg til þess að rannsaka og ákvarða hvort efnið, efnablandan eða hluturinn uppfylli kröfur laga þessara. Litið er svo á að þetta sé hluti af almennu eftirliti Umhverfisstofnunar þar sem gert er ráð fyrir tilteknum prófunum á efnunum eða ef tilefni er til í ákveðnum tilefnum. Gengið er út frá því að sýninu sé skilað til baka ef mögulegt er. Í 2. mgr. er kveðið á um að áður en rannsókn hefjist skuli sá sem hefur efnið, efnablönduna eða hlut sem inniheldur efni fá tækifæri til að koma til Umhverfisstofnunar upplýsingum um efnið, efnablönduna eða hlutinn sem inniheldur efni og á Umhverfisstofnun að veita hæfilegan frest í því skyni. Ef ekkert er athugavert greiddist kostnaður af ríkinu. Ef eitthvað er að þá mun kostnaðurinn greiðast af viðkomandi fyrirtæki og því er í 3. mgr. kveðið á um að þegar rannsakaðir eru eiginleikar eða samsetning eða einhver annar eiginleiki efnisins, efnablöndunnar og hlutarins skuli handhafi þeirra greiða fyrir rannsóknina. Loks skal Umhverfisstofnun upplýsa þann sem hafði undir höndum efnið, efnablönduna eða hlutinn sem innihélt efni um niðurstöður rannsóknarinnar.

Um 50. gr.

Í sérstökum eftirlitsverkefnum og í ákveðnum tilfellum getur verið þörf á að efnagreina efnablöndur eða hluti sem innihalda efni. Í því skyni að rannsaka og ákvarða hvort tiltekið efni, efnablanda eða hlutur sem inniheldur efni uppfylli kröfur laganna og reglugerða settra samkvæmt þeim er í greininni kveðið á um að Umhverfisstofnun sé heimilt að óska eftir sýni af viðkomandi efni, efnablöndu eða hlut sem inniheldur efni. Stikkprufur eru gerðar til að sannreyna hvort gefnar upplýsingar um innihald séu réttar. Sá sem hefur viðkomandi efni, efnablöndu eða hlut sem inniheldur efnið undir höndum ber að afhenda Umhverfisstofnun það endurgjaldslaust. Ef um er að ræða eftirlitsverkefni mun Umhverfisstofnun bera kostnað af efnagreiningu nema að í ljós komi að viðkomandi efnablanda eða hlutur uppfylli ekki ákvæði laganna.

Um 51. gr.

Í greininni er lagt til að til að tryggja yfirsýn og framkvæmd laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim skuli Umhverfisstofnun útbúa eftirlitsáætlun til þriggja ára í senn. Þá er áréttað að ákvæði upplýsingalaga og laga um upplýsingarétt um umhverfismál taka ekki til eftirlitsáætlunarinnar fyrr en að loknum gildistíma hennar. Eðlilegt er að framangreind áætlun sé skjál sem er undanþegið upplýsingarétti almennings þar til áætlunin hefur runnið sitt skeið. Verði áætlunin gerð opinber fyrir fram næst ekki fram tilætlaður árangur af eftirlitinu.

Lagt er til að eftirlitsáætlunin innihaldi yfirlit yfir sértæk eftirlitsverkefni sem unnin verða og lögð verði áhersla á öryggi almennings og umhverfisvernd. Þá skal jafnframt gera ráð fyrir tilteknum fjölda eftirlitsferða á hverju ári til verslana og heildsala sem selja efni og efnablöndur. Með þessu móti er til að mynda hægt að ákveða að eitt árið verði tiltekinn fjöldi efna tekinn fyrir og markaðssetning þeirra skoðuð. Það getur falið í sér eftirlitsferðir til heildsala sem og verslana sem selja efnin og athugun á því hvort framkvæmd sé í samræmi við lög. Þannig er einnig unnt að leggja áherslu á að tryggja öryggi almennings, m.a. með því að horfa einkum til hættulegra efna. Gert er einnig ráð fyrir að framkvæmt verði stikkprufu-eftirlit til að kanna efnainnihald í tilteknum efnum, efnablöndum eða hlutum sem innihalda efni. Umfang eftirlitsáætlunarinnar ræðst að einhverju leyti af því hvaða fjármunir renna til Umhverfisstofnunar úr ríkissjóði í verkefnið.

Þá skal Umhverfisstofnun fyrir 1. mars ár hvert gefa út skýrslu um niðurstöður eftirlits fyrir undangengið ár og birta á vefsetri sínu. Mikilvægt er að almenningur sem og lögaðilar séu upplýstir um til hvaða aðgerða Umhverfisstofnun hefur gripið til að tryggja framkvæmd laganna. Af þeim sökum er lagt til að þessar upplýsingar verði aðgengilegar á heimasíðu stofnunarinnar.

Um 52. gr.

Í greininni er lagt til að Umhverfisstofnun hafi heimild til þess að óska eftir upplýsingum frá tollyfirvöldum um magn efna, efnablandna og hluta sem innihalda efni sem og magn frá einstökum framleiðendum og innflytjendum vegna framleiðslu og innflutnings á efnum, efnablöndum og hlutum sem innihalda efni sem falla undir lög. Ákvæði tollalaga skulu ekki vera því til fyrirstöðu að tollstjóri veiti Umhverfisstofnun upplýsingar samkvæmt þessari grein.

Um 53. gr.

Í greininni er fjallað um gjald sem Umhverfisstofnun er heimilt að taka vegna verkefna sem leiðir af lögnum. Gerð er tillaga um að kostnaður við almennt eftirlit verði ákveðinn í fjárlögum, þ.e. tiltekinn fjöldi starfsmanna hjá Umhverfisstofnun og í eftirlitsverkefni. Allur kostnaður við eftirlit þegar eitthvað reynist vera ábótavant greiðist af viðkomandi fyrirtæki.

Í greininni eru tilgreind þau verkefni sem heimilt er að taka gjald fyrir. Gerð er tillaga um að ráðherra setji, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar, gjaldskrá fyrir veitta þjónustu, eftirlit og verkefni sem stofnuninni er falið að annast eða stofnunin tekur að sér samkvæmt lögum þessum. Upphæð gjalds skal taka mið af kostnaði við þjónustu og framkvæmd einstakra verkefna og skal byggð á rekstraráætlun þar sem þau atriði eru rökstudd sem ákvörðun gjalds byggist á og má gjaldið ekki vera hærra en sá kostnaður. Gjaldskrá skal birta í B-deild Stjórnartíðinda og má innheimta gjöld með fjárnámi.

Um 54. gr.

Í greininni er kveðið á um heimild Umhverfisstofnunar til að veita viðkomandi aðila áminningu til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögum. Í þeim tilvikum skal Umhverfisstofnun jafnframt veita hæfilegan frest til úrbóta ef þeirra er þörf.

Um 55. gr.

Í greininni er lagt til að Umhverfisstofnun geti lagt á dagsektir þegar aðili sinnir ekki fyrir mælum innan tiltekins frests þar til úr er bætt. Dagsektir skulu renna til ríkissjóðs og skal hámark þeirra vera 500.000 kr. á dag.

Um 56. gr.

Lagt er til að Umhverfisstofnun sé heimilt að takmarka markaðssetningu efnis, efnablöndu eða hlutar sem inniheldur efni sem uppfyllir ekki skilyrði laga þessara eða reglugerða settra samkvæmt þeim. Í þessu felst m.a. að Umhverfisstofnun getur tekið úr sölu eða dreifingu tiltekin efni, efnablöndur eða hluti sem innihalda efni þar til bætt hefur verið úr ágöllum. Þessi heimild er hugsuð fyrir þau tilvik þar sem unnt er að bæta úr ágöllum á efnum, efnablöndum eða hlutum sem innihalda efni. Með þessu móti getur Umhverfisstofnun til dæmis tekið úr sölu um stundarsakir vanmerкта vöru og veitt seljanda færi á að bæta úr ágöllum. Að því loknu getur varan farið aftur í sölu.

Um 57. gr.

Lagt er til að Umhverfisstofnun sé heimilt að stöðva markaðssetningu vöru sem ekki uppfyllir skilyrði laga þessara eða reglugerða settra samkvæmt þeim. Í þessu felst m.a. að Umhverfisstofnun getur tekið úr sölu eða dreifingu tiltekin efni, efnablöndur eða hluti sem innihalda efni varanlega og lagt hald á slíka vöru. Enn fremur er heimilt að krefjast þess að birgir fargi viðkomandi efni, efnablöndu eða hlut með öruggum hætti eða afturkalli vöruna eða geymi þar til bætt hefur verið úr ágöllum eða hættu afstýrt með viðunandi hætti.

Um 58. gr.

Lagt er til að ef þörf krefji geti Umhverfisstofnun leita aðstoðar lögreglu við framkvæmd þvingunarúrræða. Sama ákvæði er að finna í lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Um 59. gr.

Í greininni er lagt til að Umhverfisstofnun geti lagt hald á efni, efnablöndur eða hluti sem innihalda efni sem ekki uppfylla skilyrði laga þessara eða reglugerða settra samkvæmt þeim og fargað þeim á kostnað handhafa þeirra. Eðlilegt er að þegar í ljós kemur að tiltekin vara er ekki í samræmi við lög þessi sé markaðssetning hennar stöðvuð og komið í veg fyrir að varan fari aftur á markað. Því er lagt til að heimilt verði að taka ákvörðun um haldlagningu vörunnar og að henni verði fargað með viðeigandi hætti.

Um 60. gr.

Hér er kveðið á um heimildir Umhverfisstofnunar til að leggja stjórnvaldssektir á þann, hvort heldur einstakling eða lögaðila, sem brýtur gegn tilteknum bannákvæðum laganna eða ákvörðunum teknum samkvæmt þeim.

Við útfærslu ákvæðisins var m.a. höfð hliðsjón af 97. gr. laga nr. 56/2010, um váttryggingastarfsemi.

Um 61. gr.

Hér er lagt til að lögfest verði ákvæði er kveður á um rétt einstaklings til að fella ekki á sig sök við rannsókn á stjórnslustigi. Á meðan slíkt almennt ákvæði er ekki í stjórnslulögum þykir æskilegt að inntak réttarins verði lögfest í þessum lögum þar sem stjórnsluviðurlög, sem talist geta viðurlög við „refsiverðu broti“ í skilningi 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, liggja við brotum á lögunum.

Ákvæðið á aðeins við ef til staðar er „rökstuddur grunur“ um að viðkomandi hafi framið refsivert brot. Þykir eðlilegt að miða við að grunur yfirvalda sé svo sterkur að ástæða væri til að veita honum réttarstöðu grunaðs manns samkvæmt reglum opinbers réttarfars. Þannig verði að vera til staðar aðstæður eða sönnunargögn sem bendi til sektar viðkomandi og rannsókn að beinast að honum sérstaklega en ekki stærri hópi manna. Ef til staðar er rökstuddur grunur um að viðkomandi hafi framið refsivert brot er honum aðeins skylt að veita upplýsingar ef unnt er að útiloka að þær geti haft þýðingu fyrir ákvörðun um sekt hans. Væri honum því til dæmis skylt að veita upplýsingar um nafn sitt og heimilisfang.

Höfð var hliðsjón af 99. gr. laga nr. 56/2010 við útfærslu ákvæðisins.

Um 62. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að heimild Umhverfisstofnunar til að leggja á stjórnvaldssektir falli niður þegar fimm ár eru liðin frá því að háttsemi lauk.

Þá er í 2. mgr. kveðið á um að frestur skv. 1. mgr. rofni þegar Umhverfisstofnun tilkynnir aðila um upphaf rannsóknar á meintu broti. Höfð var hliðsjón af 100. gr. laga nr. 56/2010 við útfærslu ákvæðisins.

Um 63. gr.

Hér er lagt til að tiltekin brot gegn ákvæðum laganna verði lýst refsiverð. Eins og fram hefur komið taldi starfshópur sá sem vann að frumvarpi þessu rétt að marka þá stefnu í þessari heildarendurskoðun efnalaga að aðeins alvarlegustu brot á lögunum verði gerð refsiverð. Er ákvæði þetta í samræmi við þá stefnu. Í 2. mgr. er að finna ákvæði sem er samhljóða 26. gr. laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Um 64. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að brot gegn lögunum varði refsingu hvort heldur þau eru framin af ásetningi eða gáleysi.

Þá er í 2. mgr. kveðið á um að heimilt sé að gera upptækan með dómi beinan eða óbeinan hagnað sem hlotist hafi af broti gegn ákvæðum laganna.

Í 3. mgr. er lagt til að tilraun til brota og hlutdeild í brotum verði refsiverð.

Höfð var hliðsjón af 102. gr. laga nr. 56/2010, um váttryggingastarfsemi, við útfærslu ákvæðisins.

Um 65. gr.

Í greininni er kveðið á um kæru til lögreglu og var höfð hliðsjón af 102. gr. laga nr. 56/2010, um váttryggingastarfsemi, við útfærslu ákvæðisins. Lagt er til að Umhverfisstofnun sé heimilt að kæra brot til lögreglu.

Varði meint brot á lögum þessum bæði stjórnvaldssektum og refsingu metur Umhverfisstofnun hvort mál skuli kært til lögreglu eða því lokið með stjórnvaldsákvörðun hjá stofnuninni. Ef brot eru meiri háttar ber Umhverfisstofnun að vísa þeim til lögreglu. Umhverfisstofnun verði heimilt að láta lögreglu og ákærvaldi í té upplýsingar og gögn sem stofnunin hefur aflað og tengjast þeim tilgreindu brotum. Þá er Umhverfisstofnun heimilt að taka þátt í aðgerðum lögreglu sem varða rannsókn brotanna. Sama á við um lögreglu og ákærvald. Þeim er heimilt að láta Umhverfisstofnun í té upplýsingar og gögn sem þau hafa aflað og tengjast tilgreindum brotum. Loks er lagt til að telji ákærandi að ekki séu efni til málshöfundunar vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi sem jafnframt varðar stjórnsýsluviðurlögum þá getur hann sent eða endursent málið til Umhverfisstofnunar til meðferðar og ákvörðunar.

Um 66. gr.

Í greininni er lagt til að heimilt verði að kæra stjórnvaldsákvæðanir sem teknar eru á grundvelli laganna til umhverfisráðherra. Um kærurétt og málsmeðferð fari samkvæmt stjórnsýslulögum, nr. 37/1993.

Um 67. gr.

Í greininni eru taldar upp þær EB-gerðir sem lögum er ætlað að innleiða. Langflestar gerðanna hafa þegar verið innleiddar með lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, og lögum nr. 45/2008, um efni og efnablöndur. Lagastoð áður innleiddra EB-gerða mun þó verða í nýjum efnalögum. Gerð sem hefur ekki verið innleidd í íslenskan rétt og gert er ráð fyrir að frumvarp þetta innleiði varðar plöntuvarnarefni, þ.e. tilskipun 2009/128/EB frá 21. október 2009 um að koma á ramma fyrir aðgerðir Bandalagsins svo stuðla megi að sjálfbærri notkun varnarefna.

Í reglugerð (EB) nr. 1107/2009 um markaðssetningu plöntuvarnarefna og niðurfellingu tilskipana ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE verða virk efni metin með tilliti til áhættu þar sem ábyrgðin liggur hjá yfirvöldum í einstökum ríkjum eins og verið hefur. Efni sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytivaldandi eða skaðleg æxlun eða uppfylla skilyrði um þrávirkni, lífuppsöfnun og eiturhrif (PBT) eða trufla hormónajafnvægi verður ekki leyft að nota í plöntuvarnarefni. Að auki fara efni sem skaða tauga- eða ónæmiskerfi eða eru líkleg til að valda grunnvatnsmengun í ferli sem miðar að því að þeim verði skipt út í stað hættuminni efna. Kveðið er á um að leifar eða niðurbrotsefni einstakra innihaldsefna í plöntuvarnarefnum megi ekki valda skaða á umhverfi eða heilsu fólks, þ.m.t. neytendum plöntuafurða.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/128/EB frá 21. október 2009 um að koma á ramma fyrir aðgerðir Bandalagsins svo stuðla megi að sjálfbærri notkun varnarefna kveður á um að hvert ríki skuli semja framkvæmdaáætlun sem miðar að því að draga úr notkun varnarefna. Í áætluninni skal setja fram mælanleg markmið og tilgreina viðeigandi ráðstafanir. Við gerð áætlunarinnar skal veða og meta áhrif ráðstafananna á heilsu og umhverfi, félagslega og hagræna þætti. Áætlunin skal taka mið af ráðstöfunum sem ákveðnar eru á grundvelli vatnatilskipunarinnar 2000/60/EB. Tryggja skal rétt þátttöku almennings við gerð áætlunarinnar á grundvelli tilskipunar 2003/35/EB. Tilskipanirnar gilda um varnarefni, „pesticide“, sem er samheiti fyrir sæfiefni og plöntuvarnarefni, sbr. skilgreiningu í 3. gr. frumvarpsins. Sjá nánar VII. kafla frumvarpsins sem er til innleiðingar á þessum gerðum.

Um 68. gr.

Lagt er að ný efnalög öðlist gildi 1. janúar 2013 nema hvað varðar ákvæði um stjórnvaldssektir sem lagt er til að taki gildi 1. janúar 2014 þar sem tíma tekur að undirbúa þá fram-

kvæmd. Þá er einnig lagt til að reglugerðir sem settar hafa verið samkvæmt ákvæðum laga nr. 52/1988 og laga nr. 45/2008 haldi gildi sínu að svo miklu leyti sem þær samrýmist ákvæðum nýrra efnalaga.

Um 69. gr.

Í greininni er lögð til breyting á lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Mikilvægt er að styrkja eftirlit og því er lagt til að auk þess að ráðherra setji ákvæði um útgáfu og efni starfsleyfa á grundvelli 1. tölul. 4. gr. laganna geti hann einnig sett í reglugerð nánari ákvæði um eftirlit með atvinnurekstri sem fellur undir 4. gr. laganna.

Þá er lagt til að verslanir sem selja snyrtivörur og hættuleg efni séu einungis háðar eftirliti en þurfi ekki starfsleyfi heilbrigðisnefndar.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Ákvæðið varðar flokkun efna og efnablandna og merkingu og umbúðir efnablandna og er það sama ákvæði og er nú í lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, sbr. lög nr. 43/2011 um breytingu m.a. á þeim lögum. Í a-lið er lagt til ákvæði sem tryggji áframhaldandi lagastoð reglugerðar nr. 236/1990 sem gildir um efnablöndur til 1. júní 2015. Með setningu þessa bráðabirgðaákvæðis verður lagastoð fyrir ákvæðum reglugerðar nr. 236/1990, um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni, skýr hvað varðar skyldu til flokkunar og merkingar efnablandna, þar til reglugerðin fellur endanlega úr gildi 1. júní 2015. Í b–d-liðum eru lögð til ákvæði sem voru efnislega samhljóða 1. mgr. 9. gr., 1. mgr. 11. gr., 1. mgr. 12. gr. og 13. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni áður en þeim var breytt með áðurnefndum lögum nr. 43/2011. Er þetta nauðsynlegt í ljósi þess að ákvæði er varða skyldu til flokkunar, merkingar og umbúða efnablandna taka ekki gildi fyrr en 1. júní 2015. Er því áframhaldandi lagastoð fyrir eldri reglum er varða skyldu vegna efnablandna nauðsynleg þar til þær nýrri taka við.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Í ákvæðinu er kveðið á um að skráningar varnarefna samkvæmt ákvæðum laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, skuli halda gildi sínu þar til kveðið hefur verið á um markaðsleyfi fyrir þau í reglugerð, þar til nýjar reglur samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið um markaðsleyfi varnarefna hafa tekið gildi, þó lengst til 1. janúar 2017. Þetta er nauðsynlegt þar sem ákvæði um markaðsleyfi eru í evrópskri löggjöf sem er að taka gildi í áföngum.

Um ákvæði til bráðabirgða III.

Í ákvæðinu er kveðið á um að heimilt sé að gefa út bráðabirgðavottun skv. 42. gr. fyrir rekstrar- og þjónustuaðila og starfsmenn sem annast uppsetningu, viðhald, áfyllingu, lekaleit og aðra þjónustu vegna staðbundinna kæli- og varmadælukerfa, loftkælinga og staðbundinna slökkvikerfa sem innihalda flúoraðar gróðurhúsalofttegundir. Slík bráðabirgðavottun á ekki að gilda lengur en til 1. júlí 2013 og lagt er til að ráðherra gefi út reglugerð um skilyrði bráðabirgðavottunar. Þá er kveðið á um að heimilt sé að meta aðra menntun sem umsækjandi hefur sem jafngildi náms skv. 42. gr. og skuli slíkt mat fara fram fyrir 1. júlí 2013. Þetta er nauðsynlegt þar sem tíma tekur að koma á nauðsynlegri framkvæmd vegna flúoraðra gróðurhúsalofttegunda.

Fylgiskjal I.

Umhverfissráðuneyti:

Mat á áhrifum frumvarpsins á fjárhag sveitarfélaga skv. 129. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

Umhverfissráðuneytið hefur í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga metið forsendur kostnaðaráhrifa frumvarps til efnalaga. Megintilgangur frumvarpsins er annars vegar að tryggja að meðferð á efnum og efnablöndum valdi hvorki tjóni á heilsu manna og dýra né á umhverfi og hins vegar að tryggja frjálst flæði á efnum og efnablöndum á markaði. Þá er það markmið með frumvarpinu að koma í veg fyrir ólöglega markaðssetningu.

Í frumvarpinu er gerð grein fyrir hlutverki heilbrigðisnefnda sveitarfélaga sem verður m.a. að upplýsa almenning um hættu tengda notkun á efnum og efnablöndum þegar þörf er á til verndar heilsu eða umhverfi, hafa eftirlit með meðferð, notkun og merkingum efna í starfsleyfisskyldri starfsemi sem fellur undir heilbrigðisnefnd. Einnig skulu heilbrigðisnefndir sveitarfélaga upplýsa Umhverfisstofnun um þá þætti sem falla undir lög þessi og nefndin verður vör við í sambandi við eftirlit sitt. Skal upplýsingum skilað á þeim tíma og á þann hátt sem Umhverfisstofnun ákveður.

Einhver kostnaður mun falla til hjá sveitarfélögum vegna nýmæla í lögnum, en á móti kemur að efnaeftirlit er fært til Umhverfisstofnunar frá heilbrigðisnefndum sveitarfélaga og gæti það þýtt fækkun stöðugilda um 1,5 alls hjá sveitarfélögnum eða að kostnaður þeirra lækki um allt að 10 m.kr. Það er því sameiginlegt mat ráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga að ekki verði um kostnaðarauka að ræða hjá sveitarfélögum vegna frumvarpsins heldur muni kostnaður sveitarfélaga minnka vegna breytinganna.

Fylgiskjal II.

*Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:*

Umsögn um frumvarp til efnalaga.

Með frumvarpi þessu er lögð fram tillaga að nýrri og heildstæðri efnalöggjöf. Málaflokkurinn um efni og efnablöndur hefur vaxið undanfarin ár, m.a. með innleiðingu Evrópusambandsgerða, og talið er mikilvægt að færa íslenska löggjöf nær hinni evrópsku. Lög um eiturefni og hættuleg efni eru auk þess komin til ára sinna og þykja óþarflega flókin. Einnig hefur þótt ljóst að endurskoða þyrfti frá grunni eftirlits- og leyfisveitingakerfi vegna efna hér á landi. Til að samræma efnaeftirlit í landinu og gera það um leið hagkvæmara og markvissara er lagt til að umsjón með framkvæmd laganna verði alfarið hjá Umhverfisstofnun en í dag er framkvæmdin ýmist í höndum Umhverfisstofnunar eða heilbrigðisnefnda sveitarfélaga. Til að tryggja yfirsýn og framkvæmd laganna og reglugerða settra samkvæmt þeim er lagt til að Umhverfisstofnun útbúi eftirlitsáætlun til þriggja ára í senn um sértæk eftirlitsverkefni sem unnin verða með áherslu á öryggi almennings og umhverfisvernd og birti árlega skýrslu um niðurstöður eftirlits á undangengnu ári. Þá er í frumvarpinu skerpt á ákvæðum um viðurlög og þvingunarúrræði og bætt inn nýjum, m.a. um beitingu stjórnvaldssekta. Gert er ráð

fyrir að með lögfestingu frumvarpsins falli úr gildi lög nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, og lög nr. 45/2008, um efni og efnablöndur.

Þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu og einkum eru taldar hafa áhrif á kostnað ríkissjóðs felast í flutningi á umsjón með öllu efnavörueftirliti í landinu til Umhverfisstofnunar, þ.m.t. eftirliti sem heilbrigðisnefndir sveitarfélaga hafa haft með höndum til þessa, og styrkingu á framkvæmd eftirlitsins hjá stofnuninni. Talið er að í því skyni þurfi að bæta við þremur stöðugildum vegna eftirlits og einu stöðugildi lögfræðings og er áætlaður kostnaður vegna þess 30 m.kr. á ári. Tímabundinn kostnaður við uppfærslu tölvu- og hugbúnaðar að upplýsingakerfi tollstjóra er áætlaður 5 m.kr. Telja má að áhrif frumvarpsins á útgjöld stofnunarinnar verði að öðru leyti óveruleg og eðlilegt að þau verði látin rúmast innan gildandi fjárhagsramma. Í frumvarpinu er sérstaklega mælt fyrir um hlutverk Vinnueftirlits ríkisins, tollstjóra og Neytendastofu við framkvæmd laganna. Ekki verður séð að lögfesting frumvarpsins hafi í för með sér þær breytingar á lögboðnum starfsskyldum þessara aðila að leiði til teljandi breytinga á útgjöldum þeirra.

Frumvarpið er talið geta lækkað kostnað sveitarfélaga um allt að 10 m.kr. vegna fækkunar um 1,5 stöðugildi við heilbrigðiseftirlit, þó með þeim fyrirvara af hálfu sveitarfélaga að þar sem þau þurfi áfram að sinna eftirliti með merkingum efna sé líklegt að lækkun á kostnaði þeirra verði eitthvað minni.

Gert er ráð fyrir að frumvarpið, verði það að lögum, öðlist gildi 1. janúar árið 2013.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er reiknað með að útgjöld ríkissjóðs aukist um 35 m.kr. á fyrsta ári en 30 m.kr. á ári eftir það. Ekki er gert ráð fyrir þessum auknu útgjöldum í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2013 eða langtímaáætlun um ríkisfjármálin þar sem settur er bindandi útgjaldarammi á nafnvirði fyrir ríkið í heild og mun afkoma ríkissjóðs því að öðru óbreyttu verða lakari sem þeim nemur verði frumvarpið samþykkt.